BIRGITTA BIRGISDÓTTIR

Tekin föst af lestarvörðum með alvæpni

• á ferðinni • tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

FERMINGARGJAFIR

Hugmyndir að gjöfum sem hitta beint í mark

Sérblað um fermingargjafir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

24. mars 2010 — 70. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Ókeypis Eurovision-myndband

Hera Björk himinlifandi með óvænta gjöf nemenda Kvikmyndaskóla Íslands.

FÓLK 38

Uppátækjasamt apaskott

Kristín Arngrímsdóttir var ein fjögurra sem hlutu Fjöruverðlaunin á dögunum.

TÍMAMÓT 24

Líkamsárásin

„Nóg er víst til af vandamálunum og því ekki ástæða til að búa til enn fleiri“, skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 16

Sögulegt hjá Hamar

Hamarskonur tryggðu sér í gær í fyrsta skipti sæti í lokaúrslitum um Íslandsmeistartitilinn.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



STREKKINGUR NV-TIL Í dag verða víðast austan 8-13 m/s. Dálítil væta NV-til og skúrir við S-ströndina en annars úrkomulítið. Hiti 2-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

ENN EINN BRUNINN Í MIÐBÆNUM Allt tiltækt slökkvilið borgarinnar barðist við eld í Hafnarstræti 1 til 3 í gærmorgun. Eldsupptök eru ókunn en virðast hafa orðið á annarri hæð hússins, sem var reist fyrir 123 árum. **Sjá síðu 4.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kanna svigrúm til niðurfærslu skulda

Þingnefnd vill upplýsingar um svigrúm banka til afskrifta. Bankarnir hafa neitað að gefa upplýsingarnar og bera við bankaleynd. Þverpólitískur vilji er á Alþingi til þess að afskrifa skuldir heimilanna.

ALÞINGI Efnahags- og skattanefnd mun óska upplýsinga frá bönkum um hvert svigrúm fyrir niðurfærslu skulda almennings sé. Hingað til hafa bankarnir neitað að veita þessar upplýsingar og borið við bankaleynd. Nú á að láta reyna á þetta til fulls.

Nefndin tók málið fyrir á fundi sínum í gær og ljóst er að þverpólitísk samstaða er um það. Sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og fulltrúi í Hagsmunasamtökum heimilanna voru kallaðir fyrir nefndina.

„Það er fáránlegt að Alþingi hafi ekki í höndum greinargóðar upplýsingar um svigrúm bankanna til afskrifta á skuldum heimila,“ segir Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður nefndarinnar. Hann segir grundvallaratriði að þingið hafi þessar upplýsingar. „Það er alveg ljóst að svigrúmið er umtalsvert en mikilvægt er að fyrir liggi hve mikið það er, hvernig því verði ráðstafað og ekki síst að svigrúmið verði örugglega allt notað í þágu heimilanna.“

Ögmundur Jónasson situr í nefndinni fyrir hönd Vinstri grænna. Hann segir að þrýsta verði á banka og stofnanir um þessar upplýsingar. Allir beri ugg í brjósti vegna þess gríðarlega vanda sem steðji að heimilum og fyrirtækjum. „Þar má ekki gleyma því að eini aðilinn sem hefur verið varinn í þjóðfélaginu er lánveitandinn og það er fráleitt annað en að hann þurfi að axla einhvern hluta af hruninu.“

> Það er fáránlegt að Alþingi hafi ekki í höndum greinargóðar upplýsingar um svigrúm bankanna til afskrifta á skuldum heimila.
>
> **HELGI HJÖRVAR**
> ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR

Tryggvi Þór Herbertsson, einn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, segist vonast til að þetta verði heimilum til hagsbóta. Skort hafi á aðgerðir til að koma í veg fyrir að heimili fari í nauðasamninga. „Við leggjum upp með það núna að fara í almennar aðgerðir.“

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, situr í nefndinni. Hann segist fagna því sérstaklega að sátt sé að nást um að mæta skuldavanda heimilanna. „Það eru sérstök tíðindi að þingnefnd taki frumkvæðið. Við höfum beint þessu til ríkisstjórnarinnar, en samstarf þar hefur verið af skornum skammti.“

Þór Saari, fulltrúi Hreyfingarinnar, segir vilja fyrir því í þinginu núna að taka á málinu með afgerandi hætti. Sjálfur vill hann sjá lækkun höfuðstóls miðað við vísitölu í janúar 2008. **- kóp**

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknar, gleðst yfir nýjum anda við Austurvöll:

Þriðja jafnréttisskrefið stigið á þingi

ALÞINGI Ferskur blær kynjajafnréttis leikur um Alþingi og lýðræðislegri áherslur einkenna starfið. Þingið er farið að taka af skarið gagnvart framkvæmdavaldinu.

Þetta segir stjórnarandstæðingurinn Siv Friðleifsdóttir úr Framsókn, sem í gær fékk samþykkt frumvarp er fellir úr gildi undanþáguheimild til nektarsýninga. Nektardans er bannaður á Íslandi.

„Þetta er þriðja stóra skrefið sem er tekið á stuttum tíma. Það er ekki langt síðan við bönnuðum kaup á vændi, síðan voru samþykktir kynjakvótar fyrir stjórnir fyrirtækja, og nú þetta,“ segir Siv.

Að auki hafi ákvæðið um kynjakvóta verið sett inn af Alþingi, en fylgdi ekki upphaflegu frumvarpinu. „Þingið er að efla sig, að taka svona róttæka stefnu í jafnréttismálum,“ segir Siv.

Í gær var svo þetta frumvarp stjórnarandstæðings, upphaflega sett fram af Kolbrúnu Halldórsdóttur úr VG, samþykkt.

„Þetta sýnir lýðræðislegri áherslur á Alþingi. Við erum að sjá æ fleiri tillögur frá þingmönnum verða veruleika,“ segir Siv. **- kóþ / sjá síðu 2**

SPURNING DAGSINS

Vilhjálmur, gáfu stjórnvöld ykkur skötuselbita?

„Ég veit ekki hvað það var, en það var allavega vont.“

Samtök atvinnulífsins hafa brugðist ókvæða við nýjum lögum ríkisstjórnarinnar um aukinn skötuselskvóta. Vilhjálmur Egilsson er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Eigandi hafnfirsku styrjunnar kominn í leitirnar:

Styrjan úr tjörn við nálægt hús

FÓLK Eigandi styrju, sem fannst spriklandi í móa við Stekkjarhvamm í Hafnarfirði á dögunum og Fréttablaðið sagði frá, hefur gefið sig fram.

Fiskurinn kom úr tjörn við hús í Háahvammi, sem á lóð út að móanum þar sem Eva Dögg Steinarsdóttir Röver, 10 ára, var að leik og fann fiskinn. Hún telur að fugl hafi misst fiskinn úr goggi sínum ofan í móann.

„Ég er með stóra tjörn í garðinum og el þar fiska, gullfiska, koja og styrjur,“ segir Birgir Bjarnason, húseigandi við Háahvamm 3. Hann tók ekki strax eftir því að fiskurinn var horfinn og fréttirnar um fund Evu Daggar fóru fram hjá honum. „Ég tók eftir því einn daginn að tvær styrjur voru horfnar og fann ég aðra þeirra, hvíta styrju, og var hún þá dauð en hina fann ég ekki, þá svörtu, sem er trúlega sú á myndinni.“

GÁTAN LEYST Styrjan, sem Eva Dögg fann í móanum við heimili sitt, kom úr tjörn við hús í grenndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Birgir segir að sér sé hulin ráðgáta hvernig styrjurnar komust úr tjörninni, sem er tæpur metri á dýpt. „Þar að auki er strengt girni fyrir tjörnina til að varna því að fuglar, það er mávur, fari í tjörnina,“ segir Birgir. „Ég hef litla trú á því að köttur hafi veitt hana upp úr tjörninni án þess að éta hana nema þá mjög matvandur köttur.“ - pg

Tillaga um bann felld:

Má versla með ísbjarnaafurðir

KATAR, AP Tillaga um alþjóðlegt bann við verslun með ísbjarnarfeld, tennur og klær var felld á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um villt dýralíf.

Fulltrúar 175 ríkja mættu á ráðstefnuna. Bandaríkin voru í hópi þeirra sem lögðu tillöguna fram en meðal andstæðinga þess voru Kanada, Noregur og Grænland. Tillagan var felld með vísun í að slíkt bann myndi ganga nærri frumbyggjum, ástand ísbjarnarstofnsins væri ágætt og veiðarnar væru víðast hvar sjálfbærar. - bs

BRESKA ÞINGHÚSIÐ Mútumál skekur breskan þingheim nú um stundir.

Breskir þingmenn í vanda:

Tóku við mútufé gegn greiða

STJÓRNMÁL Breski Verkamannaflokkurinn rak í gær þrjá þingmenn úr þingflokki sínum sem allir eru fyrrverandi ráðherrar. Þeir gætu átt yfir höfði sér að verða reknir úr Verkamannaflokknum.

Þingmönnunum er gefið að sök að hafa þegið fé gegn því að greiða fyrir málum innan veggja þingsins.

Sjónvarpsmenn frá Channel 4 í Bretlandi tóku myndir af þingmönnunum með falinni myndavél þar sem fé var borið á þá gegn því að greiða götu ímyndaðra fyrirtækja. Þeir tóku allir við fénu, sem nam allt að fimm þúsund pundum, jafnvirði tæpri einni milljón króna. - jab

KAMRAR BRUNNU

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað að Esjurótum um klukkan hálftíu í gærkvöldi en kveikt hafði verið í útikömrum sem þar eru. Kamrarnir voru brunnir til ösku þegar bíll slökkviliðsins kom á vettvang og var slökkt í þeim glæðum sem enn lifðu. Ekki er vitað hverjir voru að verki.

Lýsa vantrausti á yfirstjórn lögreglunnar

Alvarlegur trúnaðarbrestur er milli yfirstjórnar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og lögreglumanna, að sögn formanns Lögreglufélags Reykjavíkur. Hann segir íþyngjandi stjórnunarhætti leiða til spennu og síðan veikinda.

LÖGGÆSLA Formaður Lögreglufélags Reykjavíkur, Arinbjörn Snorrason, hefur lýst því yfir að hann muni ekki sitja fleiri fundi með yfirstjórn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eins og hún er skipuð í dag. Þetta kom fram á fjölmennum félagsfundi LR í fyrradag. „Það er alvarlegur trúnaðarbrestur milli yfirstjórnarinnar og lögreglumanna,“ segir Arinbjörn. „Hún nýtur ekki trausts þeirra, þar sem hún hefur ekki staðið við orð sín gagnvart þeim. Stjórn LR hefur ítrekað fengið ábendingar frá félagsmönnum um að draga sig út úr öllum samskiptum við yfirstjórnina.

Svo er þessi agi í stjórnun, sem mönnum ekki hugnast. Þeim er haldið á tánum og gefið í skyn að standi þeir sig ekki verði þeim skipt út fyrir aðra. Við erum allt of fá, með allt of mörg verkefni og verðum samt að klára þau. Þetta snýst um að embættið líti vel út út á við,“ segir hann og bætir við að stjórnunarhættir yfirstjórnarinnar hafi byggt upp spennu sem komi fram í auknum veikindum.

Arinbjörn gagnrýnir nýtt vaktafyrirkomulag lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu sem hann segir lögreglumenn mjög óánægða með. Eftir að það var tekið upp hafi ítrekað komið fyrir að brotið hafi verið samkomulag lögregluembættisins við lögreglufélagið um lágmarksmönnun á vakt. Félagið ætli að leita til lögfræðinga vegna þess brots.

Spurður um í hverju yfirstjórnin hafi ekki staðið við orð sín nefnir Arinbjörn nýlegar ráðningar lögreglumanna. Hann segir lögreglustjóra hafa lýst því yfir að lausráðnir starfsmenn gengju fyrir. Reyndin hefði orðið sú að fjórir lausráðnir lögreglumenn hefðu ekki fengið ráðningu.

jss@frettabladid.is

LÖGREGLAN Valfrjáls vinnutími, sem tekinn var upp hjá LRH í sumar með öðrum skipulagsbreytingum, hefur valdið mikilli óánægju meðal lögreglumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Niðurskurður ekki vinsæll

„Það er mikill misskilningur að gefin hafi verið út loforð um að einhverjir tilteknir lögreglumenn myndu halda störfum sínum,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, um ummæli formanns Lögreglufélags Reykjavíkur þess efnis að yfirstjórn lögreglunnar hafi ekki staðið við orð sín hvað þetta atriði varðar.

„Ef stöður eru auglýstar lausar eru hæfustu umsækjendur hverju sinni valdir. Það væri óheimilt að gefa einhverjum forgang, sem sitja tímabundið í umræddum stöðum.“

Lögreglustjóri kveðst ekki kannast við agastjórnun þá sem formaður LR nefnir, hvorki á lögreglustöðvunum né annars staðar.

„Í aðalatriðum er þetta samhentur og góður hópur á öllum póstum hjá okkur,“ segir Stefán. „Við reynum hvað við getum að reka embættið vel, bæði faglega og fjárhagslega, innan þess ramma sem okkur er skammtaður. Við reynum hvað við getum að ná því saman því niðurskurður felur í sér lækkun launakostnaðar og fækkun starfsmanna og það er auðvitað ekki til vinsælda fallið.“

EKRON lokað:

Íbúar taka lokun mjög illa

SAMFÉLAGSMÁL Allt stefnir í að áfangaheimilinu EKRON í Reykjavík verði lokað um næstu mánaðamót, að sögn Hjalta Kjartanssonar framkvæmdastjóra. Hvorki hafa náðst samningar við ríki né sveitarfélög um áframhaldandi rekstur.

HJALTI KJARTANSSON

EKRON er endurhæfing og starfsþjálfun fyrir fólk sem er að koma úr áfengis- eða fíkniefnameðferð. Nú eru 75 manns í EKRON en um áramót hófu rúmlega tuttugu manns þaðan vinnu eða nám. Flest þeirra höfðu farið oft í meðferð áður en komist á réttan kjöl hjá EKRON. „Við erum byrjuð að undirbúa fólk undir að þessu verði lokað,“ segir Hjalti. „Það tekur því sannast sagna mjög illa.“ - jss

Stóriðjan vill ekki tilslökun:

Slá ekki af umhverfiskröfum

IÐNAÐUR Könnun sem Fréttablaðið birti í gær gefur til kynna að 58 prósent aðspurðra séu andsnúin tilslökun á umhverfiskröfum til að greiða fyrir stóriðjuframkvæmdum. Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, segir það undarlegt og gefa til kynna að stóriðjufyrirtækin séu að sækjast eftir slíku.

„Það er alrangt að stóriðjufyrirtækin séu að sækjast eftir tilslökunum á umhverfiskröfum. Þvert á móti hafa fyrirtækin á Íslandi lagt áherslu á að vera í fremstu röð í heiminum í umhverfismálum og að standast ítarlegar umhverfiskröfur,“ segir hann. - jab

Geiri á Goldfinger vill fá skaðabætur og draga sig svo í hlé:

Bannað að strippa á Íslandi

NEKTARDANS Bannað verður með lögum að bjóða upp á nektarsýningar eða gera út á nekt starfsmanna á skemmtistöðum eftir 1. júlí.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknar, var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. Hún segir mikla samstöðu á Alþingi um málið sem var samþykkt með 31 atkvæði en tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sátu hjá. Enginn greiddi atkvæði gegn frumvarpinu.

„Það er gleðilegt hve ferskur andblær er á Alþingi gagnvart jafnréttismálum þessa dagana,“ segir hún. Einnig sé skref stigið í átt til lýðræðis að þetta frumvarp stjórnarandstæðings hafi verið samþykkt.

Ásgeir Davíðsson rekur nektardansstaðinn Goldfinger. Hann segist skoða hvort grundvöllur sé fyrir skaðabótamáli gegn ríkinu.

„Ég er nú kominn á þann aldur að ég veit ekki hvort ég nenni að vera í þessu brölti lengur,“ segir hann. „Ég yrði fegnastur því ef þeir borguðu mér bara skaðabætur og ég myndi hætta þessu,“ segir hann.

Ásgeir telur lögin minna á reglur í ríkjum þar sem helst ekkert megi sjást í kvenfólk.

Siv segist ekki vita hvort rétt sé að Ísland sé fyrsta landið í Evrópu sem bannar strípidans.

„En það var sýnd nærgætni við lagasetninguna með því að stöðunum er veittur drjúgur tími til að laga sig að lögunum,“ segir hún. Allsherjarnefnd þingins telji ekki að lögin bjóði upp á skaðabótaskyldu. - kóþ

SÆL Á SÚLUNNI? Frá og með 1. júlí verður bannað að bjóða upp á nektarsýningar og gera út á nekt fólks með öðrum hætti á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ENNEMM / SÍA / NM41459

GENGIÐ 23.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,17	127,77
Sterlingspund	190,83	191,75
Evra	171,77	172,73
Dönsk króna	23,083	23,219
Norsk króna	21,336	21,462
Sænsk króna	17,629	17,733
Japanskt jen	1,4068	1,4150
SDR	193,83	194,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 227,5535

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Milljónatap Byggingafélagsins Kjalar vegna þjófnaðar í nýbyggingum í Norðlingaholti:

Hurðum og gluggum stolið í tugatali

LÖGREGLUMÁL Hátt í fimmtíu útidyrahurðum og gluggum er talið hafa verið stolið úr sex tveggja hæða íbúðum af níu í raðhúsalengju sem Byggingarfélagið Kjölur hefur verið að reisa með hléum við Elliðavað í Norðlingaholti síðastliðin þrjú ár.

Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri Kjalar, segir starfsmenn hafa tekið eftir stuldinum þegar þeir komu til starfa eftir vikufrí á mánudag.

Hann segir nokkra hljóta að hafa verið að verki, þeir verið vel tækjum búnir og með flutningabíl til að koma farminum á brott. Stærstu gluggarnir eru um tvö til þrjú hundruð kíló á þyngd, en þeir eru sérpantaðir rammar með umgjörð og gleri í og pantaðir eftir máli frá Danmörku. Fjóra menn þurfti til að koma stærstu gluggunum fyrir og skrúfa þá í veggi húsanna, að sögn Halldórs. Gluggar og hurðir í húsin öll voru keypt í fyrra og kostuðu þrettán milljónir króna.

Byggingarfélagið Kjölur var með framkvæmdalán frá Landsbankanum og Frjálsa fjárfestingarbankanum upp á 494 milljónir króna í lok árs 2007, þar af þriðjung í erlendri mynt. Halldór segir hafa verið samið við kröfuhafa um að koma húsunum í söluhæft ástand.

Árni Þór Sigfússon, aðstoðaryfirlögregluþjónn á lögreglustöð 4, segir málið í rannsókn. Skoða þurfi marga þætti. Meðal annars hvort nágrannar hafi tekið eftir mannaferðum við húsin. - jab

HÁLFKÖRUÐ HÚS Verktakinn Halldór stendur hér við húsin sem í vantar glugga og hurðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ERÓTÍSKUR DANS Klám og klámvæðing er til umræðu á opnum fundi í Þjóðminjasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Rætt um klám í Háskólanum:

Klám einkennist af ofbeldi

RÁÐSTEFNA Hinir ýmsir þættir klámmenningar og áhrifa þess í samfélaginu verða ræddir á vegum nokkurra sviða innan Háskóla Íslands á opnum umræðufundi í hádeginu í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands í dag.

Klámvæðing og klámmenning hefur aukist hér á landi. Með klámvæðingu er átt við að sífellt sé daðrað við táknmyndir og tilvísanir kláms í dægurefni og mörkum hins „eðlilega“ og leyfilega ögrað og þau víkkuð út. Andstaða gegn klámi byggist helst á þeirri mynd sem þar er dregin upp af konum og körlum og gjarnan byggð á ofbeldi, eins og segir í tilkynningu um fundinn. - jab

LEIÐRÉTTING

Ranglega var haft eftir Magnúsi Tuma Guðmundssyni, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, í Fréttablaðinu í gær um stærð svæðisins sem hraun úr gosinu við Fimmvörðuháls náði yfir. Hið rétta er að hraunflæðið þakti 0,4 ferkílómetra svæði.

Ranglega var farið með starfsheiti heimilisfólks í Fljótsdal í blaðinu í gær. Anna Runólfsdóttir og Þorkell Daníel Eiríksson eru bæði bændur þar.

ILLA FARIÐ Húsið er stórskemmt eftir eldinn og ekki liggur fyrir hvort þarf að rífa það. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eitt elsta hús bæjarins skemmdist í eldsvoða

Mildi þykir að eldur sem upp kom í bakhúsi við Hafnarstræti 1 til 3 náði ekki að læsa sig í sögufræg hús í kring. Húsið er stórskemmt. Eldsupptök eru ókunn.

BRUNI Bakhús við Hafnarstræti 1 til 3, sem hýsti skemmtistaðinn Batteríið, skemmdist mikið í eldi í fyrrinótt. Tjónið hleypur á tugmilljónum. Eldsupptök eru ókunn.

Tilkynning um eldinn barst á sjöunda tímanum í gærmorgun og var allt tiltækt slökkvilið sent á staðinn. Mest sinntu rúmlega 30 manns slökkvistarfinu, sem lauk um klukkan hálfátta. Slökkvilið var að störfum fram að hádegi.

Svo virðist sem eldurinn hafi kviknað á annarri hæð hússins og breiðst hratt út. Mikil mildi þykir að tekist hafi að koma í veg fyrir að eldurinn læsti sig í nálæg hús, sem mörg hver eru sögufræg, til dæmis svokallað Fálkahús og Kaffi Reykjavík.

Gaskútar voru í húsinu og sögðust sjónarvottar hafa heyrt sprengingar innan úr húsinu áður en slökkvilið kom á staðinn. Reykkafarar fóru síðan inn, gengu úr skugga um að enginn væri innandyra og fjarlægðu þá gaskúta sem eftir voru.

Húsið er sem áður segir illa farið eftir brunann og tjónið mikið. Það var nýverið endurbætt. Ekki liggur fyrir hvort hægt verði að lagfæra húsið eða hvort það verður rifið.

Lögregla rannsakar nú brunann.

stigur@frettabladid.is

Reist árið 1887

Bakhúsið við Hafnarstræti 1 til 3 er hluti af húsasamstæðu sem reist var á ofanverðri nítjándu öld af danska kaupmanninum Bryde. Bakhúsið var reist árið 1887 og notað sem pakkhús í fyrstu, að sögn Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings. Það stóð þá nánast á hafnarbakkanum.

Árið 1914 keypti Ó. Johnson og Kaaber húsið og nýtti sem kaffibrennslu. Síðar á öldinni var þar ýmis starfsemi, bæði verslanir og skemmtistaðir.

Eldgos við Fimmvörðuháls:

Vefmyndavélar vakta eldfjallið

ELDGOS Fjarskiptafyrirtækið Míla hefur sett upp tvær myndbandstökuvélar í nánd við gossvæðið á Fimmvörðuhálsi og opnað fyrir beina útsendingu í gegnum vefsíðu fyrirtækisins.

Önnur myndavélin er á mastri Mílu á Hvolsvelli. Hin er á Þórólfsfelli, norðanmegin við Eyjafjallajökul, nær gossvæðinu en vélin á Hvolsvelli, að því er fram kemur í tilkynningu.

Almenningur getur því fylgst með gosinu á vef Mílu á mila.is/eldgos.

Veður voru válynd þegar rýnt var í útsendinguna í gær svo lítið sást til jarðeldanna. - bj

KANNABISPLÖNTUR Lögregla rann á lyktina og fann ræktun og ýmislegt fleira í Rimahverfi.

Fjórir menn handteknir:

Ræktun, sverð og haglabyssa

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í Rimahverfi í Grafarvogi undir morgun aðfaranótt laugardagsins.

Um það bil tugur plantna var í ræktun á staðnum, auk þess sem plöntur voru til þurrkunar. Þá voru á staðnum fræ og annað sem notað er til framleiðslu kannabisefna. Haglabyssa fannst á staðnum svo og slatti af sverðum.

Fjórir menn voru handteknir og færðir til skýrslutöku á lögreglustöð. Þeir voru allir á fertugsaldri. - jss

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

MINNKANDI ÚRKOMA Síðdegis verður yfirleitt úrkomulítið á landinu en áfram smáskúrir syðra. Á morgun léttir til á suðvesturhorninu en annars staðar verður þungbúið og slydda norðaustantil. Svipað veður á föstudag en bætir í vind og kólnar.



HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	22°
Berlín	15°
Billund	9°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	20°
London	12°
Mallorca	18°
New York	14°
Orlando	26°
Ósló	2°
París	17°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

SKJÁR*EINN* FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA

SkjárEinn býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af uppáhaldsþættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

Veldu áskrift á skjareinn.is: **Skjáreinn** 2.200 kr. | **Barna** 500 kr. | **Skjáreinn + Barna** 2.700 kr.

ENNEMM / SÍA / NM40682

SkjárBíó VOD, SkjárFrelsi og SkjárHeimur er aðgengilegt um Sjónvarp Símans. Með Digital Ísland+ fæst aðgangur að SkjáEinum og SkjáFrelsi.

KJÖRKASSINN

Á að boða til kosninga sem fyrst?

Já	43,1
Nei	56,9

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt af Samtökum atvinnulífsins að slíta stöðugleikasáttmálanum?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Frumvarpið um skötuselinn kornið sem fyllti mælinn hjá SA:

Frumvarpið verður að víkja

STJÓRNMÁL Samtök atvinnulífsins (SA) hafa þá ófrávíkjanlegu kröfu að skötuselsfrumvarpið verði afturkallað eða fellt úr gildi. Annars verða þau ekki aðili að stöðugleikasáttmálanum á ný.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær lítur SA svo á að með lögunum hafi stjórnvöld vísað þeim út úr stöðugleikasáttmálanum. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur mótmælt þessu og segir samtökin hafa sagt sig frá samstarfi við stjórnvöld. Það sé ekki í þágu félagsmanna þeirra. Jóhanna hitti forystumenn samtakanna í gær, en ekkert kom út úr þeim fundi.

Á blaðamannafundi SA í gær kom fram að þó að skötuselsfrumvarpið væri frágangssök í því að verða aðili að sáttmálanum á ný, hefði það verið kornið sem fyllti mælinn. Fjöldi annarra atriða hafi staðið út af borðinu. Óásættanlegt sé að stjórnvöld hafi ekki efnt þau. **- kóp**

Helstu markmið

- Í lok árs 2010 verði verðbólga ekki yfir 2,5 prósentum.
- Halli hins opinbera verði ekki meiri en 10,5 prósent af vergri landsframleiðslu árið 2009.
- Gengi krónunnar styrkist og nálgist jafnvægisgengi.
- Vaxtamunur við evrusvæðið verði innan við 4 prósent.
- Skilyrði verði sköpuð fyrir aukinni fjárfestingu innlendra sem erlendra aðila.

*SAMKVÆMT SA

ÓSÁTTIR Vilmundur Jósefsson formaður og Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri segja ríkisstjórnina hafa vísað SA úr stöðugleikasáttmálanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fundu eiturlyf og peninga

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fann 300 grömm af amfetamíni og tvö hundruð þúsund krónur í peningum við leit í húsi við Laugaveg aðfaranótt laugardagsins. Peningarnir eru taldir vera ágóði af sölu fíkniefna. Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn við húsleitina en sleppt að lokinni yfirheyrslu.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þjófar á Suðurlandi

Rúmlega tuttugu þjófnaðar- og eignaspjallamál komu á borð lögreglu á Selfossi í síðustu viku; innbrot í sumarbústaði og þjófnaðir til dæmis á flatskjáum og hjólbörðum. Á síðustu tveimur vikum hafa um tíu menn verið handteknir vegna rannsókna á innbrotum og þjófnuðum í Árnessýslu og á höfuðborgarsvæðinu.

Óvissa um kvótann vegna skötusels

Skötuselslög vega að rótum kvótakerfisins. Grundvallaratriði varðandi andstöðu LÍÚ við lögin og stöðugleikasáttmála, segir framkvæmdastjóri LÍÚ. Andstæðingar kvótakerfis vilja að skötuselsreglan ráði úthlutun alls viðbótarkvóta.

FRÉTTASKÝRING

Hvers vegna kalla ný lög um skötusel á svo hörð viðbrögð frá atvinnulífinu?

SJÁVARÚTVEGUR Bráðabirgðaákvæði í nýjum lögum leyfir sjávarútvegsráðherra að auka veiðar á skötusel um allt að 2.000 tonn á ári næstu tvö ár. Vegna þessa er stöðugleikasáttmáli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda fallinn úr gildi. Undir kraumar ágreiningur um grundvöll fiskveiðistjórnarkerfisins.

Svokölluð aflahlutdeild hefur ráðið úthlutun allra aflaheimilda hér við land síðustu áratugi. Aflahlutdeildin er kjarni kvótakerfisins. Samkvæmt þeirri reglu skiptist allur kvóti hlutfallslega og án endurgjalds milli skipa sem eiga aflaheimildir fyrir. Hlutfall skipa í heildaraflanum á að haldast óbreytt milli ára. Skötuselslögin mæla fyrir um nýja aðferð. Útgerðir, sem eiga hlutdeild í þeim 2.500 tonna skötuselskvóta, sem úthlutað var í haust fá ekkert af viðbótarkvótanum í sinn hlut. Hlutur þeirra í heildinni skerðist þar sem ríkið mun selja viðbótarkvótann fyrir 120 krónur kílóið. Ríkið gæti haft 240 milljónir í tekjur af þeirri kvótasölu, ef ráðherrann nýtti heimild sína til fulls.

FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

JÓN BJARNASON

ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Andstæðingar kvótakerfisins telja að með skötuselslögunum sé áfanga náð í baráttu fyrir endurskoðun kerfisins. Ólína Þorvarðardóttir, Samfylkingu, segist vilja að viðbótarkvóta í öllum tegundum verði framvegis úthlutað með þessari skötuselsaðferð. „Fyrir þær aflahlutdeildir greiði útgerðin hóflegt gjald inn í sameiginlegan sjóð," segir hún. Tekjurnar eiga að nýtast í samfélagsleg verkefni.

Árið 2007 var þorskkvóti skertur umtalsvert í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Vonir standa til að ástand stofnsins batni og að hægt verði að auka kvótann á ný. Hvaða aðferð verður þá beitt við úthlutun á viðbótinni?

Núgildandi lög og yfirlýsing sjávarútvegsráðherra frá 2007 standa til þess að aflahlutdeild verði þar lögð til grundvallar. Útgerðin telur skötuselslögin skapa óvissu að þessu leyti.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir að barátta fyrir óbreyttu aflahlutdeildarkerfi ráði mestu um andstöðu samtakanna við skötuselslögin og stöðugleikasáttmálann. „Þetta er grundvallaratriðið og númer eitt, tvö og þrjú frá okkar hendi," segir Friðrik. Að auki sé nú búið að lögfesta heimild til að ofveiða einn fiskistofn um 80 prósent umfram ráðgjöf Hafró.

peturg@frettabladid.is

SKÖTUSELUR Andstæðingar kvótakerfisins telja skötuselslögin áfanga í baráttu fyrir endurskoðun þess. Myndin er tekin af uppskipun í Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Úr 350 kr. í 120 hvert kíló?

Í fyrradag seldust þrjú tonn af skötuselskvóta fyrir 350 krónur hvert kíló. Samkvæmt skötuselslögunum mun ríkið selja hvert kíló af viðbótarkvóta fyrir fast verð, 120 krónur hvert kíló.

Núgildandi kvóti í skötusel er 2.500 tonn. Það er sama magn og Hafrannsóknastofnun lagði til.

LÍÚ lagði til að kvóti ársins yrði 3.000 tonn, eða 500 tonn umfram ráðgjöf Hafró.

Í gær var búið að veiða rúm 2.100 tonn. Miðað við óbreyttan kvóta voru því innan við 400 tonn til ráðstöfunar þá fimm mánuði sem eftir eru af fiskveiðikerfinu. Fáir bátar gera út á skötusel. Mest af honum veiðist sem meðafli við aðrar botnfiskveiðar.

Nýju lögin veita ráðherra heimild til að úthluta allt að 2.000 tonna viðbótarkvóta af skötusel í ár og næsta ár.

Í umsögn til LÍÚ segir Hafró að svo mikil aukning myndi „að öllum líkindum leiða til þess að mjög gangi á uppvaxandi árganga og stofninn fari hratt minnkandi".

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur sagt að leitað verði álits Hafró um útgáfu viðbótarkvótans. Hann segir að allt frá 2003 hafi útgefinn kvóti verið að jafnaði um 30 prósent umfram ráðgjöf Hafró sem hafi þótt varfærinn miðað við í hve mikilli sókn skötuselsstofninn hefur verið. Fram hefur komið að líklega muni Jón leyfa veiðar á um 700 tonnum til viðbótar.

Tilvalinn við skrifborðið heima

N1

MUNDO
1118 HF384
Mundo Eagle
• Stillanlegt bak
• Stillanleg hæð
• PU áklæði
Tilboðsverð
22.990 kr.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 SÍMI 440 1000 WWW.N1.IS Meira í leiðinni

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

OFT ER AUGLÝST EFTIR BÓKARA!

Grunnnám í bókhaldi

Markmið námskeiðsins er að þjálfa fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvum.

108 stundir - Verð: 99.000.-
Verð fyrir atvinnulausa: 74.250.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 8. apríl.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Frumherji

Eineygður?

Góð lýsing er gulli betri í umferðinni. Öll ættum við að blikka ljóslausa og eineygða bíla sem við mætum í akstri. Með því móti gefum við til kynna að gleymst hafi að kveikja ljósin eða skipta þurfi um peru. Þannig hugsum við um hag allra vegfarenda. Auk ljósa skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. **Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.**

ENNEMM / SÍA / NM41434

Frumherji hf - sími 570 9000 - **Þjónustuver og tímapantanir 570 9090** - www.frumherji.is

THULE SWEDEN
Stilling 50 ára
Hjólafestingar
Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is
Stilling

LÖGIN UNDIRRITUÐ Um 32 milljónir ótryggðra Bandaríkjamanna fá sjúkratryggingar samkvæmt nýju lögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðamiklar umbætur

Ný lög um sjúkratryggingar eru viðamestu umbætur á bandaríska velferðarkerfinu síðan á 7. áratugnum. Dýrmætur sigur fyrir Obama, segir sérfræðingur um bandarísk stjórnmál. Fjármálakerfið og umhverfismál eru næst á dagskrá.

FRÉTTASKÝRING

Hvað þýða nýju bandarísku lögin um sjúkratryggingar?

BANDARÍKIN Nýsamþykkt lög um sjúkratryggingar eru viðamestu umbætur sem gerðar hafa verið á bandarísku velferðarkerfi síðan ríkistryggingakerfin Medicare og Medicaid voru sett á laggirnar í forsetatíð Lyndons B. Johnson árið 1965. Um 32 milljónir Bandaríkjamanna sem ekki njóta sjúkratryggingar fá úr því bætt þegar kerfið tekur gildi árið 2014.

Samþykkt laganna er dýrmætur sigur fyrir Barack Obama Bandaríkjaforseta enda hafa umbætur á heilbrigðiskerfinu verið ein af hans helstu baráttumálum.

MAGNÚS SVEINN HELGASON

Magnús Sveinn Helgason, sagnfræðingur og sérfræðingur í bandarískum stjórnmálum, bendir á að fyrir þremur árum hafi Obama sagt að fyrsta kjörtímabils hans yrði minnst fyrir það hvernig honum tækist til í þeim efnum.

„Allir helstu stjórnmálaskýrendur sem mark er takandi á eru sammála um að honum hafi tekist ætlunarverkið. Þetta er mikilvægur áfangasigur fyrir hann, ekki síst í ljósi þess að fyrir aðeins tveimur mánuðum var þetta talið búið spil; að repúblikönum hefði tekist að koma í veg fyrir frumvarpið, sem hefði verið mikið reiðarslag fyrir demókrata.“

Magnús Sveinn segir Obama nú hafa fengið þann meðbyr sem hann þarfnaðist til að ráðast í næstu mál.

„Næst á dagskrá verður að taka námslánakerfið í gegn. Það er nokkuð mikilvægt mál því í námslánakerfinu í Bandaríkjunum felast stórkostlegar niðurgreiðslur til einkabanka. Að taka námslánakerfið í gegn er því fyrsta skrefið í átt að umbótum á fjármálakerfinu. Í öðru lagi eru það umhverfismálin. Þau eru skemmra á veg komin en engu síður komin á dagskrá.“

bergsteinn@frettabladid.is

Lykilatriði laga um sjúkratryggingar í Bandaríkjunum

Hversu margir fá tryggingu? 32 milljónir Bandaríkjamanna sem ekki eru tryggðir nú. Stefnt er að því að kerfið taki gildi 2014. Um 95 prósent Bandaríkjamanna njóta þá sjúkratrygginga, samanborið við 83 prósent nú.

Skyldutrygging Frá og með 2014 þurfa nær allir Bandaríkjamenn að vera með sjúkratryggingu, ellegar greiða fésekt. Fátækir fá undanþágu frá sektum.

Umbætur á tryggingamarkaði Tryggingafyrirtækjum verður meinað að setja aldursþak á endurgreiðslur vegna líf- og sjúkdómatryggingar og neita að tryggja börn sem greinst hafa með sjúkdóm. Börn njóta trygginga foreldra sinna til 26 ára aldurs. Frá 2014 mega fyrirtæki ekki meina fólki sem greinst hefur með sjúkdóm um tryggingar eða rukka það um hærra gjald. Óheimilt verður að rukka konur um hærra iðgjald. Ótryggðir sem veikjast njóta bráðabirgðatryggingar til ársins 2014, þegar nýtt kerfi tekur gildi.

Tryggingar fyrir fátæka Ríkistryggingar fyrir fátæka (Medicaid) verða útvíkkaðar og ná til fólks með tekjur allt að 33 prósent yfir fátækramörkum (3,7 milljónir króna í árstekjur fyrir fjögurra manna fjölskyldu). Barnlausir, fullveðja einstaklingar fá í fyrsta sinn sjúkratryggingu árið 2014.

Skattar Frá og með 2018 nema skattar vegna sjúkratryggingar að minnsta kosti 1,3 milljónum króna á einstakling á ári og 3,5 milljónum króna á fjögurra manna fjölskyldu. Hærri skattur verður lagður á einstaklinga með yfir 25,5 milljónir í árslaun og hjón með yfir 32 milljónir króna í árslaun.

Lyfseðilsskyld lyf Smám saman stoppar í gat í kerfi Medicare sem bitnar á eldri borgurum, sem þurfa að kaupa lyf fyrir meira en 360 þúsund krónur á ári. Gatinu verður eytt 2020. Eldri borgarar munu enn greiða fjórðung af lyfjakostnaði, þar til stóráfallatrygging Medicare tekur gildi.

Fóstureyðingar Fóstureyðingar verða ekki niðurgreiddar með skattfé heldur þarf að greiða sérstakt gjald fyrir slíka tryggingu. Tryggingafyrirtækjum er ekki skylt að bjóða tryggingar sem greiða niður fóstureyðingar.

Samfylkingin

Aðalfundur Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ

Samfylkingin í Reykjanesbæ heldur aðalfund **miðvikudaginn 24. mars kl. 20** í fyrirlestrarsal Íþróttaakademíunnar við Krossmóa.

Dagskrá
- Hefðbundin aðalfundarstörf
  - Skýrsla stjórnar
  - Ársreikningar félagsins
  - Kosning stjórnar
- Framboðslisti Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar borinn upp
- Önnur mál

Stjórn Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

Þeir sem kunna að meta stuttar boðleiðir og skjóta ákvarðanatöku

...eru fljótastir að flytja sig til okkar.

Ágústa Finnbogadóttir, viðskiptastjóri Ármúla

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.
Þannig á banki að vera.

- Kreditkort
- Ávöxtun innlána
- Veltureikningur
- Fjármögnun
- Ábyrgðir
- Gjaldeyrisreikningar
- Erlend viðskipti
- Innheimtuþjónusta
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Netbanki & þjónustuver

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.
Kynntu þér málið á mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.

MP BANKI
Borgartúni 26 · Ármúla 13a


Leyuast
VINNINGAR
Á ÞÍNU HEIMILI
Prófaðu Heimaöryggi
– frítt í 2 mánuði –
án skuldbindingar.*
* Kynntu þér málið á oryggi.is
ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN
oryggi.is
570 2400

EU Sustainable Energy Week 2010

Fundur í tilefni af viku endurnýjanlegrar orku í Evrópu

Framlag Íslands til þróunar í endurnýjanlegri orku

25. mars 2010 | Grand Hótel | kl. 13:00 – 15:00

Allir velkomnir - dagskrá og skráning á www.een.is.

SUSTAINABLE ENERGY EUROPE

enterprise europe network

Aðstoð til árangurs

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

ALGJÖRLEGA ÚTILOKAÐ „Haukur vissi að hann væri að kalla á athygli með millifærslunni. Var maður með þekkingu og greind Hauks Þórs svo heimskur að haga sér þannig? Ég held að það sé algjörlega útilokað," sagði Gestur Jónsson fyrir rétti í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill Hauk í 4 ára fangelsi

Saksóknari krefst fjögurra ára fangelsisdóms í fyrsta málinu tengdu bankahruninu sem tekið er til dóms. Verjandinn segir málið valda sér heilabrotum.

DÓMSMÁL Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, krefst fjögurra ára fangelsisdóms yfir Hauki Þór Haraldssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landsbankans, sem ákærður er fyrir að draga sér 118 milljónir. Sækjandi og verjandi fluttu mál sitt fyrir dómi í gær.

Haukur færði fé af reikningi félagsins NBI Holdings 8. október 2008 inn á eigin reikning. Félagið var í eigu sjálfseignarsjóðs á Guernsey og hafði á árum áður verið notað af Landsbankanum til fjárfestinga. Haukur var prókúruhafi þess og eini Íslendingurinn í stjórn í seinni tíð.

Hann hefur sjálfur sagst hafa ætlað að bjarga fénu frá því að brenna upp í hruninu.

Helgi Magnús sagði að í miðju hruni hefðu verið „kjöraðstæður til að gera svona færslu án þess að nokkur tæki eftir henni". Ringulreiðin hafi verið mikil og illmögulegt að fylgjast með öllum fjármagnshreyfingum. Í því ljósi hafi áhættan af því að millifærslan kæmist upp ekki verið svo mikil að hún girti fyrir brotið, eins og verjandi Hauks hefur áður haldið fram.

„Er eitthvað grunsamlegra fyrir bankastarfsmann en að færa peninga viðskiptamanns inn á eigin reikning? Það hlýtur að hafa hrópað á hann að upplýsa samstarfsmenn sína um þetta," sagði Helgi Magnús. Það hafi Haukur hins vegar ekki gert. „Hann greindi engum frá þessu heldur lá á þessum millifærslum – þessu fé – í mánuð."

„Afstaða ákæruvaldsins í þessu máli hefur valdið mér nokkrum heilabrotum," sagði Gestur Jónsson, verjandi Hauks, og benti á það sem hann sagði grundvallaratriði í málinu: að Haukur hefði sem prókúruhafi haft fulla heimild til að millifæra féð að vild, og að ekkert benti til þess að hinn stjórnarmaður félagsins og eigandi þess, sjálfseignarsjóðurinn The 1886 Trust, hefðu nokkuð við millifærsluna að athuga. „Ef þeir gera enga athugasemd við það þá er mjög skrítið að Haukur skuli sæta ákæru fyrir fjárdrátt," sagði Gestur.

Þar fyrir utan hefði hann enga tilraun gert til að hylja slóð sína eða snerta á fénu þar sem það lá á sérgreindum bankareikningi hans.

stigur@frettabladid.is

Fyrsta málið tengt bankahruninu

Mál Hauks Þórs er fyrsta sakamálið tengt hruni bankanna sem ákært er fyrir og tekið til dóms. Sérstakur saksóknari hefur sem kunnugt er ekki enn gefið út neina ákæru.

Mál Hauks er þess eðlis að í raun hefði það átt heima á borði sérstaks saksóknara. Þangað fór það hins vegar ekki, vegna þess að þegar það kom upp í nóvember 2008 hafði embætti sérstaks saksóknara ekki verið stofnað.

Þegar embættinu var síðan komið á laggirnar í desember var rannsókn málsins þegar komin á skrið hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra og var ákveðið að torvelda ekki rannsóknina með því að flytja málið til.

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114-118
150 REYKJAVÍK

Sjúkratryggingar Íslands

Nú eru afsláttarkort og greiðsluskjöl rafræn

www.sjukra.is

Vissir þú...

+ ...að framvegis verða afsláttarkort og greiðsluskjöl frá Sjúkratryggingum Íslands rafræn?
+ ...að afsláttarkort og greiðsluskjöl eru send á þitt svæði í Réttindagátt Sjúkratrygginga Íslands?
+ ...að einnig er hægt að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu án afsláttar og fá endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands sem millifærð er inn á bankareikning?

Frekari upplýsingar:

+ www.sjukra.is
+ Þjónustumiðstöð, sími 515-0000
+ Sendu póst á sjukra@sjukra.is
+ Sýsluskrifstofa í þínu héraði

Áttu fyrir aukapoka?

Þegar þú kaupir inn geturðu keypt þurrmat og aðrar nauðsynjar og sett í aukapoka. Pokanum komum við svo í hendurnar á þeim sem þurfa á hjálp að halda.

Hér er tekið við aukapokanum:
Krónan í Reykjavík, Mosfellsbæ og Hafnarfirði
Nettó Mjódd, Hverafold, Akureyri, Reykjanesbæ og Grindavík
Bónus á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Fitjum Reykjanesbæ

Takk fyrir hjálpina!

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

30% AFSLÁTTUR

NÝTT BAÐ FYRIR PÁSKA

Eitt flottasta úrval landsins

Hvítt háglans 162 x 48 sm

122 FULNINGUR Hvítt 122 x 48 sm

til afgreiðslu af lager



HVÍTTUD EIK 92 x 48 sm



HLYNUR 120 x 48 sm

104 Hvítt 122 x 48 sm



DUCAL Eik/Háglans 80 x 48 sm

104 Epli 120 x 48 sm

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Eldgos á Fimmvörðuhálsi

Aðstreymi drjúgt í jöklinum:

Ekkert bendir til þess að gosi ljúki í bráð

Ekkert bendir til að gosinu í Eyjafjallajökli ljúki í bráð. Því þarf að vera á varðbergi gagnvart því að sprungan lengist eða gjósi á fleiri stöðum.

Mælingar sýna að fjallið hafi lítið brugðist við gosinu, sem bendir til þess að aðstreymi að neðan sé álíka og jafnvel meira en kvikan sem hefur komist upp á yfirborðið.

Þetta er mat Magnúsar Tuma Guðmundssonar, prófessors í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

„Á morgun [í dag] getum við vonandi áttað okkur betur á því hversu langt er þangað til hraunið kemst í Krossá," segir hann.

Vísindamenn komust ekki að gosinu í dag vegna veðurs en skjálftamælar benda til að ástandið sé svipað og það var í gær. Kvikan hefur verið efnagreind og er hún basísk og því talsvert ólík þeirri súru kviku sem kom upp í síðasta gosi í Eyjafjallajökli.

Magnús Tumi segir afar erfitt að spá fyrir um framhaldið.

Málin skýrist dag frá degi

Almannavarnir halda úti sólarhringsvakt vegna gossins og á að halda kynningarfund fyrir íbúa í nágrenninu í dag.

Búið er að skilgreina Þórsmörk, Fimmvörðuháls og Eyjafjallajökul sem lokuð hættusvæði. Einnig er hættusvæði í fimm kílómetra radíus frá eldstöðinni. - kóþ

SKRÍMSLIÐ ÞRUMAR Neðst á myndinni má sjá félaga úr Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur þeysast áfram á vélsleða. Eldhafið gnæfir í baksýn. MYNDIR/ÞORSTEINN GUNNARSSON

Polo® kostar aðeins frá

2.650.000 kr.**

*Miðað við Volkswagen Polo BlueMotion 1.2 TDI. CO^2 87 g/100 km. Verð 3.550.000 kr. Afgreiðslufrestur er 8-10 vikur.

** Miðað Volkswagen Polo 1.2 MPI. CO^2 128 g/100 km. Verð 2.650.000 kr. Reynsluakstursbíll á staðnum.

Eins og einhver væri fokreiður niðri

Eldgosið í Eyjafjallajökli hljómar í návígi eins og einhver sé mjög reiður ofan í jörðinni. Í þeim reiða heyrast ekki hvellir og sprengingar heldur kraumar í honum taktvisst. Lætin eru ótrúleg.

Svo segir Þorsteinn Gunnarsson vélsleðamaður sem telur sig hafa staðið, ásamt þremur félögum sínum í Flugbjörgunarsveit Reykjavíkur, í um tvö hundruð metra fjarlægð frá gosinu í gær.

„Þetta var stórfenglegt. Við fórum yfir jökulinn á sleðunum í engu skyggni og snarbrjáluðu veðri. Við vorum búnir að ákveða að snúa við en tókum samt einn kílómetra í viðbót. Veðurspáin hafði gert ráð fyrir góðu klukkutímagati um þetta leyti og það hafðist," segir Þorsteinn. Þeir fundu ágætt skjól.

Þorsteinn og félagar hafi svo nálgast gosið varlega og tekið sýni af öskufalli fyrir Raunvísindastofnun Háskólans. Að öðru leyti hafi þeir haldið sér í fjarlægð.

Í tilkynningu frá samhæfingarstöð almannavarna í gær segir að fólk sem fari inn á gossvæði sé þar á eigin ábyrgð og geti ekki endilega stólað á björgun. Ekki er því beinlínis bannað að fara þangað.

Þorsteinn segist ekki ráðleggja neinum að fara á svæðið nema þaulvönu fólki, sem fari vel undirbúið.

- kóþ

www.volkswagen.is

Svona kemst þú 100 km á 3,3l og losar aðeins 87g af CO^2

Nýr og flottur Volkswagen Polo hjálpar þér að spara og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við 100 km akstur losar Polo Bluemotion aðeins frá 87 grömmum af CO^2 og eyðir aðeins frá 3,3 lítrum af eldsneyti*. Komdu og prófaðu nýjan, stærri, betur búinn Polo. Betri fyrir þig og betri fyrir umhverfið.

Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

FRÉTTAVIÐTAL: Hvað líður aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins?

Vill umræðuna um ESB í heitu pottana

Hlutverk sendinefndar Evrópusambandsins (ESB) er að svara spurningum og aðstoða í aðildarferli Íslands. Dr. Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, segir mikilvægt að fólk ræði kosti og galla aðildar. Sagan sýni að smáríkjum farnist betur innan ESB en utan.

SENDIHERRANN Á SKRIFSTOFU SINNI Timo Summa hefur frá því í janúar verið sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, en hann hefur starfað innan sambandsins síðan 1995 og verið framkvæmdastjóri á sviði stækkunarmála síðan 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dr. Timo Summa, sem er nýskipaður sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, segist hafa saknað öflugri umræðu um kosti og galla aðildar að ESB þá 77 daga sem hann hefur verið hér við störf. „Fólk þarf að fá að kynna sér staðreyndirnar," segir hann og bendir á að þótt aðildarviðræðurnar sjálfar fari fram á borði sérfræðinga þá sé það almenningur sem á endanum þurfi að taka afstöðu til aðildar. „Þannig virkar lýðræðið, í gegnum opinskáa umræðu. Þegar maður fer í heita pottinn í sundlauginni þá er fólk ekki að ræða um ESB, heldur eitthvað annað. En það er mikilvægt að umræðan og átökin fái að eiga sér stað."

Grunnur að viðræðum lagður

Timo Summa flutti í gær erindi í Árnagarði í Háskóla Íslands þar sem hann fór yfir stækkunarstefnu ESB og aðildarferli Íslands. Þar tiltók hann meðal annars þá þætti vænt-anlegra aðildarsamninga sem þegar hafi verið fjallað um vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og þá þætti sem út af standa. Í spalli við Fréttablaðið kvað Summa allt hafa gengið vel hvað umsókn Íslands varðar hingað til. Vel hafi gengið að fá svör við þeim spurningum sem ESB lagði fyrir íslensk stjórnvöld og þær niðurstöður séu nú sá grunnur sem byggja megi á í komandi aðildarviðræðum.

„En núna horfum við fram á fyrstu smávægilegu töfina í þessu ferli," segir hann og vísar til þess að leiðtogaráð ESB taki ekki afstöðu til aðildarumsóknar Íslands í þessari viku líkt og áður hafi verið stefnt að. Það verði í staðinn gert á fundi ráðsins í júlí. Summa áréttar um leið að ástæða tafarinnar sé ekki af pólitískum toga, heldur hafi þýska þingið þurft meiri tíma til breyta reglum varðandi umboð til handa Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, áður en hún heldur til Brussel. „Stjórnmálaflokkar í Þýskalandi eru allir einhuga í stuðningi við aðild Íslands að Evrópusambandinu."

Smáríki hafa það gott í ESB

Töf á því að Ísland fái formlega stöðu umsóknarríkis þangað til í sumar segir Timo Summa ekki þurfa að lengja aðildarferlið. „Í millitíðinni starfa stjórnvöld hér áfram með embættismönnum sambandsins í Brussel að þeim málum sem taka þarf á. Þannig að þegar kemur að aðildarviðræðunum sjálfum þá verður búið að stytta þann lista umtalsvert."

Um leið leggur Summa áherslu á að aðildarviðræðurnar fái að taka þann tíma sem þurfi, ekkert liggi í raun á. Markmiðið sé að ná góðum samningum og erfitt að spá fyrir um hversu langan tíma það kunni að taka. Þá séu aðstæður í heiminum núna um margt einstakar í kjölfar efnahagsþrenginga og Evrópusambandið sýni því skilning. Þannig hafi skoðanakannanir fyrir hrun sýnt meirihlutastuðning við aðild að sambandinu, þótt það hafi nú breyst.

Þá telur Summa að þótt almenningsálitið kunni nú að vera litað af togstreitu tengdri Icesave-samningum við Breta og Hollendinga, þá sé ljóst hvað ESB varði að það mál sé algjörlega aðskilið aðild Íslands að ESB. Hann segist meðvitaður um að margir líti svo á að í Icesave-málinu ráðskist stór ríki með smáríkið Ísland, en bendir um leið á að reynsla smárra ríkja af veru í ESB sé góð. „Flest Evrópuríki eru smá, sum á stærð við Ísland, svo sem Malta og Lúxemborg.

> Skipulag sambandsins er mjög lýðræðislegt og tekur að fullu tillit til réttinda smærri ríkja.
>
> **TIMO SUMMA**
> SENDIHERRA ESB Á ÍSLANDI

Skipulag sambandsins er mjög lýðræðislegt og tekur að fullu tillit til réttinda smærri ríkja," segir hann og telur vandfundin dæmi um að gengið hafi verið á rétt smærri ríkja innan ESB.

Summa segir ljóst að stór mál standi út af í aðildarviðræðum þó svo að Ísland hafi þegar, í gegnum aðildina að Evrópska efnahagssambandinu, tekið upp marga þætti sem séu skilyrði aðildar. Þar megi nefna mál á borð við landbúnað, fiskveiðar, fjármálaþjónustu og umhverfismál sem taka þurfi á. Hann er þó bjartsýnn á að vel gangi og vísar meðal annars til góðrar reynslu Svía, Finna og Norðmanna (þótt þar hafi samningi verið hafnað) af samkomulagi við ESB í landbúnaðarmálum. „Hvar sem vandamál er að finna, þar er líka til lausn," segir Summa og bendir á að einnig þurfi að horfa til breytinga í landbúnaði, svo sem aukinnar áherslu á tengsl landbúnaðar og ferðamennsku. „Breytinga er þörf, en ESB getur stutt við landið í þeim breytingum."

Mannskepnan er íhaldssöm

Hvað fiskveiðar varðar segir Summa ljóst að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki séu samkeppnishæf og rekstrarumhverfi þeirra og fiskveiðistjórnun hér þróuð. „Um þetta eru ríki ESB meðvituð og þá staðreynd að kjósi landið að gerast aðili að sambandinu þá komi Ísland til með að leika lykilhlutverk í að móta reglur sambandsins um fiskveiðar." Aukinheldur telur Summa að þekking þeirra sem í íslenskum sjávarútvegi starfa, bæði í geiranum sjálfum og því rekstrarumhverfi sem fyrir hendi sé í Evrópu, geri að verkum að þeir þurfi ekki að óttast þær breytingar sem aðild að ESB kynni að hafa í för með sér. „Þegar þeir hafa fengið ráðrúm til að velta þessu betur fyrir sér sjá þeir betur þau tækifæri sem eru til staðar," segir Summa og bætir við að það sé í eðli mannskepnunnar að vera íhaldssöm þegar kemur að breytingum. „Og gildir þá einu hvort manneskjan er tveggja ára eða áttatíu og tveggja."

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
oka@frettabladid.is

Opnað verður útibú á Akureyri

Vonir standa til þess að á næstu vikum geti sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi flutt í nýtt húsnæði í miðbæ Reykjavíkur þar sem jafnframt verður komið á fót upplýsingamiðstöð fyrir gesti og gangandi. Timo Summa, sendiherra ESB, segir jafnframt standa til að opna útibú sendiskrifstofunnar á Akureyri.

„Við höfum lent í vandkvæðum við að finna hentugt húsnæði í Reykjavík," segir Summa, en húsnæðið þurfi að standast öryggiskröfur ESB, auk þess að geta hýst starfsemi sendinefndarinnar og upplýsingamiðstöð um ESB sem helst þurfi að vera hægt að ganga inn í af jarðhæð. „Þá viljum við vera í miðbænum þar sem aðgengi er gott og fólk, nemendur, fulltrúar félagasamtaka og jafnvel ferðamenn geta komið fótgangandi til að heimsækja okkur."

Summa segir að tekið hafi lengri tíma en gert hafi verið ráð fyrir að finna húsnæði, en þegar það mál leysist aukist heldur starfsemi sendinefndarinnar. Til dæmis þurfi að ráða fólk til að sinna kynningu í upplýsingamiðstöðinni.

Hlutverk sendinefndar ESB segir Summa fyrst og fremst vera að veita upplýsingar og kynna staðreyndir um sambandið og hvað aðild að því hafi í för með sér. „Síðan er það fólksins sjálfs að mynda sér skoðun," segir hann. Að auki segir hann nefndina stjórnvöldum innan handar, auk þess að veita hagsmunasamtökum, umhverfissamtökum og öðrum svör við spurningum sem upp kunni að koma. „Hlutverk sendinefndarinnar er að stórum hluta að liðka fyrir í aðildarferlinu og aðstoða við að tryggja að ákvarðanir verði teknar á grundvelli staðreynda og réttra upplýsinga."

KALDIR

15-20% AFSLÁTTUR

– auk tilboðsverða á völdum módelum kæli- og frystiskápa

Dagar

Opnar dyr að gæðum – á góðu verði!

TILBOÐSVERÐ Á AEG KÆLISKÁPUM OG FRYSTISKÁPUM

GERÐ	STÆRÐ	RÝMISSTÆRÐ	LITUR	LISTAVERÐ	TILBOÐ
AEG KÆLISKÁPAR / FRÍSTANDANDI					
SANTO 163 TK-48	85x55x61	122/18	Hvítur	78.900,-	***59.900,-***
SANTO 173 TK48	85x55x61	152	Hvítur	84.900,-	***72.165,-***
SANTO 25-KA78	125x55x62	231/18	Hvítur	94.900,-	***80.665,-***
SANTO 26-KA78	125x55x62	236	Hvítur	89.900,-	***76.415,-***
SANTO 70250 KA	140x60x63	243	Hvítur	132.900,-	***112.965,-***
SANTO 72308 KA78	160x60x63	291	Stál	199.900,-	***169.915,-***
SANTO 72390 KA	180x60x64	375	Hvítur	199.900,-	***169.915,-***
SANTO 72398 KA	180x60x64	335	Stál	234.900,-	***199.665,-***
SANTO 60290 KG	154x60x63	208/61	Hvítur	126.900,-	***107.865,-***
SANTO 70290 DT	160x60x63	221/69	Hvítur	146.900,-	***124.865,-***
SANTO 70298 DT	160x60x65	221/70	Stál	187.900,-	***159.715,-***
SANTO 70278 kg	166x60x63	176/86	stál	199.900,-	***159.900,-***
SANTO 60340 KG	175x60x63	223/92	Hvítur	146.900,-	***117.519,-***
SANTO 60346 KG	175x60x63	223/92	Stálgrár	169.900,-	***144.415,-***
SANTO 70366 KG	185x60x63	221/82	Stálgrár	199.900,-	***169.915,-***
SANTO 75380 KG	201x60x63	285/78	Hvítur	196.900,-	***167.365,-***
SANTO 75388 KG	201x60x63	285/78	Stál	274.900,-	***233.665,-***
AEG KÆLISKÁPAR / TIL INNBYGGINGAR					
SANTO K 91200-4I	122x55x55	228	Innb.	146.900,-	***124.865,-***
SANTO K 91240-7I	122x55x55	185/17	Innb.	148.900,-	***126.565,-***
SANTO K 81840-5I	177x54x55	267/35	Innb.	179.900,-	***152.915,-***
SANTO C 81844-5I	177x54x55	210/70	Innb.	174.900,-	***148.665,-***
SANTO C 81842-5I	177x54x55	210/70	2 pressur	174.900,-	***148.665,-***
AEG FRYSTISKÁPAR / FRÍSTANDANDI					
ARCTIS 70120 GS4	85x60x63	96	Hvítur	92.900,-	***78.965,-***
ARCTIS 60190 GS	140x60x63	160	Hvítur	149.900,-	***127.415,-***
ARCTIS 60220 GA	160x60x63	194	Hvítur	175.900,-	***149.515,-***
ARCTIS 75270 GA5	180x60x63	268	Hvítur	214.900,-	***176.715,-***
ARCTIS 75278 GA	180x60x63	215	Stál	243.900,-	***189.900,-***
AEG FRYSTISKÁPAR / TIL INNBYGGINGAR					
ARCTIS N 91250-4I	121x54x55	123	Innb:	211.900,-	***180.115,-***
ARCTIS G 91850-4I	177x54x55	208	Innb:	262.900,-	***223.465,-***

Sjá nánar á **www.ormsson.is**

KVIKA

KOMIÐ OG GERIÐ FIRNAGÓÐ KAUP!

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ábyrg umræða og ábyrg afstaða:

Hver vill leið B?

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

Enn er hver höndin komin upp á móti annarri í björgunarbátnum sem þjóðin velkist í eftir skipbrot stjórnarhátta undangenginna áratuga, hrun krónunnar og fjármálafyrirtækjanna. Síðasti afleikurinn í óhappasögu þessarar þjóðar er upphlaup Samtaka atvinnulífsins (SA) vegna þess að ríkisstjórnin fór ekki að vilja útvegsmanna við endurskoðun á úthlutun veiðiheimilda á skötusel. Samtökin segja ákvörðunina „kornið sem fyllti mælinn“ og hafa sagt sig frá stöðugleikasáttmálanum.

Kannski er það til marks um áhrifavald hagsmunaaðila í sjávarútvegi að látið skuli brjóta á jafnlitlu máli þegar að stöðugleikasáttmálanum kemur. Í röksemdafærslu SA á vef samtakanna í gær eru þó talin upp mörg dæmi þar sem ríkisstjórnin er sögð hafa farið á svig við umræddan sáttmála. Er því borið við að seinagangur hafi verið í atvinnumálum, skattahækkanir hafi verið úr takti við það sem ákveðið hafi verið, gjaldeyrishöft séu enn við lýði og í morgunútvarpi gærdagsins mátti heyra Vilhjálm Egilsson, framkvæmdastjóra SA, kalla enn eftir vaxtalækkun Seðlabankans.

Í huga leikmanns skýtur þó upp þeirri hugsun hvort ríkisstjórn landsins sé með þessu ekki ætlaðar fullmiklar sakir. Háir vextir og gjaldeyrishöft um ófyrirséða framtíð skrifast jú á þá óvissu sem ríkir vegna dráttar á lausn deilunnar um Icesave, sem aftur tefur efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Vandséð er að margir hafi lagst á árar með ríkisstjórninni í að leysa þau mál. Nú síðast var það þjóðin sjálf sem kaus yfir sig óbreytt ástand. Lítið virðist standa eftir af fullyrðingunni um hversu mikið einróma „nei“ myndi styrkja samningsstöðu landsins.

Núna ágerist líka umræða um að í skjóli gjaldeyrishafta þurfi ekki háa vexti til að styðja við gengi krónunnar. Vexti megi lækka strax og losa með því peninga til „góðra verka“. Skoðun þessi á hljómgrunn hjá hagsmunasamtökum jafnt sem í „villta vinstrinu“. Undirrituðum þykir hins vegar vanta að sögunni fylgi hvað gerist svo. Áæning af því mátti heyra hjá Má Guðmundssyni seðlabankastjóra við vaxtaákvörðun bankans 17. þessa mánaðar. Þar ræddi hann um leið „B“ í efnahagsmálum, sem verður æ líklegri eftir því sem lausn Icesave dregst. Leiðin felur í sér að hverfa verður frá efnahagsáætluninni sem unnin var í samvinnu við AGS. Hægt verður að lækka vexti bratt, en gjaldeyrishöftum verður haldið um ófyrirséða framtíð. Naumlega verði hægt að forða greiðsluþroti ríkisins í lok næsta árs og byrjun þess þarnæsta þar sem miklir gjalddagar erlendra lána bíða.

Er þá ósvarað spurningunni um það hvort segja verði upp samningnum um evrópska efnahagssvæðið þar sem kveðið er á um frjálst flæði fjármagns. Gjaldeyrishöftin eru látin viðgangast eins og er vegna þess að þau eru sett á í skjóli AGS. Óvíst er að höftin verði látin viðgangast verði horfið frá samstarfi við sjóðinn. Sömuleiðis verður að velta fyrir sér viðhorfi umheimsins til landsins sem neitar að greiða skuldir sínar við Breta og Hollendinga.

Eitt er að stjórna og reyna að taka ábyrgar ákvarðanir og annað að hrópa ábyrgðarlaust á vanhugsuð úrræði. Hvaða framtíð sjá þeir fyrir sér landi og þjóð til handa sem hvað ötulastir eru í hlutverki gagnrýnenda? Má biðja um svör sett fram í fullri alvöru?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skapandi hugsun

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er frekar jákvæður fyrir komu hernaðarfyrirtækisins E.C.A. til Íslands. Honum finnst líka „langt til seilst“ að halda því fram að fyrirtæki sem hefur það að starfa að þjálfa hersveitir sé „í hernaðarbrölti“. Bjarni sagði í Fréttablaðinu í gær: „Við erum sjálf að reka hér Varnarmálastofnun sem rekur eftirlit með lofthelginni á Norður-Atlantshafi og kemur upplýsingum og merkjum til hinna NATO-ríkjanna. Með skapandi hugsun mætti segja að þar með værum við komin í hernaðarbrölt, sem við erum ekki, frekar en þetta félag.“

Að láta hugann reika

Já, það þarf fjörugt ímyndunarafl til að tengja saman þátttöku í og samstarf við hernaðarbandalag sem einhvers konar hernaðarbrölt. Þetta er svona eins og að halda því fram að það að klæða sig í stuttbuxur og sparka bolta á milli tveggja stanga á grasbala eigi eitthvað skylt við fótbolta.

Kom á óvart

Skömmu fyrir áramót sendu Samtök atvinnulífsins frá sér tilkynningu þar sem þau sögðu að fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, svonefnd skötuselslög, brytu í bága við stöðugleikasáttmálann. Í bréfi til forsætisráðherra 22. febrúar bættu samtökin um betur og sögðu lögin jafngilda uppsögn stöðugleikasáttmálans. Sú skoðun var ítrekuð í bréfi á mánudag. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að þessi viðbrögð hafi komið sér á óvart. Hve mörg bréf hefðu Samtök atvinnulífsins þurft að senda?

bergsteinn@frettabladid.is

Líkamsárásin

EINAR MÁR JÓNSSON
Í DAG | Kinnhestar og blæjur

Þetta gerðist fyrir skömmu í framhaldsskóla í úthverfi skammt fyrir vestan París. Kennslukonan ætlaði að fara að tala við bekkinn um gamanleiki og slíkt, en þá datt henni í hug að spyrja nemendurna um það hvað þeim fyndist sjálfum vera fyndið, hvers konar gamansögur þeir segðu sín á milli. Nemendurnir urðu hissa andartak, litu hver á annan, og sögðu svo allir einum rómi: „Jússef, segðu nú eina sögu!“ Jússef hikaði og lét ganga á eftir sér, en svo kom sagan:

„Það var fyrsti skóladagurinn og kennarinn spurði lítinn dreng „hvað heitir þú?“ og drengurinn svaraði: „ég heiti Múhameð“.

„Nei“, sagði kennarinn, „þú heitir ekki Múhameð. Nú býrðu í Frakklandi og nú heitirðu Roger“.

Svo leið skóladagurinn, drengurinn fór heim til sín, og mamma hans spurði: „hvernig var í skólanum, Múhameð litli?“

„Nú heiti ég ekki lengur Múhameð“, sagði hann. „Nú búum við í Frakklandi og ég heiti Roger.“ Og það skipti engum togum, mamman rak syni sínum glymjandi löðrung.

Skömmu síðar kom pabbinn heim og spurði drenginn sömu spurningar: „hvernig var í skólanum, Múhameð litli?“ Og hann fékk sama svar og aftur fékk sonurinn löðrung.

Þegar drengurinn kom í skólann daginn eftir spurði kennarinn: „hvernig líður þér í dag, Roger litli?“ Og drengurinn svaraði: „Mér líður illa. Ég var ekki fyrr kominn heim til mín í gær en það réðust á mig tveir Arabar“.

Og bekkurinn veltist um af hlátri yfir sögu Jússefs.

Um það leyti sem þessi saga var sögð í framhaldsskólanum var kosningabarátta fyrir héraðsstjórnarkosningar að hefjast í Frakklandi og þá gerðist sitthvað sem var ekki alveg eins spaugilegt. Þegar farið var að birta framboðslista heyrðist skyndilega hvellur: það fréttist sem sé að trotskíistar einhvers staðar í Suður-Frakklandi hefðu sett á sinn lista unga konu af marokkóskum uppruna sem væri með „blæju“. Þetta þótti óskaplegt hneyksli, að sjálfir trotskíistarnir skyldu bjóða fram konu sem spókaði sig á almannafæri, jafnvel á framboðsfundum, með þetta skelfilega tákn hjátrúar, ofstækis og kvennakúgunar, ef ekki hryðjuverka.

Konan fékk þó stuðning, en hann kom úr hinni óvæntustu átt, frá sjálfum höfuðpaurnum Le Pen, forsprakka þeirra sem eru allra lengst til hægri. „Það sést vel í andlit konunnar“, sagði hann, „og það eitt skiptir máli. Annað er ekki nema smá sérviska í klæðaburði.“ Það hefur löngum verið leynivopn Le Pen, að stundum segir hann sitthvað sem liggur alveg í augum uppi og heilbrigð skynsemi gefur til kynna en ríkjandi réttrúnaður bannar að sagt sé. Því svo fór pressan að birta myndir af konunni og þá kom í ljós að „blæjan“ var ekki annað en lítil og einkar smekkleg skupla af því tagi sem íslenskar mjaltastúlkur hafa löngum borið. Einnig voru höfð viðtöl við frambjóðandann og virtist hún ekki síðri kvenréttindakona en hvaða trotskíisti annar, og reyndar margir fleiri en þeir. En látunum linnti ekki við það, blöðin birtu greinar og yfirlýsingar með röðum af undirskriftum þar sem menn viðruðu stöðugt hneykslun sína. Einnig létu merkingarfræðingar og táknfræðingar ljós sitt skína, og þeir sögðu: andlitsblæja er trúarlegt tákn og höfuðdúkurinn er það einnig, þarafleiðandi er höfuðdúkurinn „blæja“.

Við þessu var ekkert að segja. En svo féllu þessar umræður í skuggann fyrir öðru. Frambjóðendur stjórnarflokksins einhvers staðar í Norður-Frakklandi tóku að básúna í öllum fjölmiðlum að efsti maður á lista sósíalista í sama kjördæmi, Ali nokkur Soumaré, upprunninn frá Senegal, væri margdæmdur glæpamaður; heimtuðu þeir að sósíalistar drægju hann til baka og bæðust afsökunar. Þegar farið var að athuga málið kom í ljós að téður Ali hafði einhvern tíma fyrir mjög mörgum árum fengið að gista í steininum fyrir bernskubrek, sem hann var ekkert að draga fjöður yfir, en öðrum sökum neitaði hann sem von var, andstæðingar hans höfðu farið mannavilt, það var einhver allt annar Ali Soumaré sem hafði lent í kasti við lögin. Nú gerist það vafalaust á bestu bæjum að menn villist á Ali og Ali, en margir spurðu: hefði einhver farið að leita logandi ljósi í sakaskrám – sem hann átti reyndar ekki að hafa aðgang að – ef frambjóðandinn hefði ekki verið þeldökkur maður í úthverfi?

Nóg er víst til af vandamálunum og því ekki ástæða til að búa til enn fleiri. Því er það fagnaðarefni, ef menn geta söðlað arabíska kinnhesta og hlegið að öllu saman.

Kynþáttahatur á netinu

UMRÆÐAN
Baldur Kristjánsson skrifar um kynþáttamisrétti

BALDUR KRISTJÁNSSON

Í ávarpi sínu, í tilefni af Alþjóðadegi baráttu gegn kynþáttamisrétti 21. mars, lögðu mannréttindanefndir Evrópuráðsins og Evrópusambandsins áherslu á baráttu gegn dreifingu kynþáttahaturs á veraldarvefnum. Varað er við því að kynþáttahatarar hafi tekið netið í þjónustu sína þar sem þeir breiði út óhuggulegan boðskap sinn sem nái þar einkum til ungs fólks. Við þessu verði að bregðast af krafti.

Okkur hefur lengi verið ljós hættan á orðræðu á netinu sem kyndir undir hatur á öðru fólki og nefndir okkar hafa reynt að bregðast við, segir í sameiginlegu ávarpi. ECRI, nefnd Evrópuráðsins, hefur áður lagt línurnar um hvernig hægt sé að berjast gegn kynþáttahatri á netinu bæði með löggjöf og uppfræðslu.

Til þess að ná árangri þurfi að lögsækja þá er að slíku standa. Það þurfi að þjálfa lögreglumenn og saksóknara til þess að rekja efni á vefnum og finna leiðir til þess að ákæra. Yfirvöld þurfa að huga að löggjöfinni og ríki þurfa að hafa samstarf sín á milli. Sérstaklega þarf að huga að því að ung börn liggi ekki flöt fyrir þessum mannfjandsamlega áróðri. Þá eru stjórnvöld hvött til þess að gefa gaum og kanna umfang kynþáttahatursáróðurs og gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að bregðast við.

Kynþáttahatur og kynþáttafordómar leiða til ofbeldis og misréttis. Markmið okkar er að skapa samfélag þar sem slíkt þekkist ekki þar sem allir sitja við sama borð án tillits til uppruna, litarháttar eða trúar eða nokkurs slíks.

Íslensk stjórnvöld ættu að íhuga alvarlega, taka þá áskorun ECRI alvarlega, að staðfesta viðauka nr. 12 við mannréttindasáttmála Evrópu en Ísland er í hópi Evrópuríkja sem hafa samþykkt hann en ekki staðfest. Innleiðing sáttmálans auðveldar alla baráttu fyrir hvers konar misrétti.

Höfundur er tilnefndur af íslenskum stjórnvöldum í sérfræðingaefnd ECRI og var varaforseti nefndarinnar um þriggja ára skeið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

AMD TÖLVUTILBOÐ

AMD TÖLVUPAKKI 2
- CoolerMaster Elite turn
- AMD Athlon II X240 2,8GHz DualCore örgjörvi
- 2GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 640GB SATA II WD diskur
- MSI ATI Radeon HD4200 skjákort
- Philips 201E1SB 20" LCD breiðskjár
- Windows 7 Home Premium

129.950

FLAKKARI

TOSHIBA

Toshiba StorE Art 1.5TB
USB 2 ferðahýsing með 3.5" harðdisk, tilbúinn til notkunar.

25.950

LEIKJAMÚS

Ace Laser Gaming
Sex hnappa laser leikjamús með 1600dpi upplausn.

4.450

LEIKJATÓL

ACE DX580
Lokuð heyrnatól með styrkstillingu á snúru og hljóðnema.

4.450

HÁTALARAKERFI

Philips SPA1312
20w RMS hátalarakerfi með 2 hátölurum og bassaboxi með Analogue Bass Boost og Bass reflex.

PHILIPS **8.950**

ÞRÁÐLAUST

Logitech Pro 2800
Þráðlaust lyklaborð með multimedia flýtihnöppum. Þráðlaus geislamús fylgir.

10.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

UNITED

720/1080i

HDMI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

640GB WD

24.950

LCD BREIÐSKJÁR

24 Philips 241E1SB
24" LCD breiðskjár með 1920x1080p uppl., 25000:1 skerpu, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI ofl.

PHILIPS **46.950**

LEIKJATURN

COOLER MASTER

AMD tölva 3
Athlon II 250 3,0GHz
4GB DUAL DDR3 1333MHz minni, 640GB SATA2 WD harðdiskur, Geforce N220GT 1GB skjákort, 22X +/- DVD skrifari , 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort, Windows 7 Home Premium ofl.

119.950

TOSHIBA FARTÖLVA

Toshiba Satellite Pro U400-24H
- 2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz minni
- 250GB diskur
- 13,3" TFT WXGA breiðskjár
- Intel GMA 4500MHD skjákort
- Vefmyndavél
- DVD / CD skrifari
- Windows Vista Business / XP Pro

99.950

acer FARTÖLVA

Acer Aspire 5542G-304G50MN
- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core örgjörvi
- 4GB DDR2 minni
- 500GB diskur
- 15.6" WXGA breiðskjár
- 512MB ATI Radeon HD 4200 PCI-Express skjákort með HyperMemory
- Vefmyndavél
- Talnaborð
- DVD / CD skrifari
- Windows 7 Home Premium stýrikerfi ofl.

117.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

Seðlabankinn á að framkvæma, ekki vara við

UMRÆÐAN
Gunnar Axel Axelsson skrifar um hlutverk Seðlabankans

GUNNAR AXEL AXELSSON

Árið 2004 fóru áhyggjur af vexti bankanna og skuldasöfnun erlendis vaxandi. Í ræðu á ársfundi Seðlabankans það ár nefndi forsætisráðherra að bankinn hefði gert athugasemdir vegna þessa enda gæti lánshæfiseinkunn Íslands lækkað. Hann bætti við: „En ef ekki dregur úr skuldsetningunni [...] hljóta forystumenn Seðlabankans að velta fyrir sér til hvaða aðgerða skuli grípa, þannig að ekki horfi til vandræða. Áminningarnótan er ekki plagg sem bankinn sendir til þess að vísa í, ef illa fer, og firra sig þar með ábyrgð."

Ráðherra gekk út frá frumkvæði Seðlabankans gegn ofvexti og skuldasöfnun bankanna og áréttaði það síðar: „Þýðingarmest er að stjórnendur bankanna sjái þetta sjálfir og ekki þurfi að koma til aðgerða Seðlabanka. En á hinn bóginn má enginn vafi ríkja um að Seðlabankinn tekur fast á málum ef ekki er farið að vinsamlegum tilmælum, sem hann sendir frá sér."

Ábyrgð á fjármálastöðugleika

Þessi skilningur Davíðs Oddssonar þáverandi forsætisráðherra rímar við lög, samþykktir og samstarfssamninga sem fjalla ekki um skyldu til viðvarana heldur aðgerða.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Seðlabankann frá 2001 segir: „Áherslan á virkt og öruggt fjármálakerfi er í samræmi við þá auknu áherslu sem lögð er á það í seðlabönkum flestra landa að stuðla að öryggi fjármálakerfisins, þ.e. að tryggja fjármálastöðugleika. Þetta er vaxandi viðfangsefni í Seðlabanka Íslands og nauðsynlegt þykir að kveða sérstaklega á um það í lögunum."

Við setningu laganna var áhersla lögð á sjálfstæði Seðlabankans. Sú kvöð að leita samþykkis ráðherra fyrir beitingu bindiskyldu var afnumin. Bankinn fékk sjálfdæmi um ákvörðun dagsekta væru ákvarðanir um bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð ekki virtar. Allt eru þetta mikilvæg stjórntæki auk þess sem samráð og gagnkvæm upplýsingaskylda Seðlabankans og FME var tryggð.

Samþykkt um eigin verkefni

Árið 2006 gerði stjórn Seðlabankans samþykkt um hvernig viðfangsefnum á sviði fjármálastöðugleika skyldi sinnt: „Með setningu reglna um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana og reglna um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og eftirliti með því að þeim sé fylgt.

Með setningu reglna um starfsemi greiðslu- og uppgjörskerfa og með kerfislegu eftirliti með þeim.

Með því að beita sér fyrir breytingum á reglum og lagalegri umgjörð um starfsemi fjármálafyrirtækja og viðskipti á markaði eftir því sem hann telur tilefni til."

Ekki er um viðvörunarskyldu að ræða heldur aðgerðaskyldu. Í kaflanum „Greining og kynning" er áréttað að það skuli gert „[m]eð því að koma ábendingum bankans um úrbætur og breytingar skýrt á framfæri og fylgja þeim eftir."

Meðal þess sem fyrrnefndum samráðshópi um fjármálastöðugleika var ætlað að ræða á fundum sínum var „[m]eiriháttar breytingar á lögum, reglum og starfsháttum er varða Fjármálamarkaðinn." Ekki liggur fyrir hvort Seðlabankinn nýtti þetta samráð til að leggja einhverjar tillögur formlega fram og fylgja þeim eftir í samræmi við eigin samþykktir.

Átti að vara sjálfan sig við

Í ræðu formanns bankastjórnar Seðlabankans á morgunfundi Viðskiptaráðs 18. nóvember 2008 birtist annar skilningur á hlutverki og skyldum bankans. Meginefni ræðunnar var að lýsa munnlegum viðvörunum. Viðbrögð fræðimanna voru hörð eins og sjá mátti í Fréttablaðinu daginn eftir. Jón Daníelsson, hagfræðingur við London School of Economics, benti á að Seðlabankinn bæri ábyrgð á fjármálastöðugleika og spurði „Er ekki eini aðilinn sem hann þarf að vara við hann sjálfur?" Hagfræðingarnir Jón Steinsson, Gylfi Magnússon, Ólafur Ísleifsson og Yngvi Kristinsson sögðu upplýsingar um viðvaranir aðeins vekja spurningar um hvers vegna Seðlabankinn beitti ekki stjórntækjum á borð við bindiskyldu, reglur um laust fé og sértæka bindiskyldu vegna erlendra útibúa. Gylfi Magnússon bar ræðuna saman við niðurstöðu Seðlabankans um trausta stöðu bankanna í Fjármálastöðugleika í maí 2008 og sagði: „Það hlýtur að hafa verið gróft brot á starfsskyldum Seðlabankans að gefa út slík heilbrigðisvottorð fyrir bankakerfið opinberlega ef æðstu stjórnendur Seðlabankans töldu á sama tíma að kerfið stæði á brauðfótum."

Viðvaranir firra engan ábyrgð

Nýjar upplýsingar auka efasemdir um styrk og hæfni þeirra „kjölfestufjárfesta" sem valdir voru til að fara með ráðandi hlut í bönkunum við einkavæðingu. Sérfræðingar á borð við Anne Sibert og Willem Buiter bentu á það í skýrslu sumarið 2008 að íslenska bankakerfið hafi hætt að vera sjálfbært fyrir mörgum árum. Allt tal um „viðvaranir" Seðlabankans vekur því aðeins spurningar – ekki um það hvað stjórnendur bankans sögðu heldur hvað þeir gerðu enda gefur bankinn ekki út viðvaranir „til þess að vísa í, ef illa fer, og firra sig þar með ábyrgð".

Höfundur er viðskiptafræðingur. Lengri útgáfu má lesa á Vísi.

Galopið VR

UMRÆÐAN
Kristinn Örn Jóhannesson skrifar um VR

KRISTINN ÖRN JÓHANNESSON

Björn S. Lárusson viðskiptafræðingur skrifar grein er birtist í Fréttablaðinu í gær, 23. mars. Heldur hann upptekinum hætti og leitast við að gera þá tortryggilega sem starfa fyrir VR, í stað þess að höfða til félagsmanna á forsendum eigin verðleika og stefnu.

Björn segir helsta áherslumál hans fyrir yfirstandandi stjórnarkjör vera að opna félagið, án þess þó að skýra það nánar. Undanfarið hefur staðið yfir opin stefnumótun innan félagsins sem öllum félagsmönnum hefur gefist kostur á að taka þátt í. Þessi vinna er í fullum gangi og þessa dagana er verið að boða enn fleiri félagsmenn til starfsins á stóran stefnumótunarfund í lok apríl.

Öll stjórn VR er sammála um að breyta þarf fyrirkomulagi kosninga innan félagsins. Það verður hins vegar eingöngu gert á aðalfundi félagsins. Ný stjórn sem kjörin hefur verið hefur ekki starfað svo lengi að aðalfundur hafi verið haldinn. Næsti aðalfundur verður haldinn 28. apríl 2010 og verða breytingatillögur á kosningafyrirkomulaginu lagðar þar fram.

VR er líklega eina stóra stéttarfélagið sem gerir upplýsingar um fjármál félagsins aðgengilegar á vef sínum. Allir stjórnarmenn geta fengið nánari upplýsingar um fjármál þess, gert athugasemdir og komið með tillögur til úrbóta. Í stað þess hafa nokkrir stjórnarmenn frekar kosið að senda fjölmiðlum upplýsingar sem ætlaðar eru fyrir félagsmenn og gera þær tortryggilegar á opinberum vettvangi.

VR er ekki lífeyrissjóður en félagið á kjarasamningsbundinn rétt til að tilnefna stjórnarmenn í Lífeyrissjóð verzlunarmanna (Lv). Ný stjórn VR gerði meiri breytingar á stjórn Lv en gerðar voru á nokkrum öðrum lífeyrissjóði í kjölfar kreppunnar með tilnefningu þriggja nýrra stjórnarmanna. Reynslumikill og varfærinn maður var fenginn til að leiða stjórnina, Ragnar Önundarson, sem var einn fárra sem vöruðu við áhættusækni íslensku fjármálafyrirtækjanna fyrir hrun. Stjórn VR ber fullt traust til Ragnars og það er virkilega dapurlegt að Björn S. Lárusson skuli kjósa að draga heiðarleika Ragnars í efa.

Kosningar eru árlegur viðburður í VR en einungis einu sinni áður hafa félagsmenn óskað eftir allsherjarkosningu. Félagsmenn hafa í ár sameiginlega kosið sér lista og lagt fram undir merki A-lista. A-listinn er skipaður blöndu af nýju fólki og fólki með reynslu. En það er einnig verið að kjósa 82 manna trúnaðarráð sem er stjórninni til ráðgjafar. Á það minnist Björn hvergi. Þetta er mikilvægur hópur sem nauðsynlegt er að sé virkur og upplýstur. Þetta eru fulltrúar okkar á þingum ASÍ og LÍV, ásamt því sem ráðið sinnir ýmsum öðrum trúnaðarstörfum. Reynsla af yfirstandandi starfsári hefur því miður verið sú að aðeins lítill hluti þeirra sem skipuðu L-listann virtist hafa áhuga á starfi trúnaðarráðsins, öðrum kom jafnvel á óvart að sjá nöfn sín í ráðinu. Þetta er óheppilegt. A-listinn er tilraun til að sameina alla þá sem vilja vinna félaginu og félagsmönnum gagn. Hann er mikilvægt skref í átt til sátta milli þeirra sem tekið hafa þátt í VR í gegnum tíðina og þeirra sem komið hafa með nýtt blóð og nýja strauma inn í félagið.

Það er von mín að A-listinn nái góðri kosningu svo félagið geti gengið sameinað til verka á kjarasamningsári, tekist á við erfiðar aðstæður tæplega þrjátíu þúsund félagsmanna sinna og haldið áfram uppbyggingu VR sem leiðandi stéttarfélags á Íslandi – stéttarfélags sem er sterkt, opið og lýðræðislegt.

Höfundur er formaður VR.

Helgar tilgangurinn meðalið?

UMRÆÐAN
Ingibjörg Stefánsdóttir skrifar um atvinnumál og herfyrirtæki

INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR

Nú hafa ýmsir fulltrúar Samfylkingarinnar látið hafa eftir sér stuðning við áform um að E.C.M. Program ltd., fyrirtæki sem í raun er einkaher, fái aðstöðu á Suðurnesjum. Ef rétt er eftir þeim haft þá er mér verulega misboðið.

Ég veit vel að það er atvinnuleysi á Suðurnesjum – eins og víðar um land og að þar eru margir fylgjandi því að þetta fyrirtæki fái leyfi og fyrirgreiðslu. Ég leyfi mér hins vegar að efast um að nokkur raunveruleg störf séu þarna að baki enda allt mjög óljóst um fyrirtækið.

Einn atvinnulaus maður er einum manni of mikið. Atvinnuleysi er böl. Það afsakar þó ekki þjónkun við þá sem hafa stríðsrekstur að atvinnu. Afrakstur slíkrar starfsemi er enn þá verri en atvinnuleysisbölið.

Veiting slíks leyfis myndi brjóta í bága við stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem segir að gera eigi Ísland að vettvangi fyrir friðarumræðu og leggja áherslu á baráttu fyrir friði og afvopnun í heiminum.

Einn atvinnulaus maður er einum manni of mikið. Atvinnuleysi er böl. Það afsakar þó ekki þjónkun við þá sem hafa stríðsrekstur að atvinnu. Afrakstur slíkrar starfsemi er enn þá verri en atvinnuleysisbölið.

Við skulum heldur ekki gleyma því að þegar staða einnar þjóðar er eins og þeirrar íslensku nú þá flykkjast að alls kyns fjárplógsmenn sem sjá tækifæri til þess að græða á neyð smáþjóðar. Við þurfum að vanda okkur í atvinnuuppbyggingunni. Þó að við séum hnípin þjóð í vanda, megum við ekki selja sálu okkar. Við eigum að hafa lært af reynslunni þegar kemur að skyndilausnum. Við getum byggt upp atvinnu án hjálpar fyrirtækja á sviði herþjónustu.

Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur fund um þetta mál og önnur atvinnumál á Hallveigarstíg 1, kl. 20.30 í kvöld. Þangað eru allir velkomnir.

Höfundur er varaformaður Samfylkingarfélagsins í Reykjavík.

4BLS BÆKLINGUR

PÁSKA TILBOÐ

SJÓÐHEIT PÁSKATILBOÐ • OPIÐ ALLA HELGINA

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL

VAXTALAUST 8.575 Í 12 MÁNUÐI

MH36
ÖFLUG 15,4" FARTÖLVA, INTEL T4300 ÖRGJÖRVI, 4GB MINNI, 250GB DISKUR OG WINDOWS 7
99.900

ALLT AÐ 40 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HP FARTÖLVUM

VAXTALAUST 6.858 Í 12 MÁNUÐI

HP DV2
FÍSLÉTT 12.1" FARTÖLVA, 2GB MINNI, 250GB DISKUR, 512MB ATI HD3410 SKJÁK. OG WINDOWS VISTA
79.900

ALLT AÐ 10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ASUS FARTÖLVUM

VAXTALAUST 5.999 Í 12 MÁNUÐI

EEE PC
10" FÍSTÖLVA, 1GB MINNI, 160GB DISKUR, 11TÍMA RAFHLAÐA, WINDOWS 7 OG 4 LITIR Í BOÐI
69.900

FÆST Í FJÖLDA LITA

ÆVINTÝRA PÁSKAEGG
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM TIL PÁSKA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

0% VEXTIR
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Á ÖLLUM TÖLVUM TIL ALLT AÐ 12 MÁNAÐA

Borgartún 31 Reykjavík

Undirhlíð 2 Akureyri

24.MARS 2010 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

acer

REVO

BORÐTÖLVA Á TILBOÐI

- Intel Atom N230 1.6 GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 5400RPM diskur
- 512MB Nvidia ION HD skjástýring
- Falleg USB mús og lyklaborð fylgir
- Hægt er að festa tölvuna aftan á skjá
- Windows XP Home stýrikerfi

44.900

VAXTALAUST 3.854 Í 12 MÁNUÐI

ASUS

20”

FRÁBÆR BORÐTÖLVA

- Intel Atom N330 Dual Core örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20” HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Nvidia ION HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Windows 7 Home Premium

129.900

VAXTALAUST 11.150 Í 12 MÁNUÐI

HDMI1080i

GIGABYTE

LUXO#2 ÖFLUG LEIKJATÖLVA

Ótrúlega öflugur leikjaturn með alla nýjustu tækni frá Intel og ATI, hlaðinn öflugum búnaði á ótrúlegu tilboði til páska.

- GIGABYTE LUXO X140 leikjaturn
- Intel Core i3-530 2.93GHz 4MB
- GIGABYTE H55M-S2H móðurborð
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 1TB SATA2 32MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI Radeon HD5670 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

149.900

VAXTALAUST 12.866 Í 12 MÁNUÐI

1TB

ARGOSY HD 1080P

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb. netkorti
- Spilar af USB flökkurum/minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, Optical, USB, LAN, ofl.

49.900

ÞESSI SPILAR ALLT!



ÞRÁÐLAUST LABTEC

Nýjasta þráðlausa settið frá Labtec með glæsilegu þráðlausu lyklaborði og mús

6.990

W-1200 ÞRÁÐLAUST SETT

i-TRIGUE 3000 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

14.900

CREATIVE 2.1 HLJÓÐKERFI

MARGMIÐLUNAR SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Spilar beint af minniskortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum
- 720P upscaling fyrir meiri gæði

8.990

AÐEINS TIL PÁSKA!

MÝS Í ÚRVALI

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

HEYRNARTÓL

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

TÖL

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

UMHVERFISVOTTAÐIR VESTFIRÐIR er yfirskrift ráðstefnu sem Ferðamálasamtök Vestfjarða standa fyrir laugardaginn 17. apríl á Hótel Núpi. www.vestfirskferdamal.is

Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Hvers vegna er ég sjúk(ur) í sykur og hvað er til ráða?

- Hefur einstaka löngun í sykur breyst í þörf fyrir sykur eftir hverja máltíð?
- Setur sykur og kolvetnisþörf sífellt strik í reikninginn þegar þú ert að reyna að bæta mataræðið og heilsuna?
- Er ekki kominn tími til að komast að undirliggjandi ástæðum og finna leiðir til að ná tökum á sykurþörfinni í eitt skipti fyrir öll?

Linda Pétursdóttir, Certified Holistic Health Counselor kemur til Íslands og heldur fyrirlestur í Maður Lifandi Borgartúni fimmtudaginn 25. mars kl. 17:30–19:30.

Lifandi – Nærandi – Gefandi

maður lifandi

Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 www.madurlifandi.is

Birgitta ferðast mikið, sérstaklega á sumrin. „Innanlands finnst mér best að fara á Vestfirðina og næla mér í orku úr fjöllunum. Það er einhver algjör galdur sem fylgir fjöllunum fyrir vestan.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lestarverðir með alvæpni

Birgitta Birgisdóttir leikkona skellti sér í Interrail-ferð sumarið 1997 ásamt vinum sínum úr menntaskóla. Hópurinn lenti í heldur óþægilegu, svo ekki sé minnst á eftirminnilegu, atviki á brautarstöð á Ítalíu.

„Þegar ég er beðin um að rifja upp sögur af ferðalögum mínum kemur alltaf upp í hugann atvik sem átti sér stað þegar ég fór í Interrail-ferð ásamt vinum mínum úr menntaskóla sumarið 1997,“ segir Birgitta Birgisdóttir leikkona, sem þessa dagana fer með hlutverk Höllu í uppfærslu Borgarleikhússins á Gauragangi eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Birgitta og vinir hennar sammæltust um að hefja ferðina með því að fljúga til Parísar og sjá svo til hvert haldið skyldi eftir það. Hópurinn fikraði sig niður Frakkland og yfir til Ítalíu, þar sem uppákoman sem Birgittu er minnisstæð átti sér stað.

„Við þurftum að fara út í litlu fjallaþorpi til að skipta um lest,“ segir Birgitta. „Þegar lestin sem við vorum í stoppaði ætluðum við að drífa okkur út úr lestinni, því þær stoppa fáránlega stutt þessar ítölsku litlu lestir. Þá var fimm manna fjölskylda á undan okkur, með margar ferðatöskur, og í einhverju óðagoti opnuðu þau hurð sem lá út á brautarteinana. Við hlupum öll út á eftir þeim, ég var síðust og lestin var að fara af stað þegar ég rétt náði að stökkva út.“

Þegar hópurinn hafði staðið á miðjum brautarteinum í lítilli brautarstöð í smáu fjallaþorpi skamma stund komu aðvífandi tveir brautarverðir með skammbyssur á lofti og öskruðu hástöfum á ítölsku. Allir ferðalangarnir voru teknir, settir inn í herbergi og var ekki gefið leyfi til að fara á klósettið í dágóða stund, hvað þá meira. „Þeir tóku passana okkar og voru heillengi að skrifa einhverja skýrslu um „alvarlega“ glæpinn sem við frömdum. Svo tóku þeir ljósrit af vegabréfunum og slepptu okkur loks eftir nokkurra klukkustunda veru þarna á pínulitlu brautarstöðinni. Þeir töluðu enga ensku og við enga ítölsku þannig að þetta var allt frekar vandræðalegt. Á einhvern hátt tókst okkur samt að skilja að verið væri að taka okkur fyrir að fara öfugum megin út úr lestinni. Okkur stóð ekki alveg á sama rétt meðan á þessu stóð, en um leið og öllu lauk þá hlógum við að þessu. Sérstaklega í ljósi þess hve bærinn var lítill og næsta lest líklega ekki væntanleg fyrr en mörgum tímum síðar,“ segir Birgitta og hlær.

Leikkonan minnist þess einnig að Díana prinsessa lést þetta sama sumar. Þá var hópurinn staddur í Róm á Ítalíu.

kjartan@frettabladid.is

Geymslu- og dekkjahillur

kr.15.990.-
viðbótareining kr. 10.527.-

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum



Tilboð!
UMFELGUN
Páska tilboð
Frábært verð á umfelgun á fólksbílum og jeppum fram að páskum

Tilboð!
DEKK
-15%
AFSLÁTTUR
af sumar- og heilsársdekkjum

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

GRÆNLANDSSETUR var stofnað í Bolungarvík á dögunum. www.bb.is

Hjólhýsi - Fellihýsi - Aftanívagnar

Allar almennar viðgerðir og viðhald.
Standsetning fyrir sumarið. Skilum vagninum skoðuðum, ef óskað er. Verið klár fyrir sumarið.

VélRás

Sími 555 6670 - www.velras.is
Rauðhellu 16 - Vagnhöfða 5



Aðstandendur Destination.is, þau Geir Landrö, Haraldur Þorleifsson, Guðrún Dóra Steindórsdóttir, Jónas Tryggvi Jóhannsson og Elís Ingi Benediktsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gerum þetta almennilega

Jónas Tryggvi Jóhannsson og Haraldur Þorleifsson vinna nú að opnun vefsíðunnar Destination.is. Síðunni er ætlað að vera tæmandi leiðarvísir fyrir höfuðborgarsvæðið varðandi hótel, veitingastaði og fleira.

„Þessi hugmynd spratt í raun upp fyrir tíu árum þegar ég var á leiðinni til Barcelona í fyrsta skipti. Ég ætlaði að velja mér góðan veitingastað til að fara á og las mér því til um borgina í Lonely Planet og Time Out-bókunum, sem hafa verið með þeim vinsælustu í þessum bransa. Þegar ég kom svo á veitingastaðinn hafði honum verið lokað nokkrum mánuðum fyrr. Þetta voru vonbrigði, en bækurnar uppfæra sig ekki sjálfar," segir Jónas Tryggvi Jóhannsson tölvunarfræðingur, sem þessa dagana vinnur að uppsetningu félags- og ferðavefsíðunnar Destination.is ásamt Haraldi Þorleifssyni hönnuði og fleirum.

Að sögn Jónasar er ætlunin að Destination.is verði tæmandi leiðarvísir fyrir höfuðborgarsvæðið varðandi hótel, veitingastaði, kaffihús, bari, verslanir og áhugaverða staði til að heimsækja á svæðinu.

Ferðavefsíðan www.destination.is

Allir hafa aðgang að upplýsingunum sem er að finna á síðunni, en auk þess geta þeir sem skrá sig inn í gegnum Facebook gefið stöðum einkunnir og látið í ljós álit sitt á þeim.

Jónas segir mikilvægt að almenningur hafi vettvang til að segja sínar skoðanir á ferðatengdri þjónustu umbúðalaust. Slíkt virki einnig hvetjandi á þjónustuaðila, að gæta þess að boðið sé upp á það sem þörf er á hverju sinni. Það sé eitt af því sem geri Destination.is svo spennandi. „Síðan er fyrst og fremst hugsuð fyrir erlenda ferðamenn og við einbeitum okkur að höfuðborgarsvæðinu fyrst í stað, hvað svo sem síðar verður. Við viljum gefa þjónustuaðilum á svæðinu tækifæri til að kynna sig betur á Netinu og bjóðum upp á auglýsingar til að standa straum af kostnaði við síðuna, en við skráum alla, hvort sem þeir auglýsa eður ei. Með það að markmiði munum við á næstu vikum og mánuðum setja okkur í samband við alla sem standa í ferðatengdum rekstri á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur lengi verið úrbóta þörf í þessum málum og við ætlum einfaldlega að gera þetta almennilega," segir Jónas.

kjartan@frettabladid.is

FRAMTAK BLOSSI ehf

VIBRACON® SM The Universal Adjustable Chock

VIBRACON® Stillanlegar undirstöður fyrir vélar og vélbúnað.

Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun

íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

HLEÐSLUTÆKI

10% Páskaafsláttur

NÝTT!! 12V 7A

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Góð sveifla á Hólmsvelli.

Vorhugur í golfurum

GOLFARAR GETA VART BEÐIÐ EFTIR AÐ MUNDA KYLFUNA. NÚ GETA ÞEIR ÞAÐ Á HÓLMSVELLI Í LEIRU.

Allar sumarflatir Hólmsvallar í Leiru voru opnaðar í byrjun þessarar viku. Þetta eru gleðitíðindi fyrir golfara á suðvesturhorni landsins sem vart geta beðið eftir að fá að munda kylfurnar sem oftast og sem víðast. Völlurinn í Leirunni er opinn öllum með þeim skilyrðum að kylfingar bóki rástíma á vefinn golf.is. og greiði vallargjald áður en leikur hefst.
Leiran liggur við sjávarsíðuna miðja vegu milli Keflavíkur og Útskála. Auðveldasta holan þar er sú fyrsta en sú erfiðasta þriðja, eftir því sem næst verður komist.
Æfingasvæði Golfklúbbs Suðurnesja var líka opnað á mánudaginn og stefnt er að því að halda mót næsta laugardag. Byrjað er að skrá á það.

- gun

Á Grænlandi má gera sér margt til dundurs.

Ævintýralegur blær eru yfir þessu húsi á Cap Tobin. MYNDIR/NONNI TRAVEL

Allt annar heimur, rétt handan við hornið

Grænland er ein af best földu náttúruperlum heims að mati Árna Vals Vilhjálmssonar sem unnið hefur hjá hinu rótgróna Nonna Travel í átta ár. Þó er landið í aðeins eins og hálfs klukkutíma fjarlægð frá Íslandi.

„Ég byrjaði að elta mömmu til Grænlands þegar ég var bara smápolli," segir Árni, sem er nýlagður af stað í mánaðarferð til norðaustur-strandar Grænlands með hóp ferðamanna. „Umhverfið og menningin varð strax að ástríðu hjá mér."

Helena Dejak, eigandi Nonna Travel og móðir Árna, byrjaði að ferðast til Grænlands um miðjan tíunda áratuginn, þegar fólk var almennt ekki farið að venja komur sínar þangað. Hún féll strax fyrir landinu og stofnaði dótturfyrirtækið Nonni Travel Greenland. Draumur Helenu var að sjá heimamenn geta aflað sér peninga með ferðamannaþjónustu og gaf hún því reksturinn til íbúa þorpsins Ittoqqortoormiit. Hefur hann verið í höndum þeirra síðan og séð fjölda fólks fyrir atvinnu.

„Það er synd að sjá veiðimenninguna hverfa smám saman," segir Árni. „Fólk gerir sér almennt ekki grein fyrir því hvað þetta land hefur upp á að bjóða." Nonni Travel sér um hundasleðaferðir, skíða- og snjóbrettaferðir, göngu- og bátsferðir og í raun allt sem landið hefur upp á að bjóða. Vorin eru vinsælasti ferðamannatíminn, þegar sólin er hátt á lofti og bjart nær allan sólarhringinn.

Árni vinnur sem leiðsögumaður með hópunum, en segir þó að nauðsynlegt sé að hafa innfædda veiðimenn með í för. „Ferðamenn vilja komast í snertingu við þessa fornu menningu sem einkennir Grænland, en innfæddir eru í raun líka þeir einu sem sem þekkja landið eins og nauðsynlegt er."

Meginferðasvæði Nonna Travel er við stærsta fjörð í heimi, Scoresby Sund á NA-Grænlandi. „Þetta er einn ósnortnasti partur Grænlands," segir Árni. „Sú tilfinning að velta fyrir sér hvort maður sé fyrsti maðurinn til að koma á eitthvert svæði í heiminum – að enginn hafi stigið þar fæti fyrr – er alveg ótrúleg upplifun."

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Nonna Travel, www.nonnitravel.is - sv

Árni Valur með einum vina sinna í Grænlandi.

Hundasleðaferðir eru skemmtileg upplifun.

Island ProTravel verðlaunað

Island ProTravel sem selur ferðir til Íslands hlaut annað sæti Golden Palm-verðlaunanna fyrir sjóstangveiðiferðir.

Golden Palm-verðlaunin voru veitt á alþjóðlegu ferðakaupstefnunni ITB í Berlín nýlega en Island ProTravel hlaut annað sætið fyrir sjóstangveiðiferðir til Íslands. Frá þessu er greint á vef Ferðamálastofu.

Það er þýska ferðatímaritið GEO SAISON sem veitir verðlaunin en tímaritið er vel þekkt og kemur út í 137 þúsund eintökum. Eru verðlaunin veitt fyrir bestu einstöku pakkaferð sem skipulögð er af ferðaþjónustuaðila og er tekið tillit til nýsköpunar og frumleika, sem og góðs skipulags.

Pakkaferðin sem Island ProTravel hlaut annað sætið fyrir er ferð sem fyrirtækið hefur boðið upp á síðan árið 2006 og er samstarf Island ProTravel í Þýskalandi, Island ProTravel á Íslandi, ferðaskrifstofunnar Vögler's Angelreisen í Þýskalandi og fyrirtækisins Hvíldarkletts á Vestfjörðum. Ferðirnar eru pakkaferðir fyrir sjóstangveiðimenn en þeir koma hingað til lands og dvelja í viku á Suðureyri eða Flateyri á Vestfjörðum við veiðar.

Island ProTravel er ferðaþjónustufyrirtæki í eigu Guðmundar Kjartanssonar og Ann-Cathrin Bröcker. Þau hafa aðsetur og stýra skrifstofu fyrirtækisins í Hamborg og hafa um 20 ára reynslu í að bjóða erlendum ferðamönnum ferðir til Íslands. Auk skrifstofunnar í Hamborg er Island ProTravel með söluskrifstofur í eigin nafni í Sviss, Bretlandi, Svíþjóð og á Íslandi. Fyrirtækið sérhæfir sig í Íslandsferðum og býður upp á margs konar ferðir til landsins.

Island ProTravel hlaut verðlaunin fyrir sjóstangveiðiferðir til Íslands.

HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS

VÍSIR.IS kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á VÍSIR.IS

LÍSA Í UNDRALANDI, kvikmynd Tim Burtons virðist hafa haft nokkur áhrif á tískuheiminn enda er víða á tískusíðum að finna fatnað með vísun í myndina.

Stuðlabergið var Guðbjörgu hugleikið þegar hún hannaði línuna Berg.

Bindisnæla úr línunni Berg.



Karlmannlegt armband.

Fyrsta herralína Aurum

Skartgripalínan Berg, sem hönnuð er fyrir karlmenn af Guðbjörgu Kr. Ingvarsdóttur hjá Aurum, vísar sterkt til kraftmikilla íslenskra náttúrufyrirbrigða eins og stuðlabergs og klettabelta.

Karlmannsskartgripalínan Berg var frumsýnd á Hönnunarmars um síðustu helgi. „Hún vísar í náttúruleg form sem raðað er saman og minna á kletta og íslensk fjöll," segir hönnuðurinn Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir og bætir við að skartgripirnir minni um margt á stuðlabergið sem sé sterklegt, kraftmikið og því karlmannlegt.

Guðbjörg lærði gullsmíði og skartgripahönnun við Institute for Precious Metals í Kaupmannahöfn en stofnaði hönnunarfyrirtækið og skartgripaverslunina Aurum árið 1999. Hún leitar fanga víða og finnur innblástur meðal annars í náttúrunni, í geometrísk form og íslenska handverksarfleifð.

Guðbjörg hefur hannað skartgripi fyrir karlmenn í gegnum tíðina en aldrei heildstæða herralínu fyrr en nú. „Ég hef lengi hugsað mér að búa til slíka línu en það var fyrst núna sem ég gaf mér tíma í það."

En hafa karlmenn einhvern áhuga á skartgripum? „Já, áhuginn er alltaf nokkur," svarar Guðbjörg og heldur áfram: „Ermahnapparnir hafa alltaf verið vinsælir svo og hringar en bindisnælan hefur verið að detta inn og út." Guðbjörg hefur ekki búið til bindisnælu í mörg ár en fannst nú loksins tími til kominn enda hefði formið hentað vel í slíkan skartgrip.

Í línu Guðbjargar er að finna alla helstu skartgripina, hálsmen, ermahnappa, bindisnælu, hringa og armbönd.

solveig@frettabladid.is

Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir hefur hannað skartgripalínu fyrir karlmenn sem er kraftmikil og minnir á íslensk fjöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kaktusveski, rós og grágrýti

Við fyrstu sýn virðast veski listakonunnar Kathleen Dustin vera eitthvað allt annað en veski.

Kathleen Dustin er bandarísk leirlistakona sem hefur allsérstakan stíl. Hún hannar í líflegum litum, bæði skart og skúlptúra en nýjasta afurðin er þó langskemmtilegust en það eru hin frumlegustu veski og töskur.

Veskin mótar hún í formi blóma, ávaxta og jafnvel stórgrýtis og er hvert veski frumlegra og ævintýralegra en það næsta.

Þeim sem vilja kynna sér hönnun Kathleen Dustin er bent á vefsíðu hennar www.kathleendustin.com.



Veskin eru mótuð í náttúrulegum formum hinna ýmsu ávaxta og grænmetis.

ALLT HELGIN

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

fermingargjafir

MIÐVIKUDAGUR 24. MARS 2010

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vönduð húsgögn og sígild hönnun geta enst ævilangt.

Góð myndlist úreldist seint.

Skartgripir geta jafnvel gengið í erfðir kynslóða á milli á fermingum.

Gjafirnar sem endast

Fermingargjafirnar geta verið eins misjafnar og þær eru margar. Margir vilja þó gefa fermingarbarninu gjöf sem nýtist því vel og hér eru nokkrar sem gætu enst fermingarbarninu alla ævi.

- Biblían og ritsöfn eru vegleg gjöf sem munu endast fermingarbarninu. Þótt það hafi kannski ekki brennandi áhuga á Íslendingasögunum akkúrat á fermingardaginn þá eru þær gersemi í bókahillunni þegar fram líða stundir.
- Skartgripir. Ermahnappar, bindisnælur, lokkar, men og hringar geta enst ævilangt. Fermingarskartgripirnir geta jafnvel orðið að erfðagripum og gengið kynslóða á milli á fermingum.
- Myndlist. Góð myndlist og sígild hönnun úreldist ekki.
- Tré. Hægt er að gefa fermingarbarninu tré að gróðursetja sem það getur síðan fylgst með vaxa alla ævi. Tréð er fallegur minnisvarði um fermingardaginn og þau tímamót sem fermingin er.
- Námssjóður. Peningar í fermingargjöf endast fermingarbarninu sjaldnast ævina á enda. Það fer þó eftir því í hverju er fjárfest og menntun er eitthvað sem við búum að alla ævi. Sniðugt er því að stofna námssjóð handa fermingarbarninu.
- Landakort. Heimskort eru falleg á vegg. Landamæralínur geta þó breyst í stríði milli landa en kortið er þá alltaf söguleg heimild.
- Húsgögn. Vönduð húsgögn geta enst tímana tvenna. Stöndugt skrifborð, kommóður eða hægindastólar standa enn fyllilega fyrir sínu þegar kemur að því að fermingarbarnið stofnar eigið heimili.

- rat

● HVER GAF HVAÐ? Fermingargestir eru oft fjölmargir og þar af leiðandi gjafirnar jafn margar. Erfitt getur verið að halda utan um hver gaf hvað, og því upplagt að koma upp einhvers konar kerfi við það.

Ýmsar leiðir eru færar við skráningu gjafanna. Ef þær eru opnaðar jafn óðum er gott að skrifa í kortin hver gjöfin er, þannig er síðar hægt að skrá niður í bók gjafalistann, enda gaman að geta rifjað gjafirnar upp seinna.

Algengast er í dag að hafa sérstakt gjafaborð sem gjöfum er safnað á. Síðan tekur fermingarbarnið upp allar gjafirnar í einu, annaðhvort í lok veislunnar eða þegar allir eru farnir heim. Þá getur einhver fjölskyldumeðlimur tekið að sér að skrá niður hvað fermingarbarnið fékk frá hverjum og einum. Annaðhvort má skrá það í sérstaka bók en einnig getur verið sniðugt að skrifa það aftast í gestabókina.

Jón Kjartan Ingólfsson segir orðið ótrúlega ódýrt að koma sér upp litlu heimahljóðveri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þróast með popptónlistinni

Upprennandi tónlistarfólk fær gjarnan hljóðfæri sem er ætlað að endast fram á fullorðinsaldur í fermingargjöf.

„Hljóðfæri hafa verið afar vinsælar fermingargjafir í gegnum tíðina og ekki virðist ætla að vera nein breyting þar á," segir Jón Kjartan Ingólfsson, verslunarstjóri Hljóðfærahússins og Tónabúðarinnar við Síðumúla.

Jón Kjartan hefur verið í hljóðfærabransanum í tvo áratugi. Hann segir algengt að foreldrar og önnur nán skyldmenni barna sem verið hafa í tónlistarnámi í einhvern tíma, og sýni merki þess að þau hafi hug á að sinna því námi af alvöru, grípi tækifærið þegar fermingar beri að garði og gefi þeim hljóðfæri sem eru líkleg til að endast eitthvað fram á fullorðinsárin.

„Það eru auðvitað tískubylgjur í þessu eins og öðru," segir Jón Kjartan. „Sum árin selst meira af hljómborðum en önnur og eitt árið eru trommusett vinsæl en seljast kannski illa næsta ár á eftir. Ég minnist til dæmis áranna í kringum 1995 þegar varla seldist gítar, en flest hinna áranna hafa gítarar verið uppistaðan í sölunni hjá okkur, hvort heldur sem er kassagítarar eða rafmagnsgítarar."

Magnús Eiríksson í RÍN segir gítarinn ávallt klassískan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir tölvutengdar tónlistarvörur hafa verið afar vinsælar síðustu árin. „Það eru tölvuforrit, hljóðkort, hátalarar, hljóðnemar og fleira sem þarf til að koma sér upp litlu heimahljóðveri, sem er orðið ótrúlega ódýrt. Einhverjir spáðu því nú að trommusettin myndu deyja út með tölvunum, en raunin hefur ekki orðið alveg sú," segir Jón Kjartan og hlær.

Magnús Eiríksson tónlistarmaður, sem rekið hefur hljóðfæraverslunina RÍN í áraraðir, tekur í sama streng og segir vinsældir ákveðinna hljóðfæra þróast með straumum og stefnum popptónlistarinnar. „Síðustu ár hafa margir byrjað að vinna alla sína tónlist meira og minna í tölvum. Gítarinn er klassískur og heldur velli, meðal annars vegna þess að það er erfiðara að líkja eftir honum í tölvum en mörgum öðrum hljóðfærum. Bransinn á eftir að breytast töluvert ef tölvurnar verða ofan á, en kannski verður tekin u-beygja og krakkarnir fara aftur að spila á fiðlu, klarínett og óbó. Það er erfitt að segja hvað framtíðin ber í skauti sér," segir hann.

- kg

HVAÐ FÉKKSTU Í FERMINGARGJÖF?

SELDI ARÖBUM FERMINGARGJÖFINA

Bjarni Harðarson

„Ég fékk úr, sem var klassísk fermingargjöf þá, bækur og svefnpoka," segir Bjarni Harðarson, bóksali og fyrrum alþingismaður, beðinn að rifja upp hvað hann fékk í fermingargjöf á sínum tíma.

Bjarni, sem fermdist í Skálholti árið 1975, segir svefnpoka hafa verið algenga fermingargjöf. „Hann var þykkur, nánast eins og vatteruð sæng og ég notaði hann á menntaskólaárunum. Svo þegar ég fór erlendis í fyrsta sinn til Ísraels upp úr tvítugu hafði ég hann meðferðis. Þar vann ég í smátíma á samyrkjubúi en leiddist það og fór í bakpokaferðalag, mitt fyrsta af mörgum." Hann segir þá hafa komið í ljós hversu illa svefnpokinn hentaði í hitanum og ákvað því að selja hann. „Fermingargjöfin endaði í höndunum á aröbum í Nasaret," segir hann og hlær.

SKÍÐAFERÐ TIL SVISS

Sigfús Sigurðsson

Sigfús Sigurðsson handboltakappi fermdist í Háteigskirkju árið 1989. Hann segist ekki hafa gert óskalista fyrir fermingunna. Það hafi hreinlega ekki tíðkast á þeim tíma. Hins vegar hafi hann verið hæstánægður með fermingargjafirnar. „Ég fékk til dæmis gullvasaúr frá afa og ömmu og svo veiðigræjur, flugustöng og veiðihjól, frá móðurbróður mínum, sem ég nota enn þegar ég fer á veiðar," rifjar hann upp og bætir við að frá foreldrum sínum hafi hann svo fengið skíðaferð til Sviss sem vakti mikla lukku. „Þetta var alveg æðislegt, að fá tækifæri til að skíða í Sviss og reyndar í takt við annað á fermingardaginn sem var vel heppnaður í alla staði," segir Sigfús og man hversu mikið það gladdi hann að fá alla gestina í heimsókn. „Þetta var alveg frábært bara."

ÆVINTÝRI Í KRINGLUNNI

Rebekka Bryndís Björnsdóttir

Rebekka Bryndís Björnsdóttir tónlistarkona kaus að fermast ekki af trúarlegum ástæðum en fékk þó engu síður gjafir frá sínum nánustu.

„Foreldrar mínir eru sjöunda dags aðventistar en þeir hafa fyrir venju að fermast ekki heldur skírast. Ég valdi að gera það ekki þótt ég væri í sjálfu sér ekkert á móti því," útskýrir Rebekka og segir foreldra sína hafa verið sátta við þá ákvörðun.

Fjölskyldan sá ekki ástæðu til annars en að gefa henni gjöf, peningaupphæð að tíu þúsund krónur, þar sem flestir vinanna fengu fermingargjafir. „Ég er uppalin í Keflavík og fékk að fara í fyrsta sinn ein með vinkonunum í rútu í bæinn til að eyða peningunum. Við fórum í Kringluna og áttum þar góða stund en ég man reyndar ekki til þess að hafa keypt mér nokkuð," segir hún og brosir.

Sæmileu

fermingargjafirnar

fást í Sense og Sony Center Kringlunni

HEPPIN FERMINGARBÖRN GETA UNNIÐ KÚPON 50.000 kr 30.000 kr 20.000 kr

EF KEYPT ER MYNDAVÉL

HÁGÆÐA MYNDAVÉL

Sony CyberShot

- 14.1 megapixlar
- 4 x optical aðdráttur
- 9 punkta Auto Focus
- HD videoupptaka
- 2.7” skjár með mikilli skerpu
- Face Detection
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum

Þú kaupir Sony CyberShot, færð **4.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 41.990 kr.

Þú sparar: 11.000 kr.



STAFRÆN MYNDAVÉL

Sony CyberShot

- 10.1 megapixlar
- 3x optical aðdráttur
- 2.4” skjár með mikilli skerpu
- Face Detection
- Hristivörn
- Til í bleiku, svörtu og silfri

Þú kaupir Sony CyberShot, færð **4.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 20.990 kr.

Þú sparar: 11.000 kr.

LJÓSMYNDIR & FULL HD VIDEO

Canon EOS 500D

- 15.1 megapixlar
- Full HD (1080p) video
- High ISO allt að 12800
- Fangar 3.4 ramma á sek.
- 3.0” skjár með Live View
- 9 punkta AF fókuspunktar
- DIGIC 4 örgjörvi

Þú kaupir EOS 500D án linsu, færð **15.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir. Á tilboði til þín: **149.900 kr.**

Þú kaupir EOS 500D með 18-55 IS linsu, færð **15.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 169.900 kr.

Þú sparar: 22.000 kr.

FJÖLSKYLDUVÆN

Canon PowerShot SX120 IS

- 10.0 megapixlar
- 10x optical aðdráttarlinsa
- Smart Auto velur bestu tökustillinguna
- 3.0“ LCD skjár
- Face og Motion Detection
- Face Select & Track
- Face Self-Timer auðveldar hópmyndir
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
- VGA upptaka

Þú kaupir PowerShot SX120 IS, færð **4.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir. **Á tilboði til þín: 52.900 kr.**

Þú sparar: 11.000 kr.

MIÐAÐU OG SKJÓTTU

Canon PowerShot A3000 IS

- 10.0 megapixlar
- 3.3x optical aðdráttur
- 15 tökustillingar
- 1cm Macro ljósmyndun
- Face og Motion Detection
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
- 2.5“ LCD skjár
- VGA og LP vídeóupptaka

Þú kaupir PowerShot A3000 IS, færð **3.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 39.900 kr.

Þú sparar: 10.000 kr.

INNBYGGÐ HRISTIVÖRN

Sony Alpha 230 & linsa

- 10.2 megapixla CCD myndflaga
- ISO 100 - 3200
- BIONZ örgjörvi
- 9 punkta fókuskerfi
- Shutter speed 1/4000 sek.
- Flash sync 1/250
- Tekur 2.5 ramma á sekúndu

Þú kaupir Sony Alpha 230 með 18-55 linsu, færð **10.000 kr.** afslátt. 4GB minniskort að verðmæti **7.000 kr.** fylgir.
Á tilboði til þín: 89.990 kr.

Þú sparar: 17.000 kr.

Gildir eingöngu í Sense og Sony Center Kringlunni til 15. apríl 2010. Ekki nauðsynlegt að framvísa kúponum.

sense center

Sony Center

Fartölvur, ferðir og trommusett efst á lista

Fullorðna fólkið þykist oft vita hvað fermingarbörnum sé fyrir bestu að fá í fermingargjöf. Unga fólkið hefur hins vegar ansi oft skýrar hugmyndir um hvað það langar mest í eins og kom vel í ljós þegar fimm fermingarbörn voru spurð álits.

Victor Alexander Guðjónsson er fermingarbarn í Fella- og Hólasókn. Hann reynir að tala um fyrir móður sinni að fá að kaupa trommusett fyrir fermingarféð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sólveig Stefánsdóttir vill gjafir sem nýtast og endast. Til dæmis reiðhjálm og körfuboltabúning. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það verður veisla í Arnardal, félagsmiðstöð hér á Akranesi," segir Breki og hlakkar mikið til fermingardagsins. MYND/HÖRÐUR SIGURBJARNASON

Mariu langar í ferð til Chile en hún á ættir að rekja þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Brynja Steinþórsdóttir fær fartölvu frá foreldrum sínum og nýtt herbergi að auki. FRÉTTABLAIÐ/STEFÁN

FARTÖLVA OG NÝTT HERBERGI

Brynja Steinþórsdóttir fermist 1. apríl í Dómkirkjunni. „Mig langar í fartölvu sem ég fæ frá mömmu og pabba og svo fæ ég að flytja í stærra herbergi," segir Brynja glaðlega. „Svo langar mig í eyrnalokka, ipod og gítartösku," segir hún en Brynja er að læra á gítar. Hún myndi þannig ekki slá hendinni á móti rafmagnsgítar en gerir sér grein fyrir að það sé harla ólíklegt enda um dýran grip að ræða. Peningur er líka vel þeginn. „Ég myndi líklega spara einhvern hluta og svo mun ég nota hluta hans þegar ég fer til New York með mömmu og pabba í sumar," segir hún með tilhlökkun.

GJAFIR SEM ENDAST OG NÝTAST

Sólveig Stefánsdóttir fermist í Seljakirkju á sunnudaginn. Hún útbjó fermingargjafalista til að auðvelda ættingjum og öðrum gestum leikinn. „Mig langar í hluti sem endast og maður getur notað," segir Sólveig og nefnir dæmi af listanum. „Til dæmis úlpa, koddi, svefnpoki, ferðataska, sléttujárn og krullujárn." Frá foreldrum sínum fær Sólveig körfuboltabúning en hún æfir með körfuboltaliði ÍR. Hún segir jafn gott að fá pening og gjafir. Peningarnir nýtist til framtíðar enda ætlar Sólveig að leggja hann inn á sparnaðarreikning. „Ég er reyndar búin að fá leyfi hjá mömmu til að kaupa reiðhjálm fyrir hluta peninganna ef ég fæ hann ekki í fermingargjöf," segir hún kát í bragði. *- sg*

REIÐHJÓL EFST Á ÓSKALISTA

Akurnesingurinn Breki Harðarson er einn af fermingardrengjum þessa vors. Spurður um væntingar í sambandi við fermingargjafir svarar hann: „Ja, mig vantar hjól og líka fartölvu."

Þeir sem þekkja til í heimabyggð Breka vita að Skaginn býður upp á reiðhjólanotkun, svo flatlendur sem hann er. Reyndar kveðst drengurinn eiga hjól en segir það bara alltof lítið. Býst hann við að draumurinn rætist? „Ég held ég fái fartölvuna en er ekki viss um hjólið. Kannski fæ ég pening sem ég get notað upp í kaup á því."

Breki fermist borgaralegri fermingu hjá Siðmennt 18. apríl, sá eini á Akranesi, og athöfnin fer fram í Háskólabíói. Tvær helgar hafa farið í undirbúning, sú fyrri í febrúar og sú seinni í þessum mánuði. Þar hefur fermingargjafir ekki borið á góma að sögn Breka og hann kveðst ekki hafa rætt um þær við væntanleg fermingarsystkini sín. En ætlar hann að halda veislu í tilefni dagsins?

„Já, já," svarar hann og virðist ögn hneykslaður á spurningunni. „Það verður veisla í Arnardal, félagsmiðstöð hér á Akranesi." *- gun*

TAKTURINN SKIPTIR MÁLI

Victor Alexander Guðjónsson fermist í Fella- og Hólakirkju á skírdag. Hann dreymir um alvöru trommusett, eins og þetta gyllta sem fæst í Hljóðfærahúsinu í Síðumúla.

„Ég fermist 1. apríl klukkan 11 og hlakka mjög til dagsins, en kvíði líka svolítið fyrir. Ég gæti kannski fipast á trúarjátningunni og ritningarorðunum, en hef þó haft heilan vetur til að undirbúa mig svo þetta ætti nú að bjargast," segir Victor í gríni. „Ég fermist til að staðfesta skírnina og trúna á Krist, en svo verður líka gaman að vera með hinum krökkunum í kirkjunni og síðar gestunum í veislunni," segir Victor sem veit upp á hár hvað hann vill í fermingargjöf. „Draumagjöfin er nýtt og gott rúm því gamla rúmið mitt er orðið hálfgerður ræfill. Svo koma trommur eða peningar til að kaupa trommusett og á eftir því sjónvarp, heimabíókerfi og tölva, í þessari röð."

Victor segir móður sína á móti trommusetti inn á heimilið, en hann sé ekki búinn að sjá fyrir endann á þeirri umræðu. „Mamma segir hávaða fylgja trommunum en ég segi að það eigi bara við þá sem kunni ekki á trommur eða að tromma í takt. Mér þykja trommur mest heillandi af hljóðfærum, enda skiptir takturinn öllu máli. Ég hef lengi beðið eftir tækifæri til að læra á þær og eignast sjálfur," segir Victor og bætir við að mamma sín vilji helst að hann leggi fermingarpeninginn inn á bankabók. „Það kemur líka til greina því á næsta ári get ég tekið fyrsta prófið á létt mótorhjól og þá er ekki verra að eiga fyrir einu slíku. Í það minnsta eru þetta mínir peningar sem ég vil fá að verja að vild." *- þlg*

FARTÖLVA OG FERÐ TIL CHILE

Efst á óskalista Mariu Christinu Ascencio Rain sem fermist í Fríkirkjunni í Hafnarfirði 22. apríl er fartölva og ferð til Chile. Tölvuna langar hana að nota til að komast á netið, fara á Facebook og vinna skólaverkefni en til Chile langar hana að fara til að finna ræturnar.

„Pabbi minn er frá Chile og mig langar að kynnast landi og þjóð." Faðir Maríu býr í Danmörku og kemur til landsins ásamt fjölskyldu sinni en auk þess er von á foreldrum fósturföður hennar sem er Dani. „Við ætlum að vera með mat frá Íslandi, Danmörku og Chile svo þetta verður þjóðleg veisla." Umgjörðin verður ekki af verri endanum og dugar ekki minna til en víkingahellirinn á Fjörukránni undir herlegheitin.

En ætli það sé eitthvað fleira á óskalistanum? „Mig langar svolítið í einhvers konar græjur og kannski spennubækur." Spurð hvort skartgripir komi til greina er svarið já og nei. María er hins vegar þegar búin að finna kjól og skó og er móðuramma hennar að hekla ermar. En hvernig verður hárið? „Mér er nokkuð sama um það og ætla að leyfa mömmu að ráða." *-ve*

„ERTU ALGJÖR SKINKA?"

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól.

HÆTTAN ER LJÓS

Félag íslenskra húðlækna, Geislavarnir ríkisins, Krabbameinsfélagið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð hvetja foreldra og forráðamenn fermingarbarna til að fara að tilmælum alþjóðastofnana um **að börn og unglingar fari ekki í ljósabekki.**

● **EINN MJÚKUR** Handklæði, annaðhvort stök eða í setti, henta vel til fermingargjafa hvort sem er til stúlkna eða drengja. Þau koma pottþétt í góðar þarfir. Fáir nota sturtuna á heimilinu jafn mikið og unglingarnir og flestir þeirra eru auk þess í alls kyns íþróttaiðkun og leikfimitímum þannig að handklæðin þeirra eru í stöðugri notkun. Ekki spillir ef handklæðið er merkt með upphafsstöfum eigandans á smekklegan hátt. Slíkt er hægt að láta gera hjá sérstökum merkingarfyrirtækjum sem sauma stafina í á stuttum tíma.

Séra Guðmundur Karl Ágústsson í Fella- og Hólakirkju segir fermingarbörn nú meðvituð um kreppu í buddum gesta sinna á fermingardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki heilagt fé á fermingardegi

Efst á óskalista flestra fermingarbarna eru peningagjafir, enda í fyrsta sinn á ævinni sem efnahagur þeirra getur óvænt vænkast til muna í tilefni dagsins.

„Fermingarpeningar eru ekki heilagt fé, heldur fjármunir sem fermingarbarnið ætti að fá að ráðstafa að vild," segir séra Guðmundur Karl Ágústsson, sóknarprestur í Hólabrekkuprestakalli við Fella- og Hólakirkju, þar sem 45 börn munu fermast í ár. Hann segir tilhlökkun búa í brjóstum fermingarbarnanna sem sótt hafa fermingarundirbúning hjá presti sínum síðan á haustdögum.

„Mér þykir líklegt að búið sé að ákveða með löngum fyrirvara í hvað fermingarpeningarnir eiga að fara. Hins vegar ber að minna á að táningar verða ekki fjárráða fyrr en átján ára og því þurfa þeir að ráðstafa fénu í samvinnu við foreldra sína og vitaskuld ótækt að þeim sé eytt í tóma vitleysu og daglega afþreyingu sem ekkert skilur eftir sig til langs tíma litið. Því er skynsamlegt að peningarnir fari í kaup á ákveðnum hlut sem fermingarbarnið hefur lengi þráð að eignast en ekki haft ráð á, eins og hest, tölvu eða annað, eða þá leggja peningana til hliðar svo nýta megi þá upp í bílakaup eða annað seinna meir," segir séra Guðmundur Karl sem hefur þá tilfinningu að peningagjafir hafi lækkað eftir að kreppa skall á íslensku þjóðina, enda hafi þær verið komnar út í öfgar.

„Þegar góðærið stóð sem hæst söfnuðust bankarnir utan um fermingarbörnin með sérstaka ráðgjafa svo ráðstafa mætti peningunum sem best, en svo fór sem fór. Því væri forvitnilegt að vita hversu mörg fermingarbörn misstu fermingarpeningana sína í bankahruninu, þar sem þau höfðu verið hvött til að láta þá í sjóði sem áttu að bólgna mjög hratt út."

Að sögn séra Guðmundar Karls gera fermingarbörnin sér grein fyrir erfiðari efnahag fjölskyldna í landinu. „Börn skilja afskaplega vel ef þarf að spara og miklu betur en við gerum okkur grein fyrir. Þau tala um það sín á milli að eiga von á minna fé í fermingarfræðslunni og virðast sátt við það. Ég læt þau gangast undir próf þar sem ég spyr meðal annars hvers vegna þau láta ferma sig og ekki stendur á svarinu: Til að staðfesta skírn mína og trúna á Jesú Krist, en svo er ekki verra að fá peninga líka. Peningar virðast því vera draumagjöfin og vitaskuld alfarið þeirra hvernig henni verður varið sem best."

- þlg

● **ÚTILEGUDÓT VINSÆLT** Svefnpokar eru vinsæl fermingargjöf og hafa verið það í marga áratugi. Tjöld má einnig stundum finna í pökkunum en voru þó vinsælli áður, sérstaklega þegar Íslendingar fóru ekki svo gjarnan til útlanda. Árið 1979 birtist í Vísi viðtal við starfsmann sportvöruverslunar sem sagði það vera orðið að hefð að gefa svefnpoka og tjöld í fermingargjafir. Tjöldin séu þá létt göngutjöld sem vegi ekki meira en þrjú til fjögur kíló. Svo gæti vel farið, miðað við þróun ferðavenja Íslendinga undanfarið, að tjöldin eigi endurkomu. Á sama tíma urðu bakpokar líka vinsælir til fermingargjafa og hafa verið óslitið síðan.

TAKTU ÞÁTT Í FERMINGARLEIK KLASSA

Leggðu grunn að fjárhag framtíðarinnar með því að ávaxta fermingarpeningana vel. Ef þú leggur 15.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans færðu flotta tösku frá Landsbankanum að gjöf.

Heppinn þátttakandi getur unnið **iPod touch 32GB**.

KLASSI.IS | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM41153 / myndskreyting Þórdís Claessen

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

Hannaðu þitt eigið fermingarkort á oddi.is

VERÐ FRÁ 159 KR. STYKKIÐ

Farðu inn á www.oddi.is og búðu til fallegt boðskort.

Persónulegt boðskort með þínum myndum.

ODDI

● RÆÐA Á FERMINGARDAGINN Fermingarbörn eru oft á tíðum bæði opin og óhrædd við að tjá sig. Því er um að gera að leyfa þeim að spreyta sig á stuttri ræðu í fermingarveislu sinni þar sem þau bjóða fólkið velkomið. Þó talan sé ekki löng er þó betra fyrir barnið að undirbúa sig aðeins því það getur létt á kvíðanum ef einhver er. Foreldrar geta leiðbeint börnunum með innihald ræðunnar og þjónað sem áheyrendur ef barnið vill æfa sig og renna yfir textann daginn áður.

● FYRIR SKARTIÐ Skartgripatré frá danska fyrirtækinu Menu fæst í Módern í Hlíðarsmára 1 í Kópavogi. „Svona tré eru vinsæl fermingargjöf enda nokkuð sem stúlkurnar vaxa ekki upp úr," segir Úlfar Finsen starfsmaður þar. Trén eru úr pólerúðu áli og fást í tvenns konar útfærslum. Sú eldri er lægri en með fleiri öngum. Sú nýrri kom á markaðinn á síðasta ári og kostar 10.900. Henni fylgir hringur fyrir pinnalokka.

- gun

Frönsk útlítandi sængurver fyrir fermingarbarnið gæti saumafólk útbúið með því að finna til dæmis fallegar pífur og sauma á. Efnavöruverslanir hér í bæ eiga oft pífuefni á lager.

Teppi eru góð gjöf. Þar geta marglit bútasaumsteppi sem og hekluð komið sterk inn. Hjá Bóthildi, Ferjubakka 12 eru til flott bútasaumsefni og uppskriftir.

Krosssaumsmyndir eru sumar hverjar dásamlega fallegar eins og þessi Madonnu-mynd. Slíkar myndir má meðal annars finna hjá hannyrðaverslunni Erlu, Snorrabraut 36 og hjá Mólý í Hamraborg.

Gefið af heilum hug

Margir búa yfir góðum handverksgáfum til að leggja í gjafir og þar eru fermingargjafir ekki undanskildar.

Falleg lopapeysa, heklað teppi og handsaumuð sængurver eru einstaklega persónulegar gjafir sem tengja fermingarbarnið gefandanum sérstökum böndum. Heimalagaðar fermingargjafir eru ekki eins og heimalagaðar jóla- eða afmælisgjafir því vanda þarf sérstaklega til verksins til að gjöfin geti orðið lífstíðareign.

Prjóna- og efnavörubúðir hér í bæ bjóða upp á efnivið og áhöld til þeirra verka sem leggja á út í og vert er að hafa í huga að leita ráðleggingar með val á efni, svo það sé varanlegt og standist tímans tísku. Síðast en ekki síst er gott að áætla sér ágætan tíma til verksins, sérstaklega ef fólk er útivinnandi, og reikna út hve margar kvöldstundir munu fara í hannyrðirnar.

- jma

Falleg lopapeysa er eiguleg fermingargjöf. Fallegar eldri og nýrri prjónauppskriftir frá Ístex má til dæmis nálgast á vef þeirra: istex.is. Gömul mynstur og snið eru mjög vinsæl í dag og pottþétt að þrjátíu ára gömul uppskrift mun hitta í mark.

Einföld box eða skartgripaskrín geta orðið að æðislegum gripum þegar eigið mark er sett á gripina með útsaumi. Þessi gripur er búinn til á námskeiði hjá Heimilisiðnaðarfélaginu.

Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.

● PARTÍ FYRIR FERMINGARSYSTKININ Á fermingardaginn geta vinir sem fermast sama dag ekki mætt í veislur hver annars, en víst er að þá langar örugglega að gleðjast með vinum sínum á þessum stóru tímamótum. Því er tilvalið fyrir foreldra að taka sig saman og hóa í fermingarsystkin barna sinna til að gera sér glaðan dag stuttu eftir ferminguna með til dæmis pitsuveislu, leikjum, sundlaugarferð eða grillveislu í nálægri útivistarparadís, en þannig geta krakkarnir notið hátíðlegrar stundar saman og foreldrarnir spjallað við fólk sem það annars myndi ekki kynnast.

● ALLS KYNS NÁMSKEIÐ Í PAKKANN

Nám í tungumálaskólum erlendis er vel þekkt fermingargjöf í gegnum árin en einnig má huga að því að setja annars konar námskeið í pakkann. Þannig væri hægt að gefa fermingarbörnum með dansáhuga námskeið í einhverjum öðrum vísi dansi, flamengó eða salsa. Námskeið í skrautskrift, myndlist eða einhvers konar listsköpun mætti gefa listrænu fermingarbörnunum og tíma í söng þeim sem hafa tónlistina í blóðinu.

Þá er sniðugt að tengja námskeið fermingargjöfinni sjálfri og aðrir ættingjar gætu þá til að mynda gefið námskeið í tölvunotkun fermingarbarninu sem fær fartölvu í fermingargjöf.

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavik Art Museum

Sumar

Nótt í París

Jónsmessunótt

Í Ásmundarsafni, Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum eru fáanlegar tólf gerðir af vönduðum afsteypum í ýmsum stærðum eftir Ásmund Sveinsson.

Einstakar tækifærisgjafir í Listasafni Reykjavíkur

Sjá nánar á heimasíðu safnsins
www.listasafnreykjavikur.is

Í versluninni Kraum á Kjarvalsstöðum er einnig fjölbreytt úrval af einstakri íslenskri hönnunarvöru.

Opnunartími	Hafnarhús Kjarvalsstaðir Ásmundarsafn	10-17, fimmtudaga 10-22 10-17 Lau. og sun. 13-16	Aðgangur ókeypis

www.listasafnreykjavikur.is listasafn@reykjavik.is Sími 590 1200 Fax 590 2101

Fermingarveislan er hafin

Þú átt að elska rúmið þitt

Crown heilsurúm

Aðeins
kr. 10.541,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 119.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro standard heilsurúm

Aðeins
kr. 11.915,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 135.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Chiro Deluxe heilsurúm

Aðeins
kr. 12.773,- á mán.
vaxtalaust í 12 mán.
Fermingartilboð kr. 145.900,-
Stærð 120x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

Sjá nánar á www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

NISSAN NAVARA 35". Árgerð 2009, ekinn 400 km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 5.800 þús. Skipti á ódýrara/dýrara Rnr.128719

BMW 730D. Árgerð 2006, ekinn 59 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Gríðalega mikið útbúin bíll á góða verðinu , EIÐSLA 9 lítrar innanbæjar Staðgreiðsluverð 8.9. millj rétt verð ásett 15 Millj Rnr.101937

TOYOTA HILUX Double cab TDI 38" Breyttur. Árgerð 1998, ekinn 261 þ.km,5 gírar. Verð 1.590þ flottur bíll Rnr.129937 VEGNA MIKILLAR SÖLU OG EFTIRSPURNAR AÐ UNDANFÖRNU ÓSKUM VIÐ EFTIR FLEIRI HJÓLHÝSUM OG ÖÐRUM FERÐAVÖGNUM Á SÖLUSKRÁ OKKAR. WWW.HOFDABILAR.IS

TEC TRB 410. Árgerð 2008. KOJUHÚS Verð 2.190þ möguleiki á allt að 70% fjármögnun Er á staðnum Rnr.129857 VEGNA MIKILLAR SÖLU OG EFTIRSPURNAR AÐ UNDANFÖRNU ÓSKUM VIÐ EFTIR FLEIRI HJÓLHÝSUM OG ÖÐRUM FERÐAVÖGNUM Á SÖLUSKRÁ OKKAR. WWW.HOFDABILAR.IS

TEC TRAVEL KING 690 TKM KOJUHÚS Árgerð 2006, Verð 3.690Þ áhvl. 2.470þ afb.61þ Er á staðnum Rnr.129944 VEGNA MIKILLAR SÖLU OG EFTIRSPURNAR AÐ UNDANFÖRNU ÓSKUM VIÐ EFTIR FLEIRI HJÓLHÝSUM OG ÖÐRUM FERÐAVÖGNUM Á SÖLUSKRÁ OKKAR. WWW.HOFDABILAR.IS

HOBBY 560 PRESTIGE UKF Árg 2005 Kojuhús, Eins og nýtt!!!. Verð 2.890þ Er á staðnum Rnr.151388 VEGNA MIKILLAR SÖLU OG EFTIRSPURNAR AÐ UNDANFÖRNU ÓSKUM VIÐ EFTIR FLEIRI HJÓLHÝSUM OG ÖÐRUM FERÐAVÖGNUM Á SÖLUSKRÁ OKKAR. WWW.HOFDABILAR.IS

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

BMW X5 9/2003 Ek.75þkm. Sjálfsk. Álfelgur, aksturstölva, glertopplúga, hraðastillir, leður, kastarar, rafdr.sæti/speglar/rúður, cd/útv. þjón.bók. Ásett verð 3690þús.

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

Bílar til sölu

DÍSEL
Til sölu Toyota Avensis dísel nýskráður 06.02.2002 nýskoðaður 2011 án athugasemda, bílinn er ekinn 261.000 en er í góðu standi, búið að skipta um tímareim og kúplingu. Ásett verð er 890.000 ath skipti á ódýrari upplýsingar í síma 693-5053.Þessi bíll er með D4 vélinni og eyðir ca 7 lítrum á hundraði. Bílinn stendur á Bílabankanum S:588-0700 eða 693-5053

7 MANNA
Til sölu Toyota Previa 7 manna nýskráð 20.04.2005 nýskoðaður 2011 ekinn 178.000 og er í toppstandi ásett verð er 2.890 þúsund áhvílandi 1250 þúsund hjá sp fjármögnun ca 33.000 á mán, ath öll skipti á ódýrari bíl, hjóli eða vélsleða. upplýsingar í síma 693-5053. Bílinn stendur á Bílabankanum S:588-0700

Til sölu Toyota Carina E station árg. ,95 ek. 200þ. Verð 220þ. Uppl. í s. 848 5280.

Audi A4 Turbo 2006, sjálfsk., leður, xenon, bluetooth, rafmagn í öllu, loftkæling, 17" álfelgur, ek 50 þús., glæsilegt eintak. Skuldlaus. Upplýs 825 2424

0-250 þús.

M.Benz,86 260e w124,ek298þ,ssk,sk10. Verð 230þús,fyrstur kemur fyrstur fær 847 2003.

250-499 þús.

Tilboð 350 þús
Ford Escort árg.' 98, ek. 160þús nýsk. ,11 sumar og vetrardekk. Verð 350þús. Uppl. s. 659 3459.

Opel Astra, 2000. Skoðaður 2011, á nýjum dekkjum. Ek. 120þ. Í toppstandi! Verð: 320þ. 894-7261 - Eggert

500-999 þús.

Citroen Berlingo 5 manna, 2005/10, 1600 vél, 103 þús km, ný tímareim, krókur, 890.000 kr s 6634898

Sjálfskiptur á TILBOÐI
Til sölu Toyota Avensis S/D 2.0 D4 bensín vél (eyðir minna), nýskr. 5.12.2000, ekinn 131 þ km sjálfskiptur, álfelgur, CD, filmur, rafmagn í rúðum, þokuljós, ný smurður, skoðaður 2011, góður og flottur bíll. Verð 880.000- Tilboð 750.000- Uppl. í síma 861-7600

Bílar óskast

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

Óska e.að kaupa Skoda Octavia árg.2000 eða yngri. Uppl.í s:8660471

Sparneytinn bíll óskast
Á 50-300 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 892-1994.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar, á ca. 20-120 þús. Stgr. Uppl í Síma 8966744

Er með Jeep cherokee árg.'95 + 200þ. í pen. Vantar diesel pick up. Uppl. í s. 863 5699.

Jeppar

Hilux ,94 33" 235.þúskm 220þús stg 4runner ,91 35"187þúskm 160.þús stg uppl í síma 6150802

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Vörubílar

OK VARAHLUTIR
Varahlutir -Varahlutir
Nýjir, uppgerðir og einnig notaðir varahlutir fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubíla. Útvegunarþjónusta, lagervörur, árátuga reynsla S: 897-1050 -696-1050. okspares.os@simnet.is

Er með Scaniu kranabíl í skiptum fyrir Skotbómu lyftara. Uppl. í s. 863 5699.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Vélsleðar

Lynx 800ho 121" árgerð 2007 ekinn ca 1600km negldur, farangursbox,stýristaska & rafstart. Vel með farinn. Verð 1490þ tilboð 1390þ er til sýnis hjá Ellingsen, fiskislóð 2 uppl. í síma 840-1757 & 820-1418

Vinnuvélar

Lyftarar

Lyftari, Balkkalscar, nýsk árg. ,91. Lyftigeta 1600 kg m/ snúningi. Einnig harðfiskrulla. S. 899 7484.

Bátar

Handfærarúllur
BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is

Óska eftir vel útbúnum gráselppubát til leigu. Einnig kemur til greina að leigja strandveiðibát. S. 897 6705.

Hjólbarðar

Þarftu að láta hjólastilla bílinn?
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

Varahlutir

BMW, M. Benz, Opel, WV, Audi og Skodi
bifreid.is

NET-PARTAR
PARTASALA ..NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Ljósboginn ehf

Startarar og alternatorar
Fyrir flestar gerðir Fólksbíla,jeppa,vörubíla og vinnuvélar, varahluta og viðgerðaþjónusta. Gerum föst verðtilboð í viðgerðir þér að kostnaðarlausu. Ljósboginn yfir 50ár í þjónustu við bíleigendur! Bildshöfða 14 sími 553-1244.

Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Japanskar Vélar Varahlutasala
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

Japanskar Vélar Varahlutasala
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

VW, Skoda, Audi. S. 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

partabílar.is 770-6400
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara ,05 Yaris ,05 BMW 525 disel ,02 Honda Civic ,97 Renult Kango ,99, Dodge Carvan ,97 og Nissan Primera ,99, almera ,99, Peugot 306 ,98. Kia Spotage ,00, Jeep Grand Cheroke 4,7 ,99 Kaupum bíla í niðurrif.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Veislusalir

Veislusalur til leigu með eða án veitinga. Uppl. s. 696 2242.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

A-Ö Þrif & Hreinlæti
Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja



Trjáklippingar og fellingar, laufahreinsun, stéttahreinsun, þökulagnir, girðingasmíði, jarðvegsvinna og margt fleira. Garðar Best ehf s. 698 9334 garðarbest.is netfang: gardarnest@gardarbest.is Facebook: Garðar best

Trjáklippingar / fellingar / sláttur
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

Trjáklippingar
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Bókhald

Skattframtal 2010
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila frá 5.000 kr. Ég er viðskiptafræðingur Cant.Oecon. Með mikla reynslu. Ódýr og góð þjónusta. Kíktu á www.skatt.is S:661-3703
S. 661 3703. www.skatt.is

FRAMTAL 2010
Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Opið einnig um helgar.
Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Skattaframtal 2010
Bókhald,framtöl,stofnunfél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Fjármál

Fjármálaráðgjöf, útreikningar og gagnaöflun vegna greiðsluaðlögunar, yfir 20 ára reynsla, sími: 577-7796, 770-7796, www.regis.is

Skattframtal 2010. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR s. 663 4141.

Málarar

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Múrverk, flísalagnir, smíðavinna, málingarvinna, parketvinna og margt fleira. s. 771 6673.

N & V Verktakar ehf
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Smíði, múrun, málun og flísalögn....
Iðnaðarmannateymi óskar eftir verkefnum inni og úti. Bað, eldhús, verönd. Allt kemur til greina. Sjá; verkadvinna.is. S. 770 5599.

Lekur þakið ?
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Stífluþjónusta

Tölvur

Vandaðar tölvuviðgerðir
Microsoft vottun. 15 ára reynsla. Þjónustum einstaklinga og fyrirtæki. www.midnet.is Miðnet ehf S. 564 0690

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 5015 & 841 9253.

NUDD
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 4850 & 857 5015.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

NUDD NUDD NUDD. Whole body massage. S.692 2126

Whole body massage. S. 692 3219.

Whole body massage. S. 849 5247

Spádómar

Steinunn 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Opið 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

KEYPT & SELT

Til sölu

Er leiðinlegt að ryksuga ?
- Takmarkað magn eftir -
Eigum takmarkað magn eftir af Robotryksugum á þessu frábæra verði. 27.800 kr. Eigum einnig eftir eitthvað af þjófavörnum fyrir símalínu 19.900 kr.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Vatnsvirkinn auglýsir:
Vegna flutninga erum við að selja nýlegt hillukerfi og brettarekka á miklum afslætti. Einnig eru skrifstofu húsgögn og skápa einingar til sölu.

Staðsetning:
Ármúli 21 vestan megin
Hvenær: 9:00 til 17:00
virka daga.

Óskast keypt

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumalltgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Óska eftir svefnsófa með rúmfatageymslu (klikk klakk). Ódýrt/gefins, S 692 3625

Óska eftir að kaupa gamla mynt eða seðla. Kaupi gullmynt og minnispeninga frá seðlabankanum. Sigurður 825 1016.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

Verslun



HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife
Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Frábært nudd - good massage. S. 844 0329 & 846 1397.

NÝTT SPA - DREAM OASIS
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

NUDD TILBOÐ FYRIR 2 KR. 9900
Skrúbb, heitur pottur og nudd. Tilboð í DETOX fyrir 2 kr.9000. Margar tegundir af nuddi, slökun, snyrting, veitingar, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Ekkert sex nudd, NO sex massage. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantanir 445 5000. J. B. Heilsulind.

Styrktaraðilar

Síminn Arion banki Íslenskt grænmeti

Þjónusta

HRADPENINGAR.IS
Vantar þig lán strax?
SMS 1917
10.000-40.000 kr. beint á bankareikning þinn.
Skráðu þig núna á www.hradpeningar.is s.511 1917.

Fundir / Mannfagnaður

MATVÍS

AÐALFUNDUR

Aðalfundur MATVÍS verður haldinn 24. mars næstkomandi klukkan 16.30.

Fundurinn verður haldin á Stórhöfða 31. Gengið er inn Grafarvogsmegin.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagar eru hvattir til að mæta og taka þátt í starfi félagsins.

Fræðslufundur Minja og sögu

Saga Íslands – einkum tímabilið 1874–1918
Fyrirlesari: Sigurður Líndal

Næsti fræðslufundur Minja og sögu verður haldinn í Þjóðminjasafni Íslands, fimmtudaginn 25. mars n.k. og hefst kl. 17.15.

Að þessu sinni ræðir Sigurður Líndal, annar ritstjóri Sögu Íslands, um 10. bindi verksins sem kom út í desember 2009. Það fjallar um atvinnubyltingu og ríkismyndun 1874–1918, raunsæi og nýrómantík í bókmenntum 1882–1918 og hægfara þróun til nútíma listar á 19. öld.

Að loknum fyrirlestri mun Sigurður svara fyrirspurnum.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér gesti.

Allir velkomnir.
Ókeypis aðgangur.

Stjórnin

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Aðalfundur SFR

verður haldinn að Grettisgötu 89, fimmtudaginn 25. mars kl. 17.

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Stjórnarkjör kynnt.
5. Kosinn löggiltur endurskoðandi, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
7. Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða.
8. Kosið í stjórnir orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs og starfsmenntunarsjóðs samkv. reglum þeirra.
9. Fjárhagsáætlun.
10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
11. Önnur mál.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

ICELANDIC - ANGIELSKI dla POLAKÓW NORSKA - ENSKA fyrir BÖRN
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30/18-19:30, start 29/3, 26/4. Level II: 4 w. Md to Fr; st. 19:45-21:15, st 29/3. Level III: 4w. 13-14:30 st:29/3. Level IV 4w. Mnd-Fri 8-9:30/16-17:30; st.29/3. Level V: 4w. Mnd-Fri 8:00-9:30, st 12/4. ANGIELSKI dla POLAKÓW: 5 weeks: Level I: 5 weeks; Md to-Thu; 10:30-12 or 17:30-19:00 st. 26/4. Level II: 7 w; 9-10:30 or 19:15-20:45 Md, We, Fri, st. 26/4. NORSKA;4 vikur, mán til fös kl 19:45-21:15, stig I: 26/4 og stig II:/3. ENSKA f. BÖRN 5-8 ára, 8 vikur; þri/fim kl 16:30-17:30: 30/3. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Íslenska fyrir útlendinga
Íslenska, stig 1 til 5
Íslenska fyrir Pólverja
Talþjálfunarnámskeið
Næstu námskeið hefjast 8. apríl
MÍMIR símenntun
Skráning í síma 580 1808 eða á www.mimir.is

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University. For more info call 692 0649

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu 130 fm 5 herbergja björt og vel skipulögð íbúð í nýju parhúsi í Hveragerði, myndir og fleiri upplýsingar á www.stikluibudir.is sjón er sögu ríkari Nánari upplýsingar í síma 824 5050.

Til leigu 2ja herbergja nýleg íbúð við Hæðargarð á jarhæð. mikil sameign. leiguverð 100þ á mán. uppl í síma 898 4125.

Til leigu 180 fm raðhús í Grunarhverfi á Kjalarnesi. Laust strax. V. 160 þús. Innif. hiti og rafm. S. 660 3398.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu herb. á Grettisgötu. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

SKAMMTÍMALEIGU
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 866 7511 milli kl. 13-17. Alla virka daga.

Sumarbústaðir

Sumarhús til leigu.
Staðsetning í Grímsnesi. Laust um páskana. Uppl. í s. 663 4374.

Aukin sala - Frí verðmatsskoðun Jón Rafn hjá Valhöll S 695-5520

Atvinnuhúsnæði

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Góð aðkoma. Uppl. í síma 896 0551.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Bílskúr

Til leigu 26fm bílskúr í Hfj., sanngjörn leiga. Uppl. í s. 893 9540.

Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Vitabar - Hlutastarf
Starfskraft vantar alla virka daga frá kl. 10.00- 14.00. Kvöld og helgarvaktir einnig í boði. Uppl. í s. 846 2643.

Heildverslun í Hafnarfirði með nærfatnað og fl.
Óskar eftir duglegum og samviskusömum starfskrafti í sölumennsku og útkeyrslu með vörur.

Áhugasamir sendið uppl. á netfangið kristjan@christel.is f. 29. mars.

-ATVINNA-
Starfskraft vantar í prentun og myndvinnslu. Góð kunnátta á photoshop & illustrator nauðsynleg. Reglusemi, stundvísi, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði. Vinsaml. sendið umsókn - ferilskrá á bokhald@spesart.is

Starfskraftur óskast
Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

Óskum eftir röskum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöð hjá Bílkó. Frekari uppl. gefur Guðni í S. 618 0560.

Íslensk fjölsk. með 2 börn búsett í Lúxemborg óskar eftir au-pair frá 1. apríl. Áhugasamir hafið samband í síma 496-0276 eða á emailið elisabetolafs@mac.com

Atvinna óskast

Vant starfsfólk óskast í eldhús og þjónustu í sal. Veitingahúsið Gamli baukur. S. 464 2442 & 696 2227. gamlibaukur@gmail.com

Handlagnir menn óskar eftir vinnu. Leggjum flísar, parket, málum og allt viðhald. S. 847 2448.

TILKYNNINGAR

Fundir

Kalak Fyrirlestur
Ragnar Hauksson flytur fyrirlestur í máli og myndum um sögu austur-Grænlands fimmtudagskvöldið 25.mars kl.20 á veitingastaðnum Atid, Laugavegi 73.Allir Velkomnir. KALAK Vinafélag Grænlands og Íslands

Einkamál

Spjalldömur 908 1616

Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.

908 1616.

The Purple Rabbit
PurpleRabbit.is

Hef áhuga á að kaupa Tischer pallhýsi. Upplýsingar í síma 899 3766.

Þjónusta

Vel merkt vara vekur athygli neytandans
Vörumerking
Bæjarhrauni 24 -220 Hafnarfjörður
Sími 414 2500 - www.vorumerking.is

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

1TB
HDMI EDITION • 1080i

Nýi Argosy HDMI marmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum, spilar af öðrum flökkurum og USB lyklum

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum flökkurum með USB
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

31.900
AÐEINS TIL PÁSKA!

EITT ÖFLUGASTA DX11 SKJÁKORTIÐ

HD5770
1GB SKJÁKORT

- 1GB GDDR5 4.8GHz háhraða minni
- DirectX 11 tækni fyrir nýjustu leikina
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- Örsmár 40nm kjarni aðeins 14-61W
- HDMI, DVI, DisplayPort, 7.1 TrueHD
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16
- Mjög hljóðlát 80mm koparkæling

34.900
POTTÞÉTT Í NÝJUSTU LEIKINA

ÞESSI GERIR ALLT (NÆSTUM ÞVÍ:)

MP550
FJÖLNOTAGRÆJA

- Prentar, skannar og ljósritar
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- ChromaLife100+ ljósmyndatækni
- Prentar 9.2 bls á mín í sh og 6 í lit
- 100% jaðarprentun á allt að A4
- 2400x4800dpi hágæða A4 skanni
- 1.8" litaskjár sýnir myndir og aðgerðir

19.900
ÞRÁÐLAUS MP560 AÐEINS 29.900

1TB
LACIE FLAKKARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

19.900
500GB AÐEINS KR. 14.900

NÝ KYNSLÓÐ
MEIRI MYNDGÆÐI SKERPA OG LITADÝPT MEÐ NÝJUSTU LED TÆKNI

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

BenQ

24"LED
BENQ FULL HD LED SKJÁR

Ný kynslóð tölvuskjáa með LED tækni sem skilar enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt ásamt framúrskarandi Senseye3 tækni og á ótrúlegu tilboðsverði.

- 24" LED FULL HD 1080P 16:9 LCD
- 5.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

44.900
22" LED SKJÁR 34.900

SÁ INNSTI OF SINNI TEGUND

LACIE

500GB
RIKIKI FLAKKARI

- 500GB LACIE hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús

19.900
250GB AÐEINS KR. 14.900

8GB
VIDEO OG MP3

- 2.8" LCD hágæða litaskjár
- 8GB minni, hleðslurafhlaða
- Snertiskjár fyrir allar aðgerðir
- Spilar MP3, WMA ofl tónlist
- Spilar MP4, MPG, AVI ofl. kvikmyndir
- FM útvarp, heyrnartól og hulsa

19.900
COBY MP826 MP3 OG VIDEO SPILARI

1080P FULL HD

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

24"
SJÓNVARP

- 24" FULL HD 1080P 16:9 sjónvarp
- 10.000:1 Dynamic skerpa og 5ms
- 24P RealCinema og Senseye tækni
- DVB-T stafrænn móttakari
- HDMI, SCART, VGA, S-VHS ofl. tengi
- 2x 5W RMS víðóma hátalarar

69.900
BenQ FULL HD SJÓNVARP

VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

VEFMYNDAVÉLAR
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

MINNISLYKLAR
20% AF ÖLLUM USB MINNISLYKLUM

4BLS BÆKLINGUR

SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR
Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

SB143

LJ71

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 17.3" HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

packard bell

149.900

VAXTALAUST 12.866 Í 12 MÁNUÐI

JN522

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

packard bell

TJ75

- Intel Core i3-330M 2.13GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD5470 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

169.900

VAXTALAUST 14.583 Í 12 MÁNUÐI

HVERGI BETRA VERÐ

5410

acer

5542

- Athlon Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD CineCrystal 1366x768 skjár
- 512MB ATI Radeon HD4200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

109.900

VAXTALAUST 9.433 Í 12 MÁNUÐI

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL

packard bell

CU224

TJ65

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ein öflugasta fartölvan í dag með öflugu GeForce G105 Hybrid-SLI leikjaskjákorti, 15.6" HD LED skjá og alla nýjustu tækni

- Intel Dual Core T4300 2.1GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB GeForce G105M skjákort
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

144.900

VAXTALAUST 12.437 Í 12 MÁNUÐI

IdeaPad

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR TAKMARKAÐ MAGN

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1" LED UltraBright 1024x600
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- 54Mbps þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Fislétt aðeins 1.2KG og örþunn
- Windows XP Home

lenovo

49.900

VAXTALAUST 4.283 Í 12 MÁNUÐI

8414

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ACER FARTÖLVUM

ASPIRE 1410

- Intel Core 2 Solo SU3500 1.4 GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 11.6" HD LED CrystalBrite 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- Glæný rafhlöðutækni allt að 6 tímar
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

acer

79.900

VAXTALAUST 6.858 Í 12 MÁNUÐI

ACER 5517

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD CineCrystal 1366x768 skjár
- 512MB ATI Radeon HD3200 skjást.
- 54Mbps þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

acer

89.900

VAXTALAUST 7.716 Í 12 MÁNUÐI

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

OPNUNARTÍMAR

Mið, fim, föstudag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3% lántökugjaldi ásamt greiðslugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

Aukið öryggi og ánægðari farþegar

UMRÆÐAN
Reynir Jónsson skrifar um almenningssamgöngur

REYNIR JÓNSSON

Starfsmenn Strætó bs. fagna þessa dagana frábærum árangri á tveimur sviðum, sem full ástæða er til að halda á lofti: Á dögunum fékk fyrirtækið forvarnaviðurkenningu VÍS fyrir góðan árangur í forvarnamálum – og í síðasta þjónustumati mældist gæðavísitala Strætó bs. hærri en nokkru sinni. Hvort tveggja má þakka samstilltu átaki frábærra starfsmanna sem kappkosta að bjóða farþegum hagkvæman, öruggan og umhverfisvænan valkost í samgöngum.

Auk þess að bæta umferðaröryggi hafa umtalsverðir fjármunir sparast á síðustu árum eftir að farið var að taka með markvissum hætti á forvarnamálum í góðu samstarfi við VÍS. Síðastliðið ár hefur verið unnið að atvikaskráningu hjá Strætó bs. Þegar hefur verið sýnt fram á mælanlegan árangur forvarnastarfsins. Fjöldi tjóna á árinu 2006 var 304 en hefur minnkað ár frá ári og var kominn niður í 197 á síðasta ári, sem er frábær árangur.

Með atvikaskráningunni eru upplýsingar um öll tjón og tjónaaðstæður skráðar á nákvæmari hátt en áður. Um leið gefast meiri möguleikar á áhættugreiningu og eftirfylgni til úrlausna. Skráningin hefur t.d. vakið athygli á ákveðnum stöðum þar sem mikill fjöldi tjóna verður og varhugaverðum aðstæðum. Slíkar upplýsingar fækka tjónum.

Árlega er gert þjónustumat meðal farþega. Í niðurstöðum nýjasta þjónustumatsins hefur vegin gæðavísitala þjónustu Strætó bs. aldrei verið hærri en nú. Þetta skýrist einkum af því að ánægja farþega með hitastig og innanþrif vagna mælist meiri en áður, stundvísi og aksturslag hefur batnað og viðmót vagnstjóra mælist mun betra en áður. Um 650 farþegar tóku þátt í þjónustumatinu.

Þessi árangur náðist ekki af sjálfu sér. Hann er beinn afrakstur verkefna sem ráðist hefur verið í innan fyrirtækisins að undanförnu. Þar má nefna hertar kröfur um þrif vagna og tímaáætlanir einstakra leiða sæta reglubundinni endurskoðun, sem hefur leitt til bættrar stundvísi. Nýtt þjónustuver Strætó veitir alla farþegaþjónustu ásamt samræmingu og skipulagi alls aksturs á þjónustusvæðinu. Þá hefur aðgengi farþega að upplýsingum og kortakaupum á vef Strætó verið stórbætt. Nú nýtir um fjórðungur viðskiptavina vefinn til að kaupa strætókort og farmiða.

Hjá Strætó bs. starfar öflugur hópur fólks sem hefur í fyrirrúmi stundvísi, áreiðanleika, fagmennsku og gæði. Við höfum gaman af að sjá mælanlegan árangur af verkum okkar og hyggjumst ekki láta staðar numið hér, heldur bæta okkur enn frekar á komandi árum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Strætós bs.

Búið að kjósa um kvótann

UMRÆÐAN
Sigurjón Þórðarson skrifar um sjávarútvegsmál

Fyrir alþingiskosningar lofuðu núverandi stjórnarflokkar að fiskveiðiauðlindin yrði í þjóðareign og að látið yrði af mannréttindabrotum. Þegar Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra og Atli Gíslason, formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, voru í stjórnarandstöðu fluttu þeir sérstakt þingmál ásamt þingmönnum Frjálslynda flokksins, um að breyta stjórn fiskveiða í samræmi við úrskurð Mannréttindanefndar SÞ. Ríkisstjórn Vg og Samfylkingar festi síðan kosningaloforðin í stefnuyfirlýsingu sína og skýrt var tekið fram í henni að tryggja ætti jafnræði við úthlutun afnotaréttar og aðgengis að sameiginlegri auðlind. Það er sem sagt búið að kjósa um kvótann.

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Ríkisstjórnin hefur svikið að uppfylla fyrirheit sín. Varaþingmaður Samfylkingarinnar hefur lýst því að þingið geti ekki komið í veg fyrir rán á fiskveiðiauðlindinni. Það hefur orðið hvati þess að hópur ábyrgs fólks hefur stofnað samtökin Þjóðareign, sem hafa það að markmiði að tryggja að fiskveiðiauðlindin verði í almannaeign. Leiðin til þess er að setja illræmt kvótakerfi í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessi aðferð fékk óvæntan stuðning frá forsætisráðherra þjóðarinnar, Jóhönnu Sigurðardóttur, en hún ásamt Steingrími J. Sigfússyni eru einu þingmennirnir sem enn sitja á Alþingi sem samþykktu framsalið og kvótabraskið á sínum tíma. Stuðningur Jóhönnu við þjóðaratkvæðagreiðslu um kvótann kemur á óvart í ljósi þess að hún taldi það tímasóun að taka þátt í fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslunni á lýðveldistímanum. Á kjörtímabilinu hefur forsætisráðherrann komið í veg fyrir að þjóðin fái að segja sína skoðun um hvort sækja eigi um aðild að ESB og sömuleiðis hafnað því að þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að ESB verði bindandi. Efast má því um að það sé raunveruleg vilji Jóhönnu Sigurðardóttur að þjóðin eigi að greiða atkvæði um kvótakerfið. Ríkisstjórnin er einfaldlega að drepa á dreif umræðu um svikin loforð.

Ef forsætisráðherra er alvara að vilja breyta kvótakerfinu, þá væri hann ekki með neinar refjar heldur hrinti boðuðum breytingum í framkvæmd.

Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ásgeir Hallsson

Hvassaleiti 101, Reykjavík,

andaðist á Droplaugarstöðum sunnudaginn 21. mars.

Margrét Halldóra Sveinsdóttir
Guðný Ásgeirsdóttir Stauble **Markus Stauble**
Ásgeir Ásgeirsson **Ingibjörg Ýr Pálmadóttir**
afabörn og langafabarn.

†

Elskulegur sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

Stefán Brynjar Óskarsson

lést þann 6. mars í Kaupmannahöfn. Útförin verður auglýst síðar.

Erna Stefánsdóttir
Arnar Steinþórsson
Rósa Hlín Óskarsdóttir **Guðjón Egilsson**
Sunna Arnarsdóttir
Tinna Arnarsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför,

Páls Theódórs

frá Stórholti.

Guðbjörg Jónsdóttir
Guðmundur Theódórs **Þrúður Karlsdóttir**
Elinborg Theódórs **Bjarni Jensson**
Benedikta Theódórs **Ólafur Gunnlaugsson**
Jón Brands Theódórs **Ragnheiður Benediktsdóttir**
Páll Theódórs **Hrafnhildur Árnadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar eiginkonu minnar, mömmu, tengdamömmu og ömmu,

Ruthar Kristjánsdóttur

Sæviðarsundi 100,

og heiðruðu minningu hennar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Landspítalanum við Hringbraut og hjá hjúkrunarþjónustunni Karitas, sem annaðist hana í veikindum hennar.

Óskar Hjartarson
Sigurborg Óskarsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir **Árni Árnason**
Hrafnhildur Árnadóttir
Arngunnur Árnadóttir
Valgerður Árnadóttir

†

Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Upplýsingar um stærðir og verð, hafið samband í síma 512 5490 - 512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Jónsdóttir

frá Vatnsnesi í Keflavík,
Sólheimum 20, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakots laugardaginn 20. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 26. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Grensásvegi 7, Reykjavík, sími 533-4900.

Jóhann Hjartarson
Bjarnfríður Jóhannsdóttir **Örn Bárður Jónsson**
Jóhann Jóhannsson **Jóna Lúðvíksdóttir**
Málfríður Jóhannsdóttir **Ragnar Snær Karlsson**
Hjörtur Magni Jóhannsson **Ebba Margrét Magnúsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Þorsteinsson

Gullsmára 5,

er andaðist sunnudaginn 14. mars, verður jarðsunginn föstudaginn 26. mars frá Dómkirkjunni í Reykjavík klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins, s. 543 3724 eða hringurinn@simnet.is

Sæunn Mýrdal Sigurjónsdóttir
Steinunn I. Einarsdóttir **Halldór Runólfsson**
Þorsteinn Einarsson **Guðrún H. Eiríksdóttir**
Þórir Einarsson **Guðrún Aradóttir**
og fjölskyldur.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Páll Ólafsson

bóndi, Brautarholti, Kjalarnesi,

sem lést á Landspítalanum þriðjudaginn 16. mars, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 26. mars kl. 13.00.

Guðrún Pálsdóttir **Sveinn G. Segatta**
Ásta Pálsdóttir **Gunnar Páll Pálsson**
Þórdís Pálsdóttir
Ingibjörg Pálsdóttir
Bjarni Pálsson
Ólöf Hildur Pálsdóttir **Sigurður Valgeir Guðjónsson**
og barnabörn.

†

Yndislegur eiginmaður minn, besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Magnús Jóhann Magnússon

skipstjóri frá Hrísey
Birkiási 35, Garðabæ,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut, mánudaginn 15. mars, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 26. mars kl. 13.00.

Anna Björg Björgvinsdóttir
Grétar Þór Magnússon **Hrönn Hreiðarsdóttir**
Magnús Snorri Magnússon **Jóhanna Rós F. Hjaltalín**
Linda Sólveig Magnúsdóttir **G. Freyr Guðmundsson**
Arnheiður Fanney Magnúsdóttir **Guðmundur R. Bjarnason**
Haraldur Róbert Magnússon **Hrafnhildur Björnsdóttir**
og barnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

LEIKKONAN LARA FLYNN BOYLE ER FERTUG.

„Um leið og þér fer að verða sama hvað fólk er að hugsa, ferðu að hafa það gott.“

Lara Flynn Boyle hefur löngum verið milli tannanna á fólki vegna líkamsþyngdar sinnar og vaxtarlags. Hún hefur leikið bæði í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum og fór meðal annars með hlutverk Donnu Hayward í þáttunum Twin Peaks.

tímamót

timamot@frettabladid.is

GAMAN AÐ GETA MYNDSKREYTT SJÁLF Kristín Arngrímsdóttir, myndlistarkona og rithöfundur, hlaut Fjöruverðlaunin fyrir barnabókina Arngrímur apaskott og fiðlan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRISTÍN ARNGRÍMSDÓTTIR: HLAUT FJÖRUVERÐLAUNIN FYRIR BARNABÓK

Með apaskottið enn í höfðinu

Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna voru veitt í fjórða sinnið á sunnudaginn var. Kristín Arngrímsdóttir, myndlistarkona og rithöfundur, var ein fjögurra sem hlutu verðlaun en hún skrifaði barnabókina Arngrímur apaskott og fiðlan.

„Sagan um Arngrím apaskott spratt upp úr vinnu minni hér á Borgarbókasafninu en ég var að myndskreyta trékoffort sem áttu að fara inn á leikskóla. Ég varð uppiskroppa með myndir á síðustu koffortin og bjó því til sögu í höfðinu á mér sem ég myndskreytti út frá. Sögupersónan var apaskottið,“ segir Kristín um tilurð Arngríms apaskotts. Í framhaldinu fór hún svo með tvö af koffortunum niður í Sölku bókaforlag og spurði hvort áhugi væri á sögunni sem hún væri með í kollinum.

Kristín hefur starfað síðustu níu ár sem bókavörður á Borgarbókasafni Reykjavíkur. Áður hafði hún skrifað örsögur sem birtust í Tímariti Máls og menningar en Arngrímur apaskott er fyrsta bókin hennar sem gefin er út. Kristín myndskreytti bókina sjálf en hún hefur fengist talsvert við að myndskreyta barnabækur eftir aðra höfunda.

„Mér fannst mjög gaman að geta myndskreytt bókina sjálf og þurfa ekki að eiga við duttlunga annars höfundar en sjálfrar mín. Ég veit ekki hvaðan innblásturinn að bókinni kom en ég hef alltaf haft gaman af að klippa út, bæði myndir og dúkkulísur. Kannski kemur þetta til af því að hér á safninu er svo mikið til af pappír.“

Arngrímur apaskott stelur fiðlu í upphafi bókar og fer að spila á hana hljóð eftir því sem hann heyrir í kringum sig. Í umsögn dómnefndar segir að sagan „lýsi á hlýlegan hátt listþörfinni sem blundar í okkur öllum, hvernig tónlistin getur vakið gleði og sameinað ólíka heima“. Bókin er ætluð börnum á aldrinum þriggja til fimm ára og naut Kristín aðstoðar fjögurra ára barnabarns við gerð bókarinnar.

Kristín er Arngrímsdóttir og þegar blaðamaður forvitnast um nafnatengslin kemur í ljós að hún á líka son sem heitir Arngrímur. Hún segir þó Arngrím apaskott ekki eiga sér fyrirmyndir í þeim. „Ég spurði son minn reyndar hvort honum væri sama en ég held að pabba hafi kannski brugðið aðeins. Mér finnst Arngrímur bara svo fallegt nafn og sterkt og apaskott kemur síðan lítið og létt á eftir.“

Kristín kann vel við sig innan um bækur. Hún viðurkennir að það liggi ekki bara ein bók á náttborðinu hverju sinni heldur heill stafli enda hæg heimatökin að kippa með sér bókum úr vinnunni. Hún er að vonum ánægð með verðlaunin og segir þau vera henni hvatning.

„Nú finnst mér að ég hljóti að geta þetta fyrst ég hlaut verðlaun fyrir og verð hugrakkari fyrir vikið. Arngrímur apaskott er enn þá í höfðinu á mér og það er aldrei að vita nema hann taki upp á einhverju fleiru í framhaldinu.“

heida@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Bónus mælir með **Bónus mælir með** Bónus mælir m

COKE KIPPA 4 FLÖSKUR
x 2 LTR.= 8 LTR. **798 kr.**

BÓNUS
RISAPÁSKAEGG
HEILT KÍLÓ
1998
KR.STK

179
KR. 2LTR

BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.

1598
KR.KG

K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM

1398
KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

2698
KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBAFILLET /HRYGGVÖÐVI

598
KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

998
KR.KG

K.S FROSIÐ LAMBALÆRI

MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 16,7%AFSLÁTTUR

198
KR.POKINN

BÓNUS SNAKK 160g

598
KR.PK

FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI

129
KR.STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ HÁLFT
375g

398
KR.KG

BÓNUS KJÚKLINGABITAR

1598
KR.KG

KJÖRFUGL KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR

1598
KR.KG

BÓNUS KJÚLINGABRINGUR

898
KR.KG

NAUTAVEISLA: UNGNAUTAHAKK

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

HEIÐURSSKASKRÁ – TABULA HONORARIA FYRIR

Ragnarsbók

FRÆÐIRIT UM MANNRÉTTINDI
TIL HEIÐURS RAGNARI AÐALSTEINSSYNI,
HÆSTARÉTTARLÖGMANNI

Ragnar Aðalsteinsson hefur um áratuga skeið verið atorkusamur lögmaður og unnið ómetanlegt starf á sviði mannréttinda og stjórnskipunar íslensku samfélagi til hagsbóta. Í tilefni sjötugsafmælis hans ákváðu Mannréttindaskrifstofa Íslands og Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri að beita sér fyrir útgáfu fæðirits á sviði mannréttinda og stjórnskipunar honum til heiðurs. Hið Íslenska bókmenntafélag gefur nú út *Ragnarsbók* með ritgerðum á sviðum tengdum þjóðarétti, mannréttindum og réttarríkinu eftir valinkunna innlenda og erlenda fræðimenn.

Ritið verður 540 bls., vandað og veglegt í alla staði. Ritnefnd skipa Brynhildur G. Flóvenz, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Dögg Guðmundsdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir.

Þeir sem vilja heiðra Ragnar Aðalsteinsson að þessu tilefni, geta gerst áskrifendur að bókinni og fá nafn sitt (og maka) eða stofnunar birt með nöfnum annarra áskrifenda á heiðursskrá.

Senda má skráningu í netfangið hib@islandia.is
eða hringja í síma 588-9060.
Hið íslenska bókmenntafélag, Skeifunni 3b, 108 Reykjavík

Að snupra siðferðið

BAKÞANKAR
Kolbeins Óttarssonar Proppé

Sérkennileg umræða hefur komið upp í kjölfar hugmynda um að hernaðarfyrirtæki frá Hollandi hefji starfsemi á Suðurnesjum. Þeir sem hafa sett spurningarmerki við komu fyrirtækisins hafa, í blöðum, á öldum ljósvakans og á hinu alltumlykjandi interneti, þurft að sitja undir því að vera á móti atvinnuuppbyggingu, Suðurnesjum og gott ef nútímanum og framtíðinni var ekki hent með í pottinn. Þeir voru afturhald og kommar og gamaldags og skammsýnir og kreddufullir og ég veit ekki hvað og hvað. Og hvers vegna? Jú, þeir voguðu sér að setja spurningarmerki við það að græða fé á starfsemi tengdri hernaði.

ÞAÐ er sérkennilegt að nú, svo skömmu eftir að þjóðin rak af höndum sér ríkisstjórn í fyrsta skipti í sögunni, séu hugsjónir orðnar að skammaryrði. Fólk sé snuprað fyrir að vilja láta hugsjónir stýra gerðum sínum. Einhvern veginn hefði maður fyrirfram búist við því að einn fylgifiskur hrunsins hefði verið breyttur hugsanahátt-ur, en svo er ekki. Óvirðing fyrir hugmyndum annarra tröllríður enn umræðunni.

ÞEIR sem eru svo typpilsinna yfir hugsjónum þessa dagana verða hins vegar að svara því hvort þeir dragi einhver mörk út frá hugsjónum eða siðferði. Ef ekki má vera á móti umsvifum hernaðarfyrirtækis hér á landi vegna þeirra peninga sem það skilar inn í samfélagið, er þá eitthvað sem má vera á móti?

KJARNORKUVER? Olíuhreinsunarstöð? Vopnaverksmiðja? Vændishús? Mansalsmiðstöð? Þrælakista?

AUÐVITAÐ er hér verið að grípa til öfga í umræðunni, en aldrei þessu vant eiga þær nokkurn rétt á sér. Það er ekki einfaldlega hægt að blása þetta út af borðinu sem bull. Annaðhvort hefur siðferði fólks áhrif á afstöðu þess til hvernig peningar græðast, eða ekki. Hitt snýst svo bara um að finna línuna.

MÖNNUM getur þótt hollenska fyrirtækið ekki fara yfir þessi siðferðismörk, hver og einn verður að gera það upp við sig og hvar þau mörk liggja. En að gera lítið úr þeim siðferðismörkum hjá öðrum sýnir eitt af tvennu; þá hræsni að þykja siðferðismörk annarra ómerkilegri en eigin, eða það að viðkomandi hafi engin siðferðileg mörk. Sem er enn verra.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
& AGNAR MÁR MAGNÚSSON

SPLUNKUNÝ & SPENNANDI
tónlist frumflutt í Ráðhúsinu

Stjórnandi, einleikari og höfundur tónlistar er píanóleikarinn Agnar Már Magnússon, en Stórsveitin mun frumflytja heila efnisskrá nýrra verka eftir hann.

Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður

Ráðhús Reykjavíkur
Miðvikudag 24. mars. kl. 20:30
Aðgangur ókeypis

Auglýsingasími
512 54 01
Allt sem þú þarft...

Íslensk öndvegisrit og úrval þýddra heimsbókmennta í veglegri kiljuútgáfu

Tilboðsverð
1.590 kr.
Gildir til 6. apríl

Grunnur að **góðu** bókasafni

Íslensk klassík



Undir kalstjörnu eftir Sigurð A. Magnússon / **Snaran** eftir Jakobínu Sigurðardóttur / **79 af stöðinni** eftir Indriða G. Þorsteinsson / **Englar alheimsins** eftir Einar Má Guðmundsson / **Sögur og ljóð** eftir Ástu Sigurðardóttur / **punktur punktur komma strik** eftir Pétur Gunnarsson / **Samastaður í tilverunni** eftir Málfríði Einarsdóttur / **Bernskan** eftir Guðberg Bergsson / **Steinarnir tala** eftir Þórberg Þórðarson / **Bréf til Láru** eftir Þórberg Þórðarson

Erlend klassík

1. Sæti
Ævisögur 10-16.03.10
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Mobý Dick eftir Herman Melville / **Frankenstein** eftir Mary Wollstonecraft Shelley / **Fuglarnir** eftir Tarjei Vesaas / **Meistarinn og Margaríta** eftir Mikhaíl Búlgakov / **Lesarinn** eftir Bernhard Schlink / **Bréf til föðurins** eftir Franz Kafka / **Miðnæturbörn** eftir Salman Rushdie / **Ástin á tímum kólerunnar** eftir Gabriel García Márques / **Glæpur og refsing** eftir Fjodor Dostojevskí

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

! **ath kl. 11.**
Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda á Akureyri hefst í dag og stendur til þriðjudagsins 6. apríl. Lokað er föstudaginn langa og páskadag. Markaðurinn er á sama stað og undanfarin ár, við hlið Bakarísins við brúna, Gleráreyrum 2, rétt við Glerártorg. Opið er alla daga, jafnt virka daga sem um helgar, frá 11 - 18.

menning

menning@frettabladid.is

Magnús sem álfur í allra síðasta sinn

Nú styttist í mikla sýningu fyrir alla fjölskylduna en á laugardag leggur Latibær undir sig Laugardalshöllina. Hefur undirbúningur að Latabæjarhátíðinni staðið í langan tíma og verður öllu til tjaldað en fullyrt er að á hátíðinni komi Magnús Scheving fram í síðasta sinn sem íþróttaálfurinn. Staðfest er hverjir leika hinar landsþekktu persónur úr Latabæ: Örn Árnason er bæjarstjórinn, Gói er Glanni glæpur og við kynnum til leiks Unni Eggertsdóttur sem hina nýju Sollu stirðu.

Eftirfarandi stórstjörnur hafa þar að auki boðað gestakomu sína: Björgvin og Fransína mús, Ingó úr Veðurguðunum, Jónsi úr Svörtum fötum, Jógvan, Jóhanna Guðrún, Laddi, Skoppa og Skrítla og Sveppi & Villi.

Ráðgert er að skemmtunin taki um 70 mínútur en klukkutíma áður en fjörið hefst á sviðinu verður húsið opnað og það verður sannarlega nóg um að vera í anddyrinu þangað til tónleikarnir byrja. Töframaður mun leika listir sínar, krökkum mun bjóðast Latabæjarmyndatökur, hægt verður að taka þátt í lukkuleik og svo mætti lengi telja.

Boðið er upp á þrjú verðsvæði: númeraða stúku, ónúmeraða palla (uppselt) og ónúmerað standandi gólf. Á gólfinu verða þó sérstök barnasvæði í kringum fremsta hluta sviðsins og þar fyrir aftan sérsvæði fyrir foreldra viðkomandi barna, en á báðum þessum svæðum verður hægt að setjast á mjúkt gólf.

> Ekki missa af…

síðustu Háskólatónleikum vormisseris í dag kl. 12.30. Þá frumflytja Pamela De Sensi flautuleikari og slagverksleikararnir Eggert Pálsson og Frank Aarnink ný verk eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og Antonio Cocomazzi og í fyrsta skipti hér á landi verkið Iceland eftir Anthony Holland. Guðrún Ásmundsdóttir leikkona er sögumaður í verkinu. Tónleikarnir hefjast kl. 12.30 í Norræna húsinu.

Boðunardagur Maríu

Fáir minnast þess nú en boðunardagur Maríu var lengi vel í hávegum hafður og var ártal gjarnan miðað við hann víða um lönd. Kaþólskum var hann heilagur enda fyrsti dagur þeirra almæltu tíðinda að drottinn hafi numið staðar á hinni syndum spilltu jörð og boðberinn ekki af verri endanum. Á fimmtudag efnir kirkjukór Bústaðakirkju til veglegra tónleika í einu besta tónleikahúsi landsins, Landakotskirkju, og þar verða flutt lofkvæði ýmis til Maríu meyjar og fleiri lofsöngvar.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og leiðir Jónas Þórir organisti og kórstjóri kórinn með einvalaliði einsöngvara úr Kirkjukór Bústaðakirkju með formann kórsins, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, í broddi fylkingar. Aðrir einsöngvarar eru Gréta Hergils Valdimarsdóttir, Guðrún Jóhanna Jónsdóttir, Hlöðver Sigurðsson, Kristín Sædal Sigtryggsdóttir, Nathalía Druzin Halldórsdóttir, Svava Kristín Ingólfsdóttir og Sæberg Sigurðsson. Á tónleikunum mun séra Pálmi Matthíasson lesa ritningarorð. Miðasala er í Bústaðakirkju.

TÓNLEIKAR Jóhann Friðgeir fer fyrir hópi einsöngvara svo sem Grétu Hergils, Guðrúnu Jóhönnu, Hlöðveri Sigurðssyni, Kristínu Sædal, Nathalíu Druzin, Svövu Kristínu og Sæberg Sigurðssyni.

- pbb

Raggi Bjarna með stórsveit

Stórsöngvari íslenskrar dægurtónlistar, Ragnar Bjarnason, snýr aftur til upphafs síns á tveimur tónleikum með Stórsveit suðurlands þegar hann syngur með sveitinni lög úr söngbók big-bandsins á tónleikum á Selfossi í kvöld og í Iðnó annað kvöld.

Ragnar hóf feril sinn í hljómsveit föður síns á þeim árum þegar böndin voru stór á íslenskan mælikvarða og eltu bigband-hljóminn ameríska sem allsráðandi var frá blómatíma millistríðsáranna. Ragnar hefur síðan verið einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar og skemmt landsmönnum í stórum og smáum húsum um allt land.

Raggi Bjarna er engum líkur og er þekktur fyrir glaðværð sína og skemmtilega sviðsframkomu: fyrri hluta tónleikanna mun Stórsveitin leika ein og óstudd nokkur lög. Má þar heyra hefðbundin swinglög, samba og funk. Eftir hlé kemur svo Raggi Bjarna og tekur lagið. Þá munu hljóma lög eins og New York New York, My way, All of me, Paper Moon og líka nokkur lög sem alþjóð þekkir í flutningi Ragga til dæmis hans eigið lag, Barn.

Sunnlendingar og nærsveitamenn eru hvattir til að fjölmenna á þessa skemmtun sem verður bara í þetta eina sinn hér sunnanlands. Daginn eftir geta svo Reykvíkingar safnast saman og notið flutnings Ragga og Stórsveitar Suðurlands í Iðnó en langt er síðan svo feitur hljómur hefur heyrst í gamla samkomuhúsi iðnaðarmanna við Tjörnina.

pbb@frettabladid.is

TÓNLIST Ragnar Bjarnason syngur í kvöld og á morgun með Stórsveit Suðurlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÍRIS

Dafnis og Klói eftir Ravel

Á morgun verður hljómurinn fagur þegar Þorgerður Ingólfsdóttir kórstjóri mætir með Hamrahlíðarkóra sína í Háskólabíó og tekur þátt í tónleikum vikunnar með Sinfóníunni.

Flestir eru á einu máli um að balletttónlistin við Dafnis og Klói sé með því besta sem Maurice Ravel samdi um ævina, og er þó af nógu að taka. Goðsögnin um elskendurna ungu sem lenda í hremmingum þegar hin yndisfagra Klói er numin á brott af sjóræningjum, er allt í senn: ástleitin, spennandi, hrífandi fögur, en ballettinn hefur ekki heyrst í heilu lagi hér á landi svo áratugum skiptir. Æskubjartur hljómur þeirra Hamrahlíðarkórana fer einkar vel í þessu verki sem lýsir ungum ástum með svo mögnuðum hætti.

Auk þess hljómar á tónleikunum hin geysifagra Mathis der Malersinfónía eftir Paul Hindemith, annað lykilverk í hljómsveitartónlist 20. aldarinnar. Hindemith samdi sinfóníuna árið 1934 upp úr samnefndri óperu sinni um þýska málarann Matthias Grünewald, sem meðal annars gerði meistaralega altaristöflu í Isenheim. Hvorki sinfónían né óperan féllu yfirvöldum í geð í Þýskalandi á sinni tíð, nasistar lögðu hart að stjórnandanum Wilhelm Furtwängler að aflýsa flutningnum og að endingu flýði tónskáldið land undan ógnarstjórninni. Verkið hefur þó ávallt verið talið eitt það besta sem Hindemith samdi um ævina og sérstakt ánægjuefni að það skuli hljóma á tónleikum SÍ.

TÓNLIST Þorgerður Ingólfsdóttir leiðir kóra sína með Sinfóníunni í flutningi á Dafnis og Klóa eftir Ravel annað kvöld.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Eva Ollikainen. Hún er ekki nema 27 ára gömul en hefur þegar vakið verðskuldaða athygli víða um heim. Eva Ollikainen hefur meðal annars stjórnað Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníuhljómsveitunum í Stokkhólmi og Turku, Tapiola-sinfóníettunni og Sinfóníuhljómsveitunum í Helsingborg og Þrándheimi. Þá debúteraði hún við Konunglegu sænsku óperuna 2008 í óperum eftir Ravel og Stravinskíj, og hefur auk þess stjórnað við Finnska þjóðarballettinn. Hún kom fyrst til Íslands haustið 2005 og stjórnaði framhaldsskólatónleikum.

Þetta er í annað sinn sem hún stjórnar hljómsveitinni á þessu starfsári en síðast var hún hér í nóvember og stjórnaði Schumann og Brahms.

pbb@frettablaðið.is

NORRÆNA HÚSIÐ
Cornelis Vreeswijk
kvöldskemmtun
Aukatónleikar 27/3 kl. 21:00
Örfá sæti laus
Forsala á midi.is
NORRÆNA HÚSIÐ
Sérréttatilboð hjá Dill á tónleikakvöldi
DILL

Lýtalæknir heldur tónleika

Þórdís Kjartansdóttir, sem er eini kvenkyns lýtalæknirinn á Íslandi, heldur sína fyrstu tónleika hér á landi á Café Rosenberg á föstudagskvöld. Þar ætlar hún að syngja létta og ástríðufulla djasstónlist með frönsku ívafi.

„Það er mikið framboð af góðu tónlistarfólki á Íslandi en þegar maður er með tónlistina í blóðinu verður maður að fá útrás fyrir sönginn," segir Þórdís. „Þetta er ekkert annað en ástríða."

Þórdís lærði á píanó þegar hún var ung að árum og fékk þá að eigin sögn strangt klassískt tónlistaruppeldi. Þegar hún flutti til Frakklands til að læra að verða lýtalæknir fór hún að syngja fyrir hálfgerða tilviljun og á endanum var hún farin að syngja reglulega á fimmtudagskvöldum á djassklúbbi í Strasbourg. „Þetta voru langir dagar. Ég kláraði að vinna klukkan 20, fór síðan í sturtu og svissaði alveg um gír. Það var dálítið „kikk" að þora að gera eitthvað annað og kúpla sig frá öllu til að syngja," segir Þórdís. Hún flutti til Íslands í lok ársins 2006 eftir að hafa búið í Frakklandi í tíu ár og starfar bæði á Landspítalanum og í Glæsibæ. Hún segir það fara vel saman að stunda lýtalækningar og syngja djass. „Ef maður getur sinnt ástríðunni þá líður manni betur í lífinu. Ef það verður framhald á þessu held ég að þetta geri mig að betri lækni því ég verð ánægðari með lífið og tilveruna."

Með Þórdísi á tónleikunum, sem hefjast klukkan 21.30, spila Tómas R. Einarsson, Gunnar Gunnarsson, Vilhjálmur Guðjónsson og Scott McLemore. - fb

ÞÓRDÍS KJARTANSDÓTTIR Þórdís segir að tónlistin og lýtalækningarnar eigi mjög vel saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tónleikar til styrktar SÁÁ

Styrktartónleikar fyrir SÁÁ verða haldnir á fimmtudagskvöld í Vonarsalnum í Efstaleiti. Fram koma Kristján Jóhannsson, Raggi Bjarna, Egill Ólafsson, Þorgeir Ástvaldsson, Íris Guðmundsdóttir og Geir Ólafsson. „Það væri æðislegt ef allir þeir sem vettlingi geta valdið myndu koma," segir Geir og bætir við að það sé mikill heiður að fá að vinna með þeim tónlistarmönnum sem koma þarna fram. Miðasala á tónleikana, sem hefjast klukkan 20, fer fram í Von.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 24. mars 2010

Tónleikar

12.30 Pamela De Sensi flautuleikari og slagverksleikararnir Eggert Pálsson og Frank Aarnink flytja ný verk eftir **Elínu Gunnlaugsdóttur og Antonio Cocomazzi** á hádegistónleikum í Norræna húsinu við Sturlugötu. Einnig kemur fram á tónleikunum Guðrún Ásmundsdóttir leikkona.

20.00 Ítölsku tónlistarmennirnir **Natalia Benedetti** á klarinett og **Sebastiano Brusco** á píanó, flytja kammertónlist á tónleikum í Norræna húsið við Sturlugötu.

20.30 Í **Salnum við Hamraborg** í Kópavogi verður haldið tangókvöld helgað finnskum og íslenskum tangóum. Fram koma: Ágúst Ólafsson, söngur, Ástríður A. Sigurðardóttir, píanó, Íris Dögg Gísladóttir, fiðla, Kristín Lárusdóttir, selló, og Matti Kallio, harmónika.

20.30 Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem á efnisskránni verða verk eftir Agnar Má Magnússon. **Enginn aðgangseyrir.**

20.30 Stórsveit Suðurlands heldur tónleika á Hótel Selfoss við Eyrarveg á Selfossi. Á efnisskránni verða hefðbundin swinglög, samba og funk. Sérstakur gestur tónleikanna er Raggi Bjarna.

21.00 Villi Naglbítur og Andrea Gylfadóttir koma fram ásamt hljómsveit á tónleikum á Café Rosenberg við Klapparstíg.

23.00 Hljómsveitirnar **OJBA RASTA** og Crackers halda tónleika á Bakkus við Tryggvagötu.

Skáld mánaðarins

17.00 Jóhann Jónsson (1896-1932) er skáld mánaðarins á Bókasafni Seltjarnarness við Eiðistorg og verður í tilefni af því opnuð sýning og flutt dagskrá.

Söngskemmtun

20.00 Söngfjelagið Góðir grannar heldur sína árlegu söngskemmtun í Sigurjónssafni, Laugarnestanga 70. Stjórnandi er Þuríður Vilhjálmsdóttir.

Afþreying

Rauðakrosshúsið að Borgartúni 25 býður upp á fjölbreytta dagskrá með fræðslu, ráðgjöf og frístundanámskeiðum. Nánari upplýsingar og dagskrá **www.raudakrosshusid.is.**

Leiðsögn

12.10 Jakob Jakobsson gengur með gestum um ljósmyndasýningu sína sem nú stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við **Tryggvagötu 15** (6. hæð). Sýningin er opin alla virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

Sýningar

Í **i8 Gallery** við Tryggvagötu 16 hefur sýningu Hreins Friðfinnssonar verið framlengt til 27. mars. Opið þri.-fös. kl. 11-17, lau. kl. 13-17.

Í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu hefur verið opnuð ljósmyndasýning Sigurgeirs Sigurjónssonar „Íslendingar". Þar stendur einnig yfir sýning á ljósmyndaverkum eftir Melkorku Huldudóttur. Opið alla daga kl. 11-17 og **enginn aðgangseyrir á miðvikudögum.**

Í Gallerí Ágúst við Baldursgötu stendur yfir sýning á verkum **Einars Garibalda Eiríkssonar. Opið mið.-lau. kl. 12-17.** Síðasti sýningardagur er laugardagur 27. mars.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Fallegar fermingargjafir

20% afsláttur af Pilgrim skartgripum

Gildir fram yfir páska

SPILUM SAMAN

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

Auglýsingasími

512 54 01

Allt sem þú þarft...

> ANCHORMAN 2 Í BIÐ

Leikarinn Will Ferrell segir að áform um gera framhaldsmynd af hinni vinsælu Anchorman hafi verið sett í salt. Ástæðan er sú að leikstjóranum Adam McKay hefur ekki tekist að bóka allan leikhópinn í verkið. Ferrell er sannfærður um að framhaldsmyndin verði að veruleika, en hann telur að erfitt verði að toppa frumgerðina frá 2004. „Myndin gæti orðið hræðileg, en ef þeir vilja borga okkur fyrir þetta, af hverju ekki?" segir Ferrell.

fólk

folk@frettabladid.is

Flytur til London

Madonna ætlar að flytja aftur til London á næstunni. Ekki er liðið ár síðan tónlistarkonan kunna yfirgaf London og settist að í New York.

Hin 51 árs Madonna flutti til New York eftir að hafa skilið við eiginmanninn Guy Ritchie. Hún á hús í Marlybone-hverfinu og ætlar að koma sér fyrir þar í sex mánuði meðan á tökum næstu kvikmyndar hennar stendur. Um er að ræða kvikmynd sem hún leikstýrir eftir sögu Játvarðs VIII. sem afsalaði sér krúnunni til að kvænast ástkonu sinni, Wallis Simpson.

AFTUR TIL LONDON Madonna kemur sér fyrir í Marlybone-hverfinu í hálft ár hið minnsta.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ys og þys á götum Austin

„Þetta gekk stórvel, það var gerður góður rómur að spilamennskunni okkar," segir Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður. Hann spilaði á fernum tónleikum með söngkonunni Ólöfu Arnalds á SWSX-tónlistarhátíðinni í Texas. Davíð segir allt hafa verið krökkt af áhugafólki um góða tónlist en í ár rakst hátíðin á við kvikmyndahátíð sem haldin var vikuna áður og var að ljúka þegar gítarleikarar og aðrir tónlistarmenn hófu innreið sína.

Fjöldi íslenskra tónlistarmanna tróð upp á hátíðinni en auk Ólafar og Davíðs spiluðu Seabear á hátíðinni, Kría Brekkan og svo Steed Lord. „Ég hitti nú eitthvað af þessu liði og þetta var mjög gaman. Þetta er auðvitað fyrst og fremst bransahátíð þar sem allir eru að reyna að koma sér á framfæri," segir Davíð en hátt í tvö þúsund tónlistarmenn og hljómsveitir koma fram á þessari hátíð.

Davíð hreifst af Austin og segir þetta ákaflega umburðarlynda borg af Texas-borg að vera. Þarna gangi ekki allir um með kúrekahatt og skammbyssu. „Karlmenn mega allavega standa þétt saman án þess að vera handteknir fyrir samkynhneigð. Við Mugison spiluðum reyndar á annarri tónlistarhátíð þarna fyrir tveimur árum, um svipað leyti og Ísland hrundi, og hún var miklu afslappaðri. Þetta var svolítið mikill asi." -fgg

GÓÐAR STUNDIR Davíð Þór og aðrir íslenskir tónlistarmenn áttu góðar stundir á tónlistarhátíðinni SXSW í Austin, Texas.

2.050.0

ÞÚ TALDIR RÉTT:
2 MILLJARÐAR OG
50 MILLJÓNIR KRÓNA

Fíton/SÍA

OJBA RASTA Spila döbb, eða öllu heldur dufl. MYND/LEÓ STEFÁNSSON

Systkini spila döbb

Hljómsveitin Ojba Rasta er níu manna döbb-hljómsveit sem spilar á Bakkusi í kvöld. Í bandinu eru fjögur alsystkini, Unnur, Valgerður, Gylfi og Arnljótur Sigurðarbörn. Gylfi og Arnljótur hafa líka spilað með Berndsen. „Við byrjuðum að spila tökulög fyrst en svo nenntum við því ekki, nú er allt frumsamið," segir Arnljótur. „Þetta er þykkt, hefí, hægt og kraftmikið. Mikið brass og smá bíómyndaáhrif á köflum."

Döbb er ósungin reggí-tónlist, hnausþykk og víruð. Arnljótur segir að bandið hafi pælt í því að kalla músíkina dufl, en það nái ekki alveg meiningunni. Hann er mikill reggí-áhugamaður. „Ég kynntist þessari músík í gegnum kunningja minn fyrir löngu og svo varð ég eiginlega alveg sjúkur. Safna plötum og hef lesið allt sem ég get um jamaíska tónlist. Ég er aðeins búinn að slaka á gagnvart þessu að undanförnu því á tímabili var þetta bara orðið of mikið. Ég hef ekki komið til Jamaíka enn þá, en margoft í huganum."

Auk Ojba Rasta kemur hljómsveitin Crackers fram, en Crackers, sem er fjögurra manna, spilar líka döbb-tónlist. Meðlimir bandanna eru partur af hópnum History Sounds, en hann er hugsaður sem þak yfir allt sem viðkemur döbbmenningu á Íslandi. History Sounds hefur haldið nokkur tónlistarkvöld undanfarið við góðar undirtektir. Í lok tónleikanna munu bæði böndin hjálpast að svo úr verður 12 manna döbbstórsveit. Kvikmyndin Rockers verður sýnd áður en böndin byrja, en þetta er mögnuð heimildarmynd um lífið í fátækari hverfum Kingston, höfuðborg Jamaíka. Bíóið hefst kl. 21 en böndin byrja að spila kl. 23. Frítt er inn en tekið er við frjálsum framlögum.

- drg

Allir elska ...

Þýdd á yfir 180 tungumál



Litli prinsinn loksins kominn aftur!

Ein ástsælasta barnabók allra tíma, prýdd fjölda litmynda eftir höfundinn, Antoine de Saint-Exupéry.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

200.000.000
+1.850.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 200 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.850 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

SAMBÍÓIN





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
BOUNTY HUNTER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
BOUNTY HUNTER	kl. 8 - 10:20	LUX
THE BLIND SIDE	kl. 5:20 - 8 - 10:40	10
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 5:40(3D)	L
ALICE IN WONDERLAND	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
THE REBOUND	kl. 8 - 10:20	L
BROTHERS	kl. 10:20	12
BROTHERS	kl. 5:50	LUX
VALENTINE 'S DAY	kl. 8	L
BJARNFREÐARSON	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
THE LOVELY BONES	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
THE BLIND SIDE	kl. 5:50D - 8:10D	10
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 5:50(3D) - 8:10(3D) - 10:30(3D)	L
SHUTTER ISLAND	kl. 10:30	12

SAMBÍÓIN SELFOSSI		
LEGION	kl. 8	16
SHUTTER ISLAND	kl. 10:20	16
BROTHERS	kl. 8	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 10:20	14

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
ALICE IN WONDERLAND - 3D	kl. 8 (3D)	L
AVATAR - 3 D	kl 10:20 (3D)	10
THE BLIND SIDE	kl. 8	10
INVICTUS	kl 10:20	L

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
BOUNTY HUNTER	kl. 5.30 - 8 - 10.25	7
BOUNTY HUNTER LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.25	7
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.30	12
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.40	10
SHUTTER ISLAND	kl. 8	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5 - 8	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3.45 íslenskt tal	L
AVATAR 3D	kl. 4.40 Síðustu sýningar	10

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
LOVELY BONES	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
DAYBREAKERS	kl. 8 - 10.15	16
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.30	10
PRECIOUS	kl. 5.30 - 8	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 10.30	14
MAMMA GÓGÓ	kl. 6 Síðustu sýningar	L

facebook.com/smarabio
ÁÐÐÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
BOUNTY HUNTER	kl. 6 - 8 - 10.10	7
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.10	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 6	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
DAYBREAKERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.10	10
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
NIKULÁS LITLI	kl. 6	L

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
BOUNTY HUNTER	kl. 5.45, 8 og 10.10	7
GREEN ZONE	kl. 5.45, 8 og 10.10	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 8 og 10	16
IT'S COMPLICATED	kl. 5.45	12

Friðrik Þór flottur í New York

Íslenska heimildarmyndin A Mother's Courage eftir Friðrik Þór Friðriksson var frumsýnd í höfuðstöðvum bandaríska sjónvarpsrisans HBO í New York á mánudagskvöldið. Spjallþáttastjórnandinn Rosie O'Donnell stal eilítið senunni.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá keypti HBO sýningarréttinn að Sólskinsdrengnum og fer myndin í almenna dreifingu í byrjun apríl undir nafninu A Mother's Courage: Talking Back to Autism. Fyrirtækið hélt sérstaka viðhafnarsýningu í höfuðstöðvum sínum þar sem bandarískir fjölmiðlar tóku spjallþáttastjórnandann Rosie O'Donnell tali. Hún kom myndinni í fyrirsagnir allra helstu dægurmálamiðla því hún lýsti því yfir að hún hygðist byrja með nýjan spjallþátt árið 2011.

Kate Winslet sá sér hins vegar ekki fært að mæta en hún er sögumaður í enskri útgáfu myndarinnar. Nýlega var tilkynnt að hún og eiginmaður hennar, Sam Mendes, væru að skilja og í breska blaðinu Daily Mail kom fram að hún væri leið yfir því að geta ekki verið viðstödd þessa viðhafnarfrumsýningu. „Hún var búin að lofa Friðriki Þór að koma en treysti sér ekki til að horfast í augu við fjölmiðla og svara spurningum um hjónaband sitt," hefur Daily Mail eftir heimildarmanni sínum.

freyrgigja@frettabladid.is

Margrét Dagmar, mamma sólskinsdrengsins Kela, Rosie O'Donnell, Friðrik Þór og Jackie Glover, varaforstjóri heimildarmyndadeildar HBO, voru að vonum glöð með daginn.
NORDICPHOTOS/GETTY

Kristín Ólafsdóttir, eiginkona Björgólfs Thors Björgólfssonar, er ein af framleiðendum myndarinnar. Hér er hún ásamt Margréti Dagmar Ericsdóttur.

Sigur Rósar-strákarnir Kjartan Sveinsson og Orri Páll Dýrason voru viðstaddir frumsýninguna en hljómsveitin á nokkur lög í myndinni sem hafa vakið verðskuldaða athygli.

Vel fór á með Óskarsverðlaunahafanum Keith Carradine og Friðriki Þór fyrir sýningu myndarinnar en Keith lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni Fálkar eftir Friðrik.

AÐ KOMAST TIL MANNS

Í *Merg málsins* er fjallað um liðlega 9000 orðatiltæki, notkun þeirra, uppruna og sögu. Vandfundið er annað eins safn dæma um fjölbreytni tungmálsins og umhverfið sem það er sprottið úr.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

GÓÐ OG GAGNLEG FERMINGARGJÖF

THE BODY SHOP™

Fermingargjafir með 30% afslætti

Í Body Shop fæst mikið úrval fermingargjafa og um þessar mundir gefum við 30% afslátt af verði þessara þriggja veglegu gjafa auk afsláttar af verði gjafakorts:

"Japanese cherry blossom"

-gjafakassi inniheldur þrjár vörutegundir með himneskum "Japanese cherry blossom"-ilmi: Sturtugel (250ml), húðnæringu (250ml) og hörundsúða (100ml) auk "Love"-varagloss og "Super volume"-augnháralits

Verð nú: 6330 kr.
með 30% afslætti
Verð áður: 9050 kr.

"Love etc..."

-gjafakassi inniheldur þrjár vörutegundir með rómantískum "Love etc..."-ilmi: Sturtugel (200ml), húðnæringu (200ml) og ilmvatn (50ml) auk "Love"-varagloss og "Divide & multiply"-augnháralits

Verð nú: 7390 kr.
með 30% afslætti
Verð áður: 10640 kr.

Vanillugjafakarfa

Inniheldur þrjár vörutegundir með sætum vanilluilmi: Sturtugel (200ml), húðnæringu (200ml) og ilmvatn (30ml) auk "Love"-varagloss, "Divide & multiply"-augnháralits og baðhanska

Verð nú: 6590 kr. með 30% afslætti
Verð áður: 9440 kr.

Sérstakt fermingartilboð!

Um þessar mundir bjóðum við **30% afslátt** af verði 10.000 kr. gjafakorts frá The Body Shop sem ætlað er til fermingargjafar, þ.e. greiddar eru 7.000 kr. fyrir slíkt gjafakort sem einungis er selt í verslunum The Body Shop.

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

> Miðnæturleikur við Mexíkó

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætir HM-liði Mexíkó í nótt í vináttulandsleik í Charlotte í Norður-Karólínuríki Bandaríkjanna. Leikurinn verður í beinni útsendingu hjá Stöð 2 Sport og hefst útsending kl. 23.50 í kvöld. Búið var að selja rúmlega 60.000 miða á leikinn í gær en Bank of America-völlurinn tekur 72.500 manns í sæti. Líkt og hjá íslenska landsliðinu, er leikmannahópur Mexíkó skipaður leikmönnum sem leika í sínu heimalandi en íslenskur strákarnir hituðu upp með því að vinna 2-0 sigur á Færeyjum í Kórnum á sunnudaginn.

sport
sport@frettabladid.is

KR-INGURINN BRYNJAR ÞÓR BJÖRNSSON: VALINN BESTUR Í SÍÐARI HLUTA ICELAND EXPRESS-DEILDAR KARLA

Mjög feginn að við skyldum fá Pavel í KR

KKÍ veitti í gær verðlaun fyrir síðari hluta Iceland Express-deildar karla. KR-ingurinn Brynjar Þór Björnsson var valinn besti leikmaðurinn og Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, var valinn besti þjálfarinn.

Keflvíkingurinn Gunnar Einarsson var valinn dugnaðarforkurinn og Sigmundur Már Herbertsson besti dómarinn. Stuðningsmenn Snæfells voru síðan valdir þeir bestu.

Einnig var valið úrvalslið síðari hlutans og það skipa ásamt Brynjari þeir Pavel Ermonlinskij KR, Hörður Axel Vilhjálmsson Keflavík, Christopher Smith Fjölni og Hlynur Bæringsson Snæfelli.

„Það hefur gengið frábærlega hjá mér seinni hlutann og samstarfið við Pavel verið frábært," sagði Brynjar Þór en hann hefur

blómstrað sérstaklega eftir að Pavel Ermolinskij kom í lið KR í stað Semaj Inge. „Það er allt annað að vera með evrópskan leikstjórnanda. Ég er feginn að við fengum alvöru leikstjórnanda í stað einhvers leikmanns sem á að vera að skora 30 stig í leik. Þá hefði ég aldrei blómstrað og ekki sýnt mönnum hvað ég get," sagði Brynjar Þór sem skoraði tæplega 29 stig að meðaltali í leik í síðari hlutanum.

„Ég hef aldrei spilað svona vel á Íslandi og þetta er það langbesta sem ég hef sýnt. Nú er bara að halda dampi og vera jafngóður í úrslitakeppninni," segir Brynjar en KR mætir ÍR í átta liða úrslitum úrslitakeppninnar. „Við erum minnugir hvernig fór gegn ÍR fyrir tveim árum og ætlum ekki að láta það endurtaka sig."

ÚRSLIT

IE-deild kvenna:

Hamar-Keflavík 93-81 (45-46)
Stig Hamars: Julia Demirer 39 (18 fráköst), Koren Schram 19, Kristrún Sigurjónsdóttir 14 (10 stoðsendingar, 6 fráköst), Guðbjörg Sverrisdóttir 8 (8 fráköst, 5 stoðsendingar), Fanney Lind Guðmundsdóttir 7, Sigrún Ámundadóttir 4, Hafrún Hálfdánardóttir 2.
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 28 (9 fráköst), Svava Ósk Stefánsdóttir 23, Kristi Smith 11, Bryndís Guðmundsdóttir 7, Rannveig Randversdóttir 6, Hrönn Þorgrímsdóttir 3, Marín Rós Karlsdóttir 2, Pálína Gunnlaugsdóttir 1.
Hamar vann einvígið 3-2 og mætir KR í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn.

N1-deild kvenna:

FH-Fram 23-27 (9-17)
Mörk FH: Heiðdís Rún Guðmundsdóttir 8, Ragnhildur Guðmundsdóttir 7, Birna Íris Helgadóttir 4, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 2, Margrét Ósk Aronsdóttir 1, Hafdís Kristínardóttir 1.
Mörk Fram: Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 5, Karen Knútsdóttir 5, Ásta Birna Gunnarsdóttir 5, Pavla Nevarilova 5, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Hildur Þorgeirsdóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 1, Anna Gunnlaug Friðriksdóttir 1, Eva Hrund Harðardóttir 1.

Enska úrvalsdeildin:

West Ham-Wolves 1-3
0-1 Kevin Doyle (28.), 0-2 Ronald Zubar (58.), 0-3 Matthew Jarvis (61.), 1-3 Guillermo Franco (90.+3)

Enska B-deildin:

Bristol City-Barnsley 5-3
Emil Hallfreðsson spilaði fyrstu 72 mínúturnar.
Ipswich-Plymouth 0-2
Kári Árnason gat ekki leikið með Plymouth vegna meiðsla.

Þýska úrvalsdeildin:

Flensburg-Hamburg 25-29
Alexander Petersson skoraði 4 mörk.
Rhein Neckar Löwen-Dormagen 37-24
Ólafur Stefánsson og Snorri Steinn Guðjónsson skoruðu báðir 2 mörk í leiknum.

SÍÐASTI LEIKURINN? Gianfranco Zola, stjóri West Ham. MYND/GETTY IMAGES

Úlfarnir unnu á Upton Park:

Fimmta tap West Ham í röð

FÓTBOLTI Gianfranco Zola, stjóri West Ham, stjórnaði líklega sínum síðasta leik hjá félaginu þegar liðið tapaði 1-3 á móti Wolves í sex stiga leik í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Þetta var fimmta tap West Ham í röð.

Kevin Doyle kom Wolves í 1-0 á 28. mínútu leiksins og þannig var staðan í hálfleik. Ronald Zubar og Matthew Jarvis gerðu síðan út um vonir West Ham með tveimur mörkum með þriggja mínútna millibili á 58. og 61. mínútu. Guillermo Franco minnkaði muninn fyrir West Ham

West Ham situr nú í síðasta örugga sætinu í deildinni, þremur stigum á undan Burnley og Hull sem koma í næstu sætum. Hull á leik til góða og getur því náð West Ham að stigum. - óój

Hamarskonur í úrslitin

Hamar vann 93-81 sigur á Keflavík í oddaleik liðanna í undanúrslitum Iceland Express-deildar kvenna í Hveragerði í gærkvöldi. Keflavíkurliðið réði ekki við Juliu Demirer sem var með 39 stig og 18 fráköst í leiknum.

KÖRFUBOLTI Hamarskonur brutu blað í sögu Hveragerðis þegar þær tryggðu sér sæti í lokaúrslitum Iceland Express-deildar kvenna í gærkvöldi eftir 93-81 sigur á Keflavík í hreinum úrslitaleik liðanna í Hveragerði. Hamar fór á útivöll í stöðunni 1-2 fyrir Keflavík en kom til baka og vann tvo síðustu leikina í einvíginu. Hamar mætir KR í lokaúrslitunum og fyrsti leikurinn er á laugardaginn.

„Við erum stolt af því að vera komin í úrslitin í fyrsta skiptið í sögu Hamars," sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars. „Það var mjög erfitt að tapa þessum þriðja leik þar sem þær vinna okkur í framlengingu, við vorum að spila vel í sókninni en ekki nógu vel varnarlega. Þær vinna okkur á flautukörfu og við notuðum þetta tap til að undirbúa okkur. Stelpurnar komu dýrvitlausar í leik fjögur og mættu líka mjög tilbúnar í þennan leik," sagði Ágúst.

Hamarsliðið virtist vera að taka upp þráðinn frá því í fjórða leiknum þegar liðið komst í 11-2 og 19-8 í upphafi leiks þar sem liðið leitaði hvað eftir annað til Juliu Demirer sem skoraði fjórtán stig í fyrsta leikhluta.

Birna Valgarðsdóttir kveikti í Keflavíkurliðinu með baráttu sinni og áræðni, átti þátt í fyrstu fjórum körfum liðsins og skoraði 6 stig þegar Keflavík breytti stöðunni úr 19-8 í 19-18 á stuttum kafla.

Hamar var 23-20 yfir eftir fyrsta leikhlutann og komst í 30-23 í upphafi annars en þá kom annar góður sprettur gestanna þar sem Birna fékk góða hjálp frá Svövu Ósk Stefánsdóttur sem skoraði sex stig þegar Keflavík breytti stöðunni úr 33-29 í 35-37. Liðin skiptust á að hafa forustuna út hálfleikinn en Keflavík var 46-45 yfir í hálfleik.

NÁLÆGT ÞRENNUNNI Kristrún Sigurjónsdóttir lék vel með Hamarsliðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Birna Valgarðsdóttir skoraði 20 stig í fyrri hálfleik og var hreinlega óstöðvandi.

Líkt og í byrjun leiks byrjaði Hamarsliðið seinni hálfleikinn af krafti og var komið í 54-48 og 64-54 áður en sex stig frá Svövu Ósk Stefánsdóttur á 15 sekúndum minnkuðu munninn aftur niður í fjögur stig. Julia Demirer átti hins vegar lokaorð leikhlutans þegar hún kom Hamar í 66-60 með sínu ellefta og tólfta stigi í leikhlutanum og var því komin með 30 stig.

Hamarsliðið hélt frumkvæðinu út leikinn og síðasta von gestanna fór þegar Birna Valgarðsdóttir fékk sína fimmtu villu en Birna gaf allt í þennan leik og átti sannkallaðan stórleik. Hamar vann að lokum með tólf stiga mun, 93-81.

Julia Demirer átti enn einn stórleikinn og var með 39 stig og 18 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir spilaði mjög vel fyrir liðið og þá átti Koren Schram sinn besta leik í einvíginu, því hún skoraði ekki aðeins 19 stig heldur hélt aftur af Kristi Smith sem átti mjög erfitt uppdráttar í leiknum.

Birna Valgarðsdóttir átti frábæran leik og Svava Ósk Stefánsdóttir svaraði kallinu því hún kom í fyrsta sinn inn í byrjunarliðið og skoraði 23 stig. Aðrir lykilmenn liðsins voru langt frá sínu besta og því verður Keflavík í fyrsta sinn í sögunni ekki með í tveimur lokaúrslitum í röð í kvennakörfunni.

ooj@frettabladid.is

SEKT Fjölnir og Þróttur skiluðu fjárhagsgögnum of seint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Efstu deildir karla í fótbolta:

Öll félög komin með leyfi

FÓTBOLTI Leyfisráð Knattspyrnusamband Íslands samþykkti á fundi sínum í gær allar átta leyfisumsóknir félaganna sem var gefinn vikufrestur til að ganga frá útistandandi atriðum á fyrri fundi ráðsins fyrir viku.

Sextán félögum var veitt þátttökuleyfi í síðustu viku en í gær bættust hin átta félögin í hópinn, þrjú félög úr 1. deild karla og fimm félög úr Pepsi-deild karla.

Þremur félögum, Keflavík, Selfoss og Fjarðabyggð, er veitt þátttökuleyfi með ákveðnum fyrirvörum um mannvirkjamál. Keflavík þarf meðal annars að setja upp 500 sæta áhorfendaaðstöðu við Njarðvíkurvöll þar sem liðið spilar á meðan það er verið að leggja nýtt gras á Keflavíkurvöll.

Tvö félög, Fjölnir og Þróttur, verða sektuð vegna dráttar á skilum á fjárhagslegum gögnum og eitt félag, Haukar, fær áminningu þar sem krafa um aðstoðarþjálfara meistaraflokks og menntun hans er ekki uppfyllt. Breiðablik og ÍBV var veitt þátttökuleyfi án athugasemda. - óój

Sigurður Ragnar Eyjólfsson valdi Mist Edvardsdóttur í stað Ernu Sigurðardóttur sem sleit krossbönd í fjórða skiptið:

Ótrúlegt ef hún myndi ekki hætta núna

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson kvennalandsliðsþjálfari hefur orðið að gera breytingu á landsliðshópi sínum fyrir leikina á móti Serbíu og Króatíu í undankeppni HM. Það er nefnilega orðið staðfest að Erna Björk Sigurðardóttir sleit krossbönd í hné í fjórða skiptið á ferlinum.

„Þetta er sorglegt því hún er frábær karakter og frábær leikmaður bæði í liði Breiðabliks og hjá okkur í landsliðinu," segir Sigurður Ragnar. Erna Björk hafði fyllt í skarð Guðrúnar Sóleyju Gunnarsdóttur í miðvarðarstöðunni við hlið fyrirliðans Katrínar Jónsdóttur. Guðrún hefur ekkert getað verið með landsliðinu frá því á EM í Finnlandi.

Sigurður Ragnar hefur kallað á KR-inginn Mist Edvardsdóttur inn í hópinn. Mist fær ekki mikinn tíma til að undirbúa sig því liðið fer út í fyrramálið.

„Við vorum í því að finna hafsent því Gunna er frá um óákveðinn tíma. Við lendum síðan nú í því að missa annan hafsent í Ernu og nú vona ég bara að Kata spili sem allra lengst," segir Sigurður Ragnar sem segir að mikilvægi Katrínar Jónsdóttur hafi líklega sjaldan verið meira en einmitt í dag.

„Ferillinn hennar er að styttast í annan endann en hún er ennþá að spila mjög vel fyrir okkur. það er frábært að hún sé ekki hætt því þá værum við í ennþá verri málum hvað varðar hafsentastöðuna. Við þurfum að finna tvo hafsenta og hugsa vörnina okkar svolítið upp á nýtt," segir Sigurður Ragnar og hann finnur mikið til með Ernu Björk eins og aðrir.

Á EM Í FINNLANDI Erna Björk Sigurðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

„Það myndu allir skilja það ef hún myndi vilja hætta núna. Það er ótrúlegt ef hún myndi taka einhverja aðra ákvörðun því læknisráðið er þú átt að hætta ef þú hefur slitið tvisvar sinnum," segir Sigurður Ragnar en Erna hefur nú slitið tvisvar sinnum á hvoru hné.

„Henni var ráðlagt að hætta þegar hún sleit í þriðja skiptið en hún hélt áfram og vann sig inn í A-landsliðið aftur. Það er ótrúlegur árangur og ég hafði ekki heyrt um neinn leikmann sem hafði slitið þrisvar sinnum og verið samt í A-landsliði," segir Sigurður og segir að meiðslin hafi haft mikil áhrif á íslenska hópinn.

„Því miður gerist þetta í enn eitt skiptið og það er mjög sárt fyrir hennar hönd. Það má segja að allir séu í sjokki í landsliðinu og líka í liði Breiðabliks sem er að missa lykilleikmann. Það er ekki til nein önnur sem stígur í hennar spor þar og við munum rembast við að fylla í fótsporin hennar." - óój

TIGER WOODS Keppir ekki fyrir Masters en æfir á vellinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tiger Woods:

Byrjaður að æfa á Augusta

GOLF Degi eftir að Tiger Woods veitti sín fyrstu viðtöl á árinu var hann kominn út á Augusta-golfvöllinn að æfa sig. Á þessum fræga velli fer Masters-mótið fram sem verður fyrsta mótið sem Tiger tekur þátt í síðan upp komst um framhjáhald hans í nóvember á síðasta ári.

Tiger sagði í viðtölunum að hann biði spenntur eftir því að keppa á nýjan leik og hitta strákana aftur. Hann sagðist sakna vina sinna á golfvellinum sem og að keppa.

Tiger segist ekki hafa hugmynd um hvaða móttökur hann fái frá áhorfendum en viðurkennir að vera svolítið stressaður. Hann sagðist þó vona að hann fengi einstaka klapp. - hbg

Skandall í aðsigi á Ítalíu:

Úrslitum aftur hagrætt?

FÓTBOLTI Ítalska knattspyrnusambandið hefur opnað rannsókn á 1-1 jafnteflisleik Chievo og Catania um helgina en grunur leikur á að úrslitum leiksins hafi verið hagrætt.

Alls var veðjað 2,2 milljónum evra á að leiknum myndi lykta með jafntefli. Þar af var rúmlega 240 þúsund evrum veðjað á úrslitin 1-1.

The Sun greindi frá því að breskir veðmangarar hefðu hætt að taka við veðmálum á leikinn á fimmtudegi en leikurinn fór fram á sunnudegi. Þá var menn strax farið að gruna eitthvað misjafnt.

Ítalskir veðbankar lækkuðu einnig stuðul á jafntefli þegar það dró nær leiknum. Ástæðan var óvenju mörg veðmál á jafntefli. - hbg

ASHLEY COLE Vinnur með einni skærustu rappstjörnu heims. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ashley Cole leynir á sér:

Vinnur tónlist með 50 cent

FÓTBOLTI Ashley Cole leynir á sér á ýmsan hátt og hæfileikar hans á tónlistarsviðinu hafa ekki farið hátt þó svo Cole sé nýbúinn að vinna að tónlist með 50 Cent.

Cole samdi lag með Fiddy á dögunum fyrir myndina Dead Man Running sem Cole framleiðir ásamt Rio Ferdinand.

„Ashley er flottur gaukur. Við höfum aðeins unnið tvisvar saman en hann hefur hagað sér eins og herramaður í bæði skiptin. Hann hefur mikla ástríðu fyrir tónlist og við sömdum eitt lag saman," sagði Fiddy. - hbg

HK búið að finna arftaka Gunnars Magnússonar:

Erlingur tekur við HK

HANDBOLTI Erlingur Richardsson verður næsti þjálfari karlaliðs HK en hann tekur við starfinu af Gunnari Magnússyni sem tekur við liði í Noregi í sumar.

Erlingur er vel kunnugur hjá félaginu enda er hann núverandi þjálfari kvennaliðs félagsins.

„Við erum búnir að ná munnlegu samkomulagi um þriggja ára samning. Ég geri ekki ráð fyrir að það breytist neitt," segir Alexander Arnarsson, formaður handknattleiksdeildar HK. „Hann var okkar fyrsti kostur í starfið."

Erlingur vildi lítið tjá sig um ráðninguna þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gær enda vill hann fyrst sjá að búið sé að ráða þjálfara hjá stelpunum áður en hann skrifar undir hjá strákunum.

„Mér þykir mjög vænt um stelpurnar í liðinu og vil sjá þær fá hæfan þjálfara áður en ég skrifa undir," sagði Erlingur.

Alexander staðfesti að viðræður væru þegar hafnar við þjálfara til að taka við kvennaliðinu. Kristinn Guðmundsson, sem hefur aðstoðað Erling með kvennaliðið, mun ekki taka við starfi Erlings þar. - hbg

FRÁ STELPUNUM TIL STRÁKANNA Erlingur Richardsson tekur við karlaliði HK í sumar eftir að hafa stýrt kvennaliði félagsins. Hann sést hér í leik með ÍBV fyrir nokkru síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Soccerade®

- Er byggt á Leppin Smart Energy
- Inniheldur flókin kolvetni
- Ekkert koffín, taurín eða önnur örvandi efni
- Náttúruleg litarefni
- Án Aspartam

www.soccerade.com

dagskrá

> Tim Gunn

„Við viljum klæðast á misjafna vegu eftir misjöfnum tilefnum. Við viljum misjöfn hlutföll, efni, snið, útlínur og fylgihluti. Tískan er erfið – enda myndum við annars öll líta vel út."

Gunn stjórnar tískuhönnunarkeppni ásamt ofurfyrirsætunni Heidi Klum í þáttunum Project Runway sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld kl. 20.10.

VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM TRÚLOFUNARTILKYNNINGAR

Ef þú giftist mér …

Nýr snúningur í fjölmiðlasögunni varð um liðna helgi þegar kunn líkamsræktarkona eða leikfimiskennari batt trúss sitt við vígaglaðan boðbera ljóssins, trúfrömuð og sjálfstæðismann. Tilkynningin fór sem lok yfir akur á blöðum fésbókarinnar og í fyrradag var parið mætt í sjónvarpsviðtal þar sem það var spurt spjörunum úr. Nú þekkist það að Nonni og Gunna láta vita af fyrirhuguðum ráðahag sínum á fésbókinni og er ekki nýmæli, ef litið er til fyrri tíma: í fjölmiðlum fyrri daga var tilkynnt um trúlofanir, rétt eins og giftingar, skírnir, fæðingar og jarðarfarir á prenti með tilheyrandi titlum. Það sést enn í íhaldssamari blöðum vesturálfu. Fyrir þann tíma var lýst trúlofun með opinberum hætti fyrir kirkjudyrum þar sem fjölmenni var samankomið. Opinberun Jónínu Benediktsdóttur og Gunnars Þorsteinssonar er því í gömlum aflögðum stíl og allt er gott og blessað með það.

Skýringar þeirra hjóna, sem Jónína lýsti í viðtalinu að bæru hjónasvip, var sú að þau væru opinberar persónur. Víst kunna þau að vera það þótt ferill þeirra hafi mér alltaf þótt lítið áhugaverður, vakningasamkomur og lóðalyftur eru einfaldlega ekki intresant. Aftur hefur lengi mátt lesa um framgöngu þeirra á ýmsum sviðum í ólíkum fjölmiðlum og þá helst einkalífspartinn sem fólk hefur lengið kjamsað á eins og hundar gera með bein, ekki af hungri heldur frekar leik. Yfirlýsingar þeirra verður því að skoða í besta falli sem nauðvörn, einhvers konar sólvörn fyrir skini birtu athyglinnar. Fyrir okkur sem viljum sem minnst af þeim hjónaleysum vita hlýtur það að horfa til bóta að þau vilji nú fá að vera í kærum friði með einkalíf sitt. Megi sú ósk þeirra og von okkar rætast.

MIÐVIKUDAGUR

▶ **19.35 Tottenham – Fulham, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.20 Bráðavaktin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Grey's Anatomy** STÖÐ 2

▶ **21.05 Britain's Next Top Model** SKJÁREINN

▶ **21.50 Modern Family** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.05 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Einu sinni var... - Maðurinn (e)
18.00 Disneystundin
18.01 Fínni kostur (24:35)
18.23 Sígildar teiknimyndir
18.30 Finnbogi og Felix (10:26)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasyrpan og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.
21.05 Kiljan Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Alexander Mynd um líf fatlaðs drengs sem heitir Alexander Viðar Pálsson, fjölskyldu hans og vini.
22.55 Færeyska veikin (Den færøske syge) Dönsk heimildamynd. Tuttugasti hver Færeyingur er haldinn ólæknandi arfgengum sjúkdómi. Börn foreldra sem báðir eru með sjúkdóminn verða sjaldnast langlíf því að engin lyf eru til við veikinni.
23.25 Kastljós (e)
00.05 Fréttir (e)
00.15 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.10 Epic Movie
08.00 Made of Honor
10.00 The World Is Not Enough
12.05 101 Dalmatians
14.00 Made of Honor
16.00 The World Is Not Enough
18.05 101 Dalmatians
20.00 Epic Movie Grínmynd þar sem gert er grín að vinsælum kvikmyndum.
22.00 Fracture
00.00 Goodfellas
02.20 Good Night, and Good Luck
04.00 Fracture
06.00 Strictly Sinatra

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Litla risaeðlan, Ruff's Patch, Nornafélagið og Ævintýri Juniper Lee.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Auddi og Sveppi
11.00 Lois and Clark: The New Adventure (5:21)
11.45 Gilmore Girls (11:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Ally McBeal (23:23)
13.45 Sisters (24:28)
14.35 E.R. (13:22)
15.20 Njósnaskólinn
15.45 Barnatími Stöðvar 2 Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Nornafélagið og Ruff's Patch.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (15:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (9:19)
19.45 How I Met Your Mother (9:22)
20.10 Project Runway (4:14) Heidi Klum og Tim Gunn stjórna tískuhönnunarkeppni þar sem ungir og upprennandi fatahönnuðir takast á við fjölbreyttar áskoranir.
▶**21.00 Grey's Anatomy** (14:24) Vinsæll dramaþáttur sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalans þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
21.50 Ghost Whisperer (9:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.
22.35 Goldplated (1:8)
23.25 Réttur (2:6)
00.15 The Closer (12:15)
01.00 E.R. (13:22)
01.45 Sjáðu
02.15 Privat Moments
03.35 Grey's Anatomy (14:24)
04.20 Ghost Whisperer (9:23)
05.05 The Simpsons (15:23)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

07.00 Flensburg - Hamburg Útsending frá leik í þýska handboltanum.
17.20 Grosswallstadt - Gummersbach Útsending frá leik í þýska handboltanum.
18.40 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
▶**19.35 Tottenham - Fulham** Bein útsending frá endurteknum leik Tottenham og Fulham í ensku bikarkeppninni.
21.45 Barcelona - Osasuna Útsending frá leik í spænska boltanum. Leikurinn er sýndur bein á Sport 3 kl. 18.55.
23.25 Bestu leikirnir. ÍA - KR 30.07.03 Íslandsmótið 2003 er eitt mest spennandi Íslandsmót seinni ára en þá áttu lengi vel fjögur lið möguleika á titlinum. Tvö þessara liða voru ÍA og KR og þessir erkifjendur mættust á Akranesi í frábærum leik.
23.50 Mexíkó - Ísland Bein útsending frá vináttulandsleik.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 West Ham - Wolves Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
15.20 Wigan - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.00 West Ham - Wolves Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.40 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
19.35 Man. City - Everton Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.40 Portsmouth - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
23.20 Aston Villa - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.
01.00 Blackburn - Birmingham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.15 7th Heaven (4:22)
17.00 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
17.45 Innlit/ útlit (9:10) (e)
18.15 Nýtt útlit (4:11) (e)
19.05 America's Funniest Home Videos (33:50) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
19.30 Fréttir
19.45 Matarklúbburinn (2:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti.
20.15 Spjallið með Sölva (6:14) Viðtalsþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti.
▶**21.05 Britain's Next Top Model** (9:13) Raunveruleikaþáttaröð þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu. Aðalmyndataka vikunnar er endurgerð á frægri mynd af Kate Moss sem ljósmyndarinn Terry O'Neill tekur en hann tók einmitt upprunalegu myndina.
21.55 The L Word (9:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Endurkoma Helenu kemur sér vel fyrir Kit, Jodi kemur Bette á óvart og Alice hefur áhyggjur af því hvað Tasha ætlar að taka sér fyrir hendur
22.45 Jay Leno Gestur Jay Leno er söngkonan Janet Jackson.
23.30 CSI: Miami (20:25) (e)
00.20 Fréttir (e)
00.35 Premier League Poker (e)

INN

20.00 Kokkalíf Landsliðskokkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.
20.30 Heim og saman Þórunn Högnadóttir kemur ótrúlegustu hlutum heim og saman
21.00 Alkemistinn Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningarauglýsingamál til mergjar
21.30 Óli á Hrauni Þorsteinn Pálsson er væntanlegur í heimsókn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.35

Goldplated

Bresk þáttaröð í anda Footballer's Wives og Mile High. Hér er sagt frá skrautlegu lífi ungra glæsikvenna sem hafa þau einu framtíðaráform að gifta sig til fjár. En það sem verra er að þær kæra sig kollóttar um hvaðan auður nýju herranna kemur.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Spjallið með Sölva

Skjár einn kl. 20.15

Viðtalsþáttur í beinni útsendingu í umsjón Sölva Tryggvasonar. Gestir hans í kvöld eru leikararnir Björn Hlynur Haraldsson og Nína Dögg Filippusdóttir sem ætla að ræða um kvikmyndina Kóngavegur en hún verður frumsýnd á föstudaginn. Einnig mæta til Sölva hjónakornin nýgiftu, Jónína Benediktsdóttir og Gunnar Þorsteinsson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Tríó
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Orð skulu standa
14.03 Tónleikur
15.03 Útvarpssagan: Brúin á Drinu
15.25 Seiður og hélog
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Pílagrímur í hafi
21.10 Út um græna grundu
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Bak við stjörnurnar
23.10 Ellismellir
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Falcon Crest (8:18) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

18.35 Seinfeld (18:24) Georg kemst að því sér til mikillar gleði að hann á enn flest stig í skólaleiknum frá því hann var í framhaldsskóla. Rraðmorðingi þvingar Jerry í nýtt samband.

19.00 The Doctors

19.45 Falcon Crest (8:18)

20.35 Seinfeld (18:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶**21.50 Modern Family** (8:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.

22.15 Bones (7:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

23.00 Entourage (8:12) Fimmta þáttaröðin um Vincent og félaga og framabrölt þeirra í Hollywood.

23.25 Dirty Tricks

00.10 Fréttir Stöðvar 2

01.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.25 Absolutely Fabulous **12.55** Absolutely Fabulous **13.25** Absolutely Fabulous **13.55** Jonathan Creek **14.45** Dalziel and Pascoe **15.30** Robin Hood **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Lab Rats **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** My Hero **19.00** Benidorm **19.25** The Inspector Lynley Mysteries **20.10** Holby Blue **21.00** Benidorm **21.25** Robin Hood **22.10** Jonathan Creek **23.00** Holby Blue **23.50** The Inspector Lynley Mysteries

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **13.00** Ha' det godt **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne **15.55** Chiro **16.05** Tagkammerater **16.15** Den fortryllede karrusel **16.30** Min farfars rekordbog **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt med SAS liga **21.00** Mord på hjernen **22.35** Onsdags Lotto **22.40** Drabet i Kaktushuset **23.10** OBS **23.15** Boogie Mix

NRK 1

12.10 Urix **12.30** Mat med Anne **13.00** Mesternes mester **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Kampen om Norge **19.35** Billedbrev fra Latin-Amerika **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Mesternes mester **23.45** Topp ti - Melodi Grand Prix

SVT 1

12.05 Bubblan **12.35** Det kungliga bröllopet **13.35** Bara Bea **15.00** Rapport **15.05** Konståkning. VM **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Andra Avenyn **20.45** Trapper happy tv **21.00** True Blood **21.55** Konståkning. VM **22.55** Skavlan **23.55** Mästarnas mästare



BARNATRYGGING SJÓVÁ
- fyrir það verðmætasta sem við eigum

Barnatrygging Sjóvá er sniðin að hagsmunum barna og fjölskyldna þeirra. Barnatrygging er í senn sjúkdóma-, örorku- og slysatrygging fyrir barnið auk þess sem hún bætir fjölskyldunni upp tekjumissi og ófyrirséðan kostnað vegna veikinda. Barnatrygging er fyrir börn á aldrinum sex mánaða til átján ára.

Fáðu nánari upplýsingar um Barnatryggingu í útibúum og hjá umboðsmönnum Sjóvá um allt land og á sjova.is.

SJÓVÁ

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég hlusta voðalega mikið á Gullbylgjuna ef ég hlusta á eitthvað í útvarpinu. Svo er ég með slökunarmúsík, til dæmis með Friðriki Karlssyni, því þetta er snyrtistofa.“

Bergdís Þóra Jónsdóttir snyrtifræðingur.

Hera fær ókeypis Eurovision-myndband

„Nemendur og starfsfólk felldu eiginlega bara tár yfir þessum fréttum, að Hera gæti ekki gert tónlistarmyndband og ákváðu bara að ráðast í gerð slíks myndbands,“ segir Elísabet Bjarkardóttir, framkvæmdastjóri Kvikmyndaskóla Íslands. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá ákváðu þau Hera Björk og Örlygur Smári að gera ekki myndband við Eurovision-framlag Íslands, Je ne sais quoi, eins og háttur hefur verið á undanfarin tólf skipti. Ástæðan var einfaldlega peningaleysi. En nú hafa nemendur Kvikmyndaskólans ákveðið að koma Heru til hjálpar og gera eitt stykki tónlistarmyndband frítt.

Hera hefur verið að kenna söng við Kvikmyndaskólann og vildu nemendurnir ólmir þakka henni kærlega fyrir góða kennslu. Elísabet segir enn ekki komið ljós hvenær myndbandið verði gert. „Það verður tekin ákvörðun um það á fundi klukkan hálf fimm í dag [gær] og kannski byrjum við bara strax eða á morgun [í dag],“ segir Elísabet.

Hera var að vonum himinlifandi þegar Fréttablaðið flutti henni þessar fréttir.

„Guð minn góður, þetta er yndislegt, vá, geðveikt, ég er bara orðlaus,“ sagði Hera. „Ég ætla að skála í hvítvíni fyrir þeim. Við finnum eitthvað skemmtilegt út úr þessu,“ bætti Hera við. - fgg

ÓVÆNT GJÖF Hera Björk fær ókeypis Eurovision-myndband frá nemendum Kvikmyndaskólans en þar hefur hún kennt söng.



LÁRÉTT
2. teikning af ferli, **6.** drykkur, **8.** temja, **9.** fljótfærni, **11.** númer, **12.** innkirtill, **14.** anda, **16.** öfug röð, **17.** fiskur, **18.** viðmót, **20.** tveir eins, **21.** treysta.

LÓÐRÉTT
1. ófá, **3.** guð, **4.** amast við, **5.** skip, **7.** úrræðis, **10.** berja, **13.** málmur, **15.** ferðast, **16.** tíðum, **19.** gyltu.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. graf, **6.** ól, **8.** aga, **9.** ras, **11.** nr, **12.** gulbú, **14.** sálar, **16.** on, **17.** ýsa, **18.** fas, **20.** tt, **21.** trúa.
LÓÐRÉTT: 1. mörg, **3.** ra, **4.** agnúast, **5.** far, **7.** lausnar, **10.** slá, **13.** blý, **15.** rata, **16.** oft, **19.** sú.

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

STEFÁN STEFÁNSSON: DYRAVERÐIR HAFA VERIÐ LEYSTIR FRÁ STÖRFUM

Þorfinnur Ómarsson sakar dyraverði um líkamsárás

Þorfinnur Ómarsson, Ástrós Gunnarsdóttir, eiginkona hans, og tveir ballettkennarar lentu í ryskingum við dyraverði Barböru fyrir utan skemmtistaðinn aðfaranótt sunnudags. Afleiðingarnar urðu þær að ein konan úr hópnum handleggsbrotnaði og framtönn í annarri brotnaði. Þorfinnur vildi lítið tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið en sagði að þau hefðu verið fórnarlömb tilefnislausrar árásar. Hann er búinn að kæra árásina og er málið nú í rannsókn hjá lögreglunni í Reykjavík.

Þorfinnur er sjálfur nokkuð laskaður en ekki brotinn. „Ég er að reyna að hrista þetta af mér. Verra þykir mér hins vegar að þeir hafi handleggsbrotið eina konu og brotið framtönn í annarri.“ Hann segist ekki vita hvað þau hafi unnið sér til saka þetta laugardagskvöld, þau hafi verið á leiðinni út af staðnum þegar árásin átti sér stað. „Þeir bjuggu til vandamálið sjálfir og ég veit eiginlega ekki hvernig á að útskýra hvernig þetta gerðist. En það er alveg skýrt að við látum þetta ekki yfir okkur ganga,“ segir Þorfinnur. Að hans sögn komu lögreglumenn á staðinn, þeir hafi þó ekki talað við nein vitni heldur tekið sögu dyravarðanna trúanlega. Hann hafi því farið með lögreglunni upp á lögreglustöð til að útskýra sitt mál. Þorfinnur vildi jafnframt koma því á framfæri að fjöldi vitna hefði orðið að árásinni og bað hann þau um að gefa sig fram við lögreglu eða hann til að auðvelda rannsókn málsins.

Skemmtistaðurinn Barbara nýtir sér þjónustu öryggisfyrirtækisins Terr sem leggur til dyraverði til móts við dyraverði frá skemmtistaðnum sjálfum. Framkvæmdastjóri Terr, Stefán Stefánsson, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann vildi hvetja aðila málsins til að kæra það til lögreglu svo hægt yrði að fá niðurstöðu í það. Hann upplýsti jafnframt að umræddir dyraverðir yrðu leystir frá störfum þangað til málið hefði verið rannsakað af lögreglunni og hafði boðað þá á fund sinn til að fara yfir það í heild sinni. Ekki náðist í Gunnar Má Þráinsson, eiganda staðarins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Annar staður í hans eigu, Batterí, brann í fyrrakvöld.

freyrgigja@frettabladid.is

MEINT LÍKAMSÁRÁS Á STAÐNUM BARBÖRU Þorfinnur Ómarsson hefur kært árásina til lögreglu en hann sakar dyraverði skemmtistaðarins Barböru á Laugavegi 22 um að hafa ráðist á sig, eiginkonu sína og tvo aðra ballettkennara að tilefnislausu aðfaranótt sunnudags. Dyraverðir frá öryggisfyrirtækinu Terr voru á vakt þetta kvöld og hafa þeir verið leystir frá störfum þar til rannsókn málsins er lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jónínu Benediktsdóttur og Gunnari Þorsteinssyni var tíðrætt um það þegar fregnir af sambandi þeirra rötuðu á síður blaðanna að þeim væri umhugað um einkalíf sitt. En nú virðast allar flóðgáttir brostnar.

Hin nýpússuðu hjónakorn mættu í viðhafnarviðtal við Ísland í dag á mánudagskvöldið eftir að hafa svarað spurningum útvarpskvennanna Heiðu Ólafsdóttur og Margrétar Erlu Maack í morgunþætti Rásar 2. Þau láta ekki þar við sitja heldur mæta til **Sölva Tryggvasonar** á Skjá einum í kvöld. Semsagt Þrjú viðtöl á þremur fyrstu hveitibrauðsdögunum.

Hvorugir aðalleikaranna í Kóngavegi verða viðstaddir viðhafnarsýningu myndarinnar í kvöld. **Gísli Örn Garðarsson** er staddur í Kólumbíu á mikilli leiklistarhátíð og Daniel Brühl er upptekinn við önnur kvikmyndaverkefni en þeir tveir prýða plakat kvikmyndarinnar. Hins vegar munu flestir meðleikarar myndarinnar mæta á svæðið.

Og eins og Fréttablaðið greindi frá um jólin ætlar Vaktar-gengið að skrifa nýja sjónvarpsseríu og hyggst hefja þá vinnu seinnipart sumars. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins renna **Jón Gnarr** og félagar hýru auga til Arnarholts þar sem eitt sinn var geðsjúkrahús.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst vann Jón þar um stundarsakir áður en leið hans lá á Kópavogshælið þar sem hann og Sigurjón Kjartansson hittust í fyrsta skipti. - fgg

Allt í mínus hjá Mínus

„Þetta er svakalegt! Það brennur allt til grunna sem maður kemur við! En við áttum síðasta tóninn þarna,“ segir Krummi í Mínus. Hljómsveitin hélt síðustu tónleikana í Batteríinu á föstudagskvöldið. Tónleikastaðurinn brann sem kunnugt er í gærmorgun. Mínus-menn skildu bassa- og gítarmagnara eftir í kjallaranum og hluta af trommusettinu því morguninn eftir tónleikana flaug bandið til Kaupmannahafnar og spilaði þar á laugardagskvöldið.

„Við hefðum eflaust verið löngu komnir heim og búnir að taka græjurnar ef við hefðum ekki verið fastir í Danmörku út af þessum bölvuðu flugvirkjum og þessu eldgosi!“ segir Krummi, allt annað en ánægður. Þegar það náðist í hann síðdegis í gær var hann ekki búinn að skoða verksummerkin og vissi hreinlega ekki hversu illa græjurnar voru farnar. „Þetta var allt í hefí dútí flight-keisum, svo þetta gæti hafa sloppið,“ segir hann. „Þarna var magnari sem Bjarni gítarleikari er búinn að eiga í 17 ár, alvöru Marshall JCM græja, svo það væri mjög slæmt ef hann væri farinn. Það munaði litlu að ég ætlaði að geyma mitt dót þarna, en sem betur fer fór ég með það heim áður en við flugum út.“ Auk dótsins hjá Mínus var magnari í eigu Gregs Barrett í DLX ATX fyrir barðinu á vatni og sóti.

Bruninn er slæmur fyrir bransann því það er ekki eins og það sé allt vaðandi í heppilegum búllum til að spila á. Grand Rokk var til að mynda lokað nýlega.

En það er ljós við enda ganganna hjá Krumma og félaga. „Sem betur fer hefur gengið frábærlega hjá okkur að semja nýju plötuna og við byrjum að taka hana upp í lok apríl,“ segir hann. - drg

BRUNNIÐ BATTERÍ Verkföll, eldgos og stórbrunar hafa dunið á Krumma og félögum í Mínus. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RICKY GERVAIS
HÖFUNDUR THE OFFICE KYNNIR

MIÐASALA HEFST
Á MORGUN KL. 10:00

Villidýr
Steinn Ármann Magnússon

Ein sýning

PÓLITÍK
DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON

TVÖFÖLD SKEMMTUN

BRAVÓ FORSALA
Í DAG KL. 10:00

Vinir Bravó á Facebook og þeir sem eru skráðir á póstlista Bravó fá sendan tengil í dag kl. 10:00 sem gerir þeim kleift að kaupa miða samstundis.

BYGGT Á VINSÆLASTA UPPISTANDI BRETLANDS FYRR OG SÍÐAR

RICKY GERVAIS KYNNIR VILLIDÝR EFTIR RICKY GERVAIS & STEIN ÁRMANN MAGNÚSSON & PÓLITÍK EFTIR RICKY GERVAIS & DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON

ÞÝÐING DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON BYGGT Á UPPISTANDSSÝNINGUM RICKY GERVAIS FRAMLEITT AF BRAVÓ & 3 SAGAS Í SAMSTARFI VIÐ BORGARLEIKHÚSIÐ HÁNDRIT DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON, STEINN ÁRMANN MAGNÚSSON & GUNNAR B. GUÐMUNDSSON

FRAMLEIÐENDUR ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON, HELGI HERMANNSSON & ÁRNI ÞÓR VIGFÚSSON LEIKSTJÓRI GUNNAR B. GUÐMUNDSSON

Frumsýnt 24. apríl í Borgarleikhúsinu | Miðasala á miði.is, í miðasölu Borgarleikhússins og í síma 568 8000

3 SAGAS

bravó!
Góðar stundir

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

FRÉTTIR AF FÓLKI

Aftur í sjónvarpið

Leikarinn **Felix Bergsson** hefur tilkynnt vinum og kunningjum að sjónvarpsþátturinn Popppunktur verði á dagskrá Ríkissjónvarpsins annað sumarið í röð. Þátturinn hóf sem kunnugt er göngu sína á Skjá einum en var snarað yfir á ríkisstöðina í fyrra við talsverðar vinsældir áhorfenda og auglýsenda. Dr. Gunni verður sem fyrr við hlið Felix í þáttunum en ekkert hefur verið ákveðið hvaða hljómsveitir verða með að þessu sinni.

Beðið eftir bókstaf

Borgarfulltrúinn **Ólafur F. Magnússon** mun leiða nýjan lista óháðra í borgarstjórnarkosningum í maílok. Ólafur sótti um listabókstafinn H fyrir mörgum vikum. Kjörstjórnin hefur hins vegar frestað því nokkrum sinnum að fjalla um málið. Skipað verður á lista framboðsins á næstunni og segir Ólafur kjarnann úr bæjarmálafélagi Frjálslynda flokksins í Reykjavík líklega fylgja sér að málum og taka sæti á væntanlegum H-lista.

Engum háður

Í takt við heiti Óháða flokksins ætlar Ólafur ekki að taka við framlögum frá neinum heldur greiða götu þess úr eigin vasa. „Borgarfulltrúar þiggja framlög frá hagsmunaaðilum upp á mörg hundruð þúsund krónur og mér vitanlega hafa þeir beinlínis gengið erinda þeirra í ýmsum pólitískum málum," segir frambjóðandinn óháði.

- hdm, jab



Mest lesið VISIR.IS

1. Gosið í allri sinni dýrð - myndir
2. Hættulegar púslmottur innkallaðar
3. Bruninn í Batteríinu - myndir
4. Geiri á Goldfinger íhugar skaðabótamál gegn ríkinu
5. Þjófar fylgdust með rýmingu vegna eldgossins

Fermingargjafir fyrir unga hestamenn

LÍFLAND
www.lifland.is

Lynghálsi 3 • Lónsbakka Akureyri